

Sigríður Ingibjörg
**DANSAR MIÐALDRA DANS**
▶32



Gunnar Tynes
**POTTAPLÖNTUR OG ELDAMENNSKA** ▶26


**Sólarsprettur**
hefst kl. 12:00 á mánudaginn

plús FERÐIR
www.plusferdir.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
25. apríl 2015
96. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014




# ÓSKIN RÆTTIST Í UPPGJÖF

**Oddný Eir Ævarsdóttir** skrifaði bók um ófrjósemi og gaf upp vonina um að eignast barn. Þremur vikum síðar var hún orðin barnshafandi.
▶24

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**BIÐIN EFTIR LUNGUM**
Ísabella Ásta Tórisson þráir að vera venjuleg stelpa. ▶28



Björk
**ÖLL LÖGIN ERU PERSÓNULEG** ▶54



**ANGIST OG EFASEMDIR**
Daníel Bjarnason um sköpunarferlið. ▶48




Til hvers að flækja hlutina?
365
LIFÐU Í NÚLLINU!
365.is | Sími 1817



Við kynnum Philips Ambilight 9000 sjónvörpin
Engin venjuleg upplifun
PHILIPS
með Android
Heimilistæki ht.is



OPIÐ
um helgina
KOLAPORTIÐ

VEÐUR




**Í dag er vetrarveður** á norðanverðu landinu með norðanátt og éljagangi, en sunnan til bjartviðri þótt þar verði kalt og hálfgert gluggaveður.

SJÁ SÍÐU 46

## GLEÐIFRÉTTIN



### Heill á húfi

Ungi drengurinn sem fluttur var þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans eftir að hafa fest í affalli í Reykdalsstíflu í Læknum í Hafnarfirði var útskrifaður af gjörgæslu í lok síðustu helgar. Hilmir Gauti náði sér fljótt.

## FIMM Í FRÉTTUM: BÚSETUÚRRÆÐI OG ÓSAMSTÍGA RÁÐAMENN



Þrettán einstaklingar á geðdeildum Landspítalans sem lokið hafa meðferð og endurhæfingu geta ekki útskrifast þar sem meðferðarúrræði skortir. **María Einisdóttir**, framkvæmdastjóri geðsviðs spítalans, segir sveitarfélög landsins brjóta lög með því að útvega fólkinu ekki húsnæði.



Lækkun skulda heimila landsins, sem hlutfall af landsframleiðslu, er sú mesta frá hruni, að því er fram kom í máli **Sigríðar Benediktsdóttur**, forstöðumanns fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka Íslands, í vikunni. Í samhengi við landsframleiðslu hafa skuldir ekki verið lægri síðan árið 2004.



**Heiðar Austmann** hefur eftir 17 ára feril í útvarpi á FM957 söðlað um og tekið við sem rekstrar- og markaðsstjóri hjá Fjörefli. „Maður er allt í einu kominn í rólegra umhverfi og þar af leiðandi meira sem kemst í gagnið,“ segir hann.



Að sögn **Björns Snæbjörnssonar**, formanns SGS, virðist fátt geta komið í veg fyrir að um 10.000 félagsmenn sambandsins leggi niður störf í næstu viku. Lítið þokaðist í vikunni og næsti fundur ekki fyrr en eftir helgi.



**Bjarni Benediktsson** fjármálaráðherra upplýsti í vikunni að ekki væri unnið að afnámi verðtryggðra lána í ráðuneyti hans, líkt og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hafði haldið fram deginum áður. Til skoðunar væri hins vegar að banna slík lán til skemmri tíma en tíu ára og setja 25 ára þak á tímalengd þeirra.



**MINNINGARATHÖFN ÆFÐ** Tyrkneskir hermenn æfðu sig í gær fyrir minningarathöfn sem haldin verður í Canakkale í dag. NORDICPHOTOS/AFP

Tyrkir halda upp á aldarafmæli frækilegs sigurs:

## Orrustunnar á Gallipoli minnst

**TYRKLAND Meðan Armenar minntust þess í gær að hundrað ár voru liðin frá því að fjöldamorðin á Armenum hófust í Tyrklandi þá voru Tyrkir að búa sig undir aðrar minningarathafnir.**

**Í Tyrklandi er þess nefnilega minnst í dag að hundrað ár eru liðin frá því orrustan á Gallipoli hófst. Þar tókust hersveitir frá Ástralíu, Nýja-Sjálandi, Bretlandi, Frakklandi og fleiri löndum á við tyrkneska herinn, sem hafði stuðning frá Þjóðverjum.**

**Átökunum lauk rúmlega átta mánuðum síðar, eftir mikið mannfall á báða bóga, með því að sveitir bandamanna hrökkluðust burt undan Tyrkjum.** - gb

# Engin ógn að leyfa dreng að heita Gests

Úrskurður mannanafnanefndar um að drengur megi ekki bera millinafnið Gests felldur úr gildi. Ekki megi ganga lengra en þörf krefji til að skerða réttinn til nafns. Móðir drengsins segir tilfinninguna dásamlega. Lögmaður segir kerfið vera gallað.

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur komst í gær að þeirri niðurstöðu að mannanafnanefnd væri óheimilt að banna foreldrum að skíra barnið sitt Gests að millinafni.

Forsaga málsins er sú að Ingi Gests Guðjónsson fæddist í júní 2013 og var skírður nafni sínu í júlí sama ár. Hann heitir í höfuðið á hálfbróður móður sinnar, sem er látinn. Sá lést fyrir aldur fram 22 ára að aldri úr alnæmi árið 1990 og var alnafni afa síns. Foreldrarnir sóttu í kjölfarið um heimild til að nota millinafnið Gests. Mannanafnanefnd hafnaði beiðninni í ágúst árið 2013.

Héraðsdómur segir að skerðing á grundvallarréttindum, líkt og réttinum til nafns, megi aldrei ganga lengra en þörf krefji. Ekki hafi verið sýnt fram á að brýna nauðsyn bæri til takmörkunar umræddrar nafngiftar, auk þess sem almannahagsmunir krefjist þess ekki. Þá taldi dómurinn að það væri ekki ógn við íslenska nafnahefð eða málkerfi íslenskrar tungu þótt drengurinn fái að bera millinafnið Gests.

Bjarnlaug Jónsdóttir, móðir Inga Gests, segist himinlifandi yfir niðurstöðunni. „Þetta er svolítið eins og að fá smá hluta af bróður mínum með nafninu einhvern veginn. Þetta er æðislegt,“ segir Bjarnlaug. Hún segir fjölskylduna ætla að halda upp á tíðindin með óformlegri nafnaveislu. „Ég keypti allavega blóm og hugsa að ég baki köku,“ segir hún létt.

Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður, sem flutti málið, segir að niðurstöðunni verði komið áfram til mannanafnanefndar og innanríkisráðuneytisins sem taki síðan ákvörðun um hvort málinu verði áfrýjað. Það liggur því ekki fyrir að svo stöddu.



**INGI GESTS** Þau mæðgin Ingi Gests Guðjónsson og Bjarnlaug Jónsdóttir með mynd af bróður Bjarnlaugar og nafna Inga Gests sem lést árið 1990. MYND/BJARNLAUG JÓNSDÓTTIR

Arnar Þór Stefánsson, lögmaður Inga Gests, segir að ríkið þurfi að fara að skoða sinn gang í þessum málaflokki. „Það hafa nú fallið dómar í þremur mannanafnamálum á undanförnum rúmum tveimur árum og öll hafa þau farið á sama veg, þann að íslenska ríkið hefur beðið lægri hlut. Þessar niðurstöður hljóta að vera hið minnsta vísbending um að eitthvað sé bogið við kerfið eins og það er.“

fanney@frettabladid.is



**Þessar niðurstöður hljóta að vera hið minnsta vísbending um að eitthvað sé bogið við kerfið eins og það er.**

*Arnar Þór Stefánsson, hæstaréttarlögmaður.*

Skipulögðu árás á Vatíkanið:

## Net vígamanna upprætt á Ítalíu

**ÍTALÍA** Ítalska lögreglan handtók fjölda manns í gær vegna meintrar tengingar við hryðjuverkanet Al-Kaída.

Rannsóknir lögreglu afhjúpuðu net hryðjuverkamanna sem hugðust gera árás á Vatíkanið. Þeir eru frá Pakistan og Afganistan. Nokkrir eru grunaðir um að hafa skipulagt sprengjuárás í Peshawar í Pakistan árið 2009.

Aðgerðir ítölsku lögreglunnar hafa staðið frá 2009. Markmiðið var að uppræta mansalshringi. - srs

Stefnt að blandaðri byggð:

## RÚV óskar eftir kauptilboði

**SKIPULAGSMÁL** Ríkisútvarpið ohf. óskar í dag eftir kauptilboðum í byggingarrétt á hluta lóðar að Efstaleiti 1. Tilboðsfrestur rennur út þann 29. maí.

Sala á byggingarrétti lóðarinnar við Efstaleiti er hluti af fjárhagslegri endurskipulagningu RÚV sem staðið hefur yfir á undanförnum mánuðum.

Stefnt er að blandaðri, vistvænni byggð á svæðinu með spennandi almenningsrýmum og heilstæðum götumyndum. - jhh




Alexander og Brynjar fengu viðurkenningu fyrir störf sín í þágu einhverfra:

## 56 þúsund legókubbar í Titanic

**SAMFÉLAGSMÁL** „Þetta gekk allt saman mjög vel og ég er eiginlega orðlaus,“ segir Brynjar Karl Brynjarsson, tólf ára legóbyggingarmeistari, um viðtökurnar sem líkan hans af Titanic fékk í Smáralind í gær.

Brynjar hefur unnið í tólf mánuði að líkaninu af Titanic úr legókubbum. Skipið er sex og hálfur metri.

„Þetta var alveg rosalega mikil bygging, 56 þúsund kubbar,“ segir Brynjar sem fékk mikla aðstoð frá móður sinni og afa auk þess sem hann fékk að gjöf fjölmarga legókubba frá Lego.

Við afhjúpun líkansins fengu Brynjar og Alexander Birgir Björnsson viðurkenningu fyrir störf sín í þágu einhverfra en Alexander fékk marga færa tónlistarmenn á tónleika til að safna peningum fyrir Birtu og einhverfusamtökin. Þá hefur Brynjar gefið út bókina „Minn einhverfi stórhugur“ sem er hvatning til annarra barna um að fylgja draumum sínum. - srs



**ÓTRÚLEGA STOLTUR** Bygging líkansins tók eitt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Við kveðjum veturinn með því að bjóða upp á nokkra vel útbúna Golf R-Line á frábæru sumarverði. Komdu í reynsluakstur **í dag milli kl. 12 og 16** og taktu á móti sumrinu í nýjum þéttbúnum Golf R-Line. Þú átt hann skilinn.

**Staðalbúnaður í R-Line 1.4 TSI sjálfskiptum**

- 17" Dijon felgur
- Skyggðar rúður
- Sportinnrétting
- R-Line útlit
- Xenon ljós með LED dagljósum
- Panoramic sóllúga

| | |
|---|---|
| **Verð frá** | **4.030.000 kr.** |
| **Verð á mánuði frá aðeins** | **49.000 kr.*** |

*Miðast við 25% útborgun og lán í 84 mánuði.

Lykill fjármögnun

HEKLA og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Golf á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

Das Auto.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

## 20.04.2015 → 26.04.2015

**1.200 íbúðir** vantaði á **HÖFUÐBORGARSVÆÐINU** um síðustu áramót.

**50 manns** eru á vitnalista í aðalmeðferð í Aurum-málinu sem nú stendur yfir í Héraðsdómi Reykjavíkur.



**600 LÍTRAR** á sekúndu af köldu vatni tóku að flæða inn í Vaðlaheiðargöng í vikunni.

**1.200 MILLJARÐAR** eru útistandandi í verðtryggðum húsnæðislánum.

**500.000 tonn AF MOLD** verða flutt burtu af Hlíðarendareit þar sem uppbygging er að hefjast.

**27 MILLJARÐAR** eru áætluð verðmæti nýliðinnar loðnuvertíðar.



**10.000** félagsmenn **STARFSGREINASAMBANDSINS FARA Í VERKFALL** í næstu viku að óbreyttu.

**2.000 HROSS** eru í eigu útlendinga á Íslandi.



**1,5 MILLJARÐAR** var arðgreiðsla **Landsvirkjunar** til ríkisins þetta árið.

**5.440 EINSTAKLINGAR** höfðu sótt um **GREIÐSLUAÐLÖGUN** í lok febrúar síðastliðins.



**BYGGJA** Dagur B. Eggertsson og Þórunn Sveinbjörnsdóttir við undirritun. MYND/REYKJAVÍKURBORG

Reykjavík byggir í Mjódd:

## Íbúðir fyrir eldri borgara

**SKIPULAGSMÁL** Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður félags eldri borgara, undirrituðu viljayfirlýsingu í frístunda- og félagsmiðstöðinni í Árskógum þann 22. apríl þar sem Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja til að úthluta lóð til Félags eldri borgara með byggingarrétti fyrir fjölbýlishús með allt að 50 íbúðum fyrir eldri borgara við Árskóga nr. 1-3 í Suður-Mjódd.

Ákveðið er að breyta nokkuð gildandi deiliskipulagi lóða við Árskóga og tengigangi að þjónustumiðstöð við Skógarbæ. Reykjavíkurborg skuldbindur sig ekki til að kosta gerð tengigangsins. - fbj

### LEIÐRÉTTING

Í dálknum Frá degi til dags í gær var fullyrt að Ragna Árnadóttir hefði verið fyrsta konan til að gegna embætti dómsmálaráðherra. Tvær konur gegndu þessu embætti þegar það hét dóms- og kirkjumálaráðherra. Það voru þær Auður Auðuns frá 1970-1971 og Sólveig Pétursdóttir frá 1999-2003. Ragna var hins vegar fyrst til að gegna embætti dómsmálaráðherra og dóms- og mannréttindaráðherra. Allar voru þær dómsmálaráðherrar með einhverju sniði og því ekki rétt að Ragna hafi verið fyrst.

# Varnaðarorðin voru hunsuð

Mjög var varað við að forsendur fyrir gerð Vaðlaheiðarganga stæðust ekki, en ekkert með ráðgjöfina gert. Umframkostnaður var áætlaður 7% en verkfræðingur taldi hann verða 15%. Þegar ljóst að hann verður enn meiri.

**SAMGÖNGUR** Sterklega var varað við því að forsendur fyrir gerð Vaðlaheiðarganga stæðust ekki skoðun og að framkvæmdin yrði mun kostnaðarsamari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Ekki virðist hafa verið hlustað á ráðgjöf eða varnaðarorð áður en framkvæmdir hófust.

Pálmi Kristinsson verkfræðingur var einn þeirra sem báðu menn að fara sér hægt, og birti ítarlega og sjálfstæða úttekt á forsendum ganganna í árslok 2011. Pálmi taldi að framkvæmdin yrði mun dýrari en þá var gert ráð fyrir og að milljarða kostnaður myndi að lokum falla á ríkissjóð.

Eitt af því sem Pálmi varaði við var að áætlanir stjórnar Vaðlaheiðarganga hf. (VHG), um áætlaðan umframkostnað á framkvæmdatíma væru vanáætlaðar, en VHG gerði ráð fyrir að hann yrði 7 prósent.

Pálmi taldi að þessi kostnaður yrði um 15 prósent miðað við fyrirliggjandi kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar frá nóvember 2011. Hafði hann til hliðsjónar að umframkostnaðurinn við Héðinsfjarðargöng nam 2,1 milljarði eða um 17 prósentum, eins og Fréttablaðið fjallaði um á fimmtudag. Þar varð vatnsagi til óþurftar rétt eins og ítrekað í Vaðlaheiðargöngum þar sem framkvæmdir hafa þegar tafist um fimm mánuði hið minnsta, og liggja að hluta til niðri vegna nýjasta lekans sem hefur fyllt göngin af vatni að hluta.

Pálmi segir að því miður virðist hann hafa verið réttspár, en vandinn sé meiri en hann gerði ráð fyrir.

„Því miður virðist þetta ætla að verða dekkra dæmi en ég sá fyrir. Það er deginum ljósara nú þegar að þetta er alvarlegra dæmi en ég gerði ráð fyrir," segir Pálmi og bætir við að litlum vafa sé undirorpið að aukinn kostnaður við Vaðlaheiðargöng fellur á ríkissjóð, nema sérstaklega hafi verið gert ráð fyrir öðru í verksamningum. Hins vegar séu fjölmörg dæmi um það hérlendis að verktakar beinlínis hagnist af vandamálum sem koma upp á framkvæmdatíma, þó að það þurfi ekki að eiga við hér.

Í upphaflegri skýrslu sinni taldi Pálmi útilokað að veggjöld myndu standa undir kostnaði við gerð og rekstur Vaðlaheiðarganga, en athugasemdir sínar um forsendur verksins setti hann fram í 27 sjálfstæðum liðum. Hann segir að staða verksins í dag styrki efasemdir sínar um að tekjur af veggjöldum muni ná að standa undir öllum kostnaði. svavar@frettabladid.is



**NÝTT FLJÓT** Mikill vatnsflaumur rennur nú út í Fnjóskadal um munna Vaðlaheiðarganga að austan. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



> „Því miður virðist þetta ætla að verða dekkra dæmi en ég sá fyrir.
>
> *Pálmi Kristinsson verkfræðingur.*

### 57,8% lokið af gangagreftrinum

- Frá Eyjafirði er alls lokið 2.695 metrum en 1.475 metrum frá Fnjóskadal, eða 4.170 metrum af 7.206.
- Í febrúar 2014 opnaðist vatnsæð um 1.900 metra inn í Vaðlaheiði Eyjafjarðarmegin með 46 gráðu heitu vatni og 350 l/s stöðugu rennsli.
- Í ágúst hætti verktaki gangagrefti Eyjafjarðarmegin vegna lekans og flutti búnað yfir í Fnjóskadal.
- Mikið hrun og vatnsinnflæði í göngunum Fnjóskadalsmegin olli því að gangagrefti var hætt um síðustu helgi og öll verðmæti flutt út úr göngum.
- Göngin fylltust af vatni á mörg hundruð metra kafla en áætlað er að 63.000 rúmmetrar af vatni séu í göngunum.
- Unnið er að áætlanagerð um framgang verksins.






Pattstaða er í samningaviðræðum Bandalags háskólamanna og ríkisins:

# Þúsundir í bið hjá sýslumanni

**KJARADEILUR** Pattstaða er í samningaviðræðum Bandalags háskólamanna og ríkisins. Fundi samninganefnda lauk á sjötta tímanum í gær í Karphúsinu án árangurs. Næsti fundur hefur ekki verið boðaður fyrr en eftir helgina.

Páll Halldórsson, formaður BHM, segir samningsvilja skorta hjá stjórnvöldum.

„Stjórnvöld eru ekki enn þá tilbúin að ganga að því að menntun sé metin til launa á Íslandi. Það er okkar grundvallarkrafa," segir Páll. „Við munum standa í þessu svo lengi sem nauðsyn krefur."

Gunnar Björnsson, formaður samninganefndar ríkisins, segir mikið bera á milli deiluaðila. Ekki sé hægt að ganga að kröfum BHM.

„Að okkar mati þá eru þær ekki neitt nálægt því sem við getum komið nálægt," segir Gunnar.

Verkfallsaðgerðirnar hafa nú staðið yfir í tvær og hálfa viku og gætir áhrifa þeirra víða í samfélaginu. Meðal annars er komin upp alvarleg staða hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þar sem um fimm þúsund mál bíða afgreiðslu vegna verkfalls Bandalags háskólamanna.

„Öll mál sem lögfræðingar koma að, sem eru langflest mál embættisins, eru í bið og það safnast bara upp málin," segir Þórólfur Halldórsson sýslumaður. „Ef við tökum þinglýsingarskjöl til dæmis þá gæti ég trúað að það væri nálægt 3.700 skjöl núna sem bíða þinglýsingar." - vlp / gb



**FRÁ SAMNINGAFUNDI Í GÆR** Fundinum í gær lauk á sjötta tímanum án árangurs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nýir bílar á betri kjörum!

Lykillán er hagkvæm leið til að eignast bíl. Með Lykilláni bjóðum við nú **hærra lánshlutfall** og **lægri vexti.**

**10%** útborgun af nýjum bíl

Lægstu vextir **8,0%**

Lán til allt að **7 ára**



**Lykillán** Nýir bílar

1 — **Þú finnur bíl sem** hentar þínum þörfum.

2 — Við fjármögnum **allt að 90%** af kaupverði bílsins.

3 — Við **aðlögum greiðslubyrðina** að þínum fjárhag.

PIPAR\TBWA · SÍA

Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | S. 540 1700 | lykill.is | lykill@lykill.is

Lykill fjármögnun

Leita að sjálfboðaliðum:

## Einsemdin er sögð alvarleg

**HJÁLPARSTARF** Rauði krossinn í Hafnarfirði leitar sjálfboðaliða í svokölluð „heimsóknarvinaverkefni“. Hlutverk heimsóknarvinar er fyrst og fremst sagt að veita félagsskap, nærveru og hlýju.

„Einsemd er alvarlegt vandamál í íslensku samfélagi. Aðstæður fólks geta orðið til þess að það missir samband við aðra og einangrast,“ segir á vef Rauða krossins. Starfið gangi út á að rjúfa slíka einangrun. - óká

Útlendingastofnun óskar eftir að taka á leigu á höfuðborgarsvæðinu vistarverur fyrir hælisleitendur:

# Verslun og strætó þarf að vera í göngufæri

**STJÓRNSÝSLA** Útlendingastofnun leitar nú að húsnæði á höfuðborgarsvæðinu sem nota á sem vistarverur fyrir hælisleitendur.

Fram kemur í auglýsingu Ríkiskaupa, fyrir hönd ríkissjóðs, sem tekur húsnæðið á leigu fyrir Útlendingastofnun, að miðað sé við að húsnæðið verði tekið á leigu til tólf mánaða með möguleika á framlengingu til annarra tólf mánaða.

„Gerð er krafa um að húsnæðið sé á höfuðborgarsvæðinu, sé í göngufæri við matvöruverslun/verslanir og nálægt almenningssamgöngum,“ segir á vef Ríkiskaupa. Þá er miðað við að húsnæðið verði um 500 fermetrar að stærð, miðað við lágmarkslofthæð gildandi byggingarreglugerðar. „Í húsnæðinu skulu vera 25 til 30 herbergi,“ segir þar jafnframt.

Þá kemur fram á vef Rauða kross Íslands að þar á bæ sé leitað að sjálfboðaliðum til að starfa með hælisleitendum og flóttafólki.

„Verkefnin eru fjölbreytt og gefandi en staðið er fyrir ýmsum viðburðum sem draga úr félagslegri einangrun flóttamanna og hælisleitenda,“ segir á vef Rauða krossins. Tekið er fram að reglulega sé staðið fyrir viðburðum á borð við spilakvöld, spurningaleiki, matarmenningarhátíðir, kvikmyndakvöld og jafnvel dagsferðir þar sem flóttamenn og hælisleitendur fái tækifæri til að sjá helstu náttúruperlur landsins. - óká



**FIT HOSTEL** Hælisleitendur hafa síðustu ár flestir haft aðsetur í Reykjanesbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Akureyrarbær unir ekki dómi í máli grunnskólakennara:

## Fara með Snorra fyrir Hæstarétt

**DÓMSMÁL** Akureyrarbær mun áfrýja dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra í máli bæjarins gegn Snorra Óskarssyni til Hæstaréttar.

Ákvörðun þess efnis var tekin á fundi bæjarráðs í gær.

Snorri, sem var vikið úr starfi kennara við Brekkuskóla, vann í byrjun apríl mál sem bærinn höfðaði gegn honum.

Gunnar Gíslason, bæjarfulltrúi og fyrrverandi fræðslustjóri Akureyrar, lýsti sig vanhæfan til að fjalla um málið. Vék Gunnar því af fundinum. Gunnar var starfandi fræðslustjóri sveitarfélagsins þegar Snorra var sagt upp störfum. - sa



**SNORRI ÓSKARSSON** Vikið úr starfi kennara eftir ummæli á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

SA SAMTÖK ATVINNULÍFSINS
FESTA Samfélagsábyrgð fyrirtækja
ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ
UN WOMEN ÍSLENSK LANDSNEFND

**HVATNINGARVERÐLAUN JAFNRÉTTISMÁLA 2015**
**ÓSKUM EFTIR TILNEFNINGUM**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, landsnefnd UN Women á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð óska eftir tilnefningum til **Hvatningarverðlauna jafnréttismála 2015** sem verða afhent þann 28. maí 2015 á morgunfundinum „Eru til karla- og kvennastörf“ á Nauthóli. Verðlaunin afhendir Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Markmið með Hvatningarverðlaunum jafnréttismála er að vekja jákvæða athygli á fyrirtækjum sem sett hafa jafnrétti á oddinn og jafnframt að hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama.

**Leitað er eftir tilnefningum um fyrirtæki sem hafa stuðlað að:**
· Auknum möguleikum beggja kynja til starfsframa
· Jöfnum launum kynjanna
· Jöfnum hlutföllum kynjanna í stjórnendastöðum
· Aukinni vitund um þann ávinning sem jafnrétti hefur fyrir fyrirtækið og samfélagið

**Sérstaklega er leitað að fyrirtækjum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:**
· Verkefnin hafa skýran tilgang og markmið
· Jafnrétti hefur fest rætur og sýnt er fram á varanleika
· Vakin er athygli á rekstrarlegum ávinningi af jafnrétti
· Verkefnið er hvetjandi fyrir önnur fyrirtæki

Tilnefningar skulu sendast á rafrænan hátt með því að fylla út eyðublað á **unwomen.is** fyrir **16. maí 2015.**
Nánari upplýsingar má finna á **www.unwomen.is**





**MINNINGARATHÖFN Í ARMENÍU** Fjöldi fólks lagði leið sína að Tsitsernakaberd-minnismerkinu í Jerevan, höfuðborg Armeníu, í gær þar sem efnt var til minningarathafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Þrengt að Tyrkjum

**Þýskaland hefur nú bæst í hóp þeirra ríkja sem hafa viðurkennt að Tyrkir hafi framið þjóðarmorð á Armenum á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar. Forsetar Frakklands og Rússlands tóku báðir þátt í minningarathöfn í Armeníu í gær.**



Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

**ARMENÍA** Þýska þingið samþykkti í gær ályktun þar sem fjöldamorð á Armenum í Tyrklandi á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar eru sögð hafa verið þjóðarmorð. Hugtakið þjóðarmorð hefur, þegar rætt er um þessa atburði, staðið bæði í tyrkneskum stjórnvöldum og leiðtogum fjölmargra annarra ríkja, sem ekki hafa viljað styggja Tyrki.

Armenar segja að um ein og hálf milljón Armena hafi verið myrt eða hrakin frá Tyrklandi. Tyrkneskir stjórnvöld hafa hins vegar ekki viljað fallast á að þessir atburðir hafi verið þjóðarmorð og segja átökin milli Tyrkja og Armena hafa kostað mörg mannslíf úr röðum beggja.

Töluvert munar þó um rödd Þjóðverja í þessu samhengi, þar sem Þýskaland er helsta viðskiptaland Tyrklands. Ekki er þó einhugur á meðal þýskra ráðamanna um þetta, því Frank Walter Steinmeier utanríkisráðherra segir ekki rétt að tala um þjóðarmorð: „Flóknar minningar er sjaldan hægt að setja undir eitt hugtak,“ sagði hann í tímaritinu Der Spiegel í gær.

Forsetar Frakklands og Rússlands, þeir Francois Hollande og Vladimir Pútín, eru á meðal þeirra sem hafa hiklaust talað um þjóðarmorð á Armenum. Og báðir heimsóttu þeir minnismerki um þjóðarmorðið í Armeníu í gær. Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur hins vegar viljað hlífa Tyrkjum við að tala um þjóðarmorð.

Á fimmtudaginn flutti Joachim Gauck Þýskalandsforseti ræðu þar sem hann minntist fjöldamorðanna, sem hófust 24. apríl árið 1915 og stóðu yfir í nokkur ár.

„Með því að minnast erum við ekki að setja neinn sem nú er á lífi á sakamannabekk,“ sagði Gauck. „En það sem afkomendur fórnarlambanna eiga rétt á að vonast til er viðurkenning á sögulegum staðreyndum og þar með einnig sögulegri sekt.“

Gauck minnti á að Adolf Hitler hefði í ágúst 1939, þegar hann gaf fyrirskipanir um að „senda án miskunnar pólskumælandi karla, konur og börn af pólsku ætterni í dauðann“, vísað máli sínu til stuðnings í atburðina í Tyrklandi tuttugu árum áður: „Hver talar enn í dag um útrýminguna á Armenum?“

Ræða hans var harðlega gagnrýnd í tyrkneskum fjölmiðlum í gær.

### ÞJÓÐARMORÐ Á ARMENUM

**Í gær var þess minnst að rétt öld er liðin frá því fjöldamorð á Armenum hófust í Tyrklandi. Víða utan Tyrklands eru fjöldamorðin kölluð þjóðarmorð, en Tyrkir neita að fallast á það hugtak.**







**Deilt um hugtök**

- Armenía segir allt að 1,5 milljónir manns hafa verið drepnar. Tyrkir segja þetta ýkjur, bæði Armenar og Tyrkir hafi látist í borgaraátökum.
- Flestir sagnfræðingar, aðrir en tyrkneskir, segja þjóðarmorð hafa verið framið. Meira en 20 ríki taka undir, þar á meðal Frakkland, Ítalía, Rússland og Kanada.
- Tyrknesk stjórnvöld hafna þjóðarmorðshugtakinu og segja enga skipulagða herferð af hálfu stjórnvalda um útrýmingu Armena hafa verið til.

© GRAPHIC NEWS




ford.is

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Talin vera úr seinna stríði:

## Fundu sprengju við Hafravatn

**LÖGREGLUMÁL** Sprengjusveit Landhelgisgæslunnar aftengdi sprengju úr sprengjuvörpu við Hafravatn í gær.

Útivistarfólk hafði samband við lögreglu í gær eftir að hafa fundið torkennilegan hlut. Sérfræðingar ríkislögreglustjóra telja sprengjuna frá tímum seinni heimsstyrjaldar. Æfingar með sprengjuvörpur voru í kringum höfuðborgina. Lögregla minnir fólk á að tilkynna um slíka hluti strax en röng meðhöndlun þeirra gæti reynst afdrifarík. - srs

Atvinnunefnd Bláskógabyggðar segir húsnæðisskort hamla atvinnulífinu:

# Litlir möguleikar fyrir ungt fólk

**BLÁSKÓGABYGGÐ** „Skortur á húsnæði veldur meðal annars því að erfiðlega gengur hjá mörgum þeim sem eru í rekstri að manna lausar stöður til lengri tíma,“ segir atvinnu- og ferðamálanefnd Bláskógabyggðar.

„Mikill skortur er á leiguhúsnæði í Bláskógabyggð á sama tíma og störfum innan helstu atvinnugreina sveitarfélagsins og nærliggjandi sveitarfélaga fer fjölgandi,“ segir atvinnunefndin. „Möguleikar ungs fólks, fjölskyldna með börn og fólks almennt sem kann að vilja flytja, búa og starfa eru með því mjög takmarkaðir, og nánast engir.“

Nefndin vill að sveitarstjórnin kanni áhuga verktaka og fjárfesta á borð við lífeyrissjóði á byggingu leiguíbúða eða á kaupum á húsnæði sem þegar sé til staðar á ýmsum byggingarstigum. - gar



**VIÐ GULLFOSS** Störfum fjölgar í Bláskógabyggð en illa gengur að manna þau vegna húsnæðiseklu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skjólstæðingum fjölgar:

## Þreföldun hjá Aflinu frá 2009

**AKUREYRI** Skjólstæðingum Aflsins á Akureyri, samtaka um heimilis- og kynferðisofbeldi, fjölgaði á síðasta ári. 115 nýir skjólstæðingar komu til Aflsins í fyrra sem er fjölgun um rúmlega 3,5 prósent á milli 2014 og 2013. Einkaviðtölum fjölgaði um fimmtung og voru þau í fyrra um eitt þúsund. Fjöldi einkaviðtala hjá Aflinu hefur þrefaldast frá árinu 2009.

Aflið er systursamtök Stígamóta. - sa



**LOPAPEYSUR** Mikilvægt að skrá sögu peysunnar. MYND/ANDRÉS KOLBEINSSON

Ásdís Jóelsdóttir skrásetur þekkingu eldri kynslóðarinnar:

## Lopapeysan mikilvæg í sögunni

**HANDVERK „Mér fannst þörf á að skrásetja söguna, ég talaði til dæmis við prjónakonur á níræðisaldri því mér fannst mikilvægt að þeirra þekking glataðist ekki,“ segir Ásdís Ósk Jóelsdóttir, lektor við Háskóla Íslands, sem nýlega gerði rannsókn á uppruna, hönnun og þróun íslensku lopapeysunnar.**

**Ásdís segir að hjá þessum prjónakonum hafi hraðprjón verið mikilvægt. „Þetta snerist um að geta fjöldaframleitt. En þannig festist lopapeysan í sessi,“ segir Ásdís. „Lopapeysan er mikilvægur hluti tæknibyltingar útflutnings og hönnunarsögu þjóðarinnar. Hún hefur marga snertifleti við þjóðina sem aldrei áður hefur verið fjallað um.“**

**Í skýrslu Ásdísar um rannsóknina kemur fram að stofnun kvennaskóla, húsmæðraskóla og Handíðaskólans auk öflugrar starfsemi Heimilisiðnaðarfélags Íslands og skrifstofunnar „Íslenzk ull“ á fyrri hluta 20. aldar hafi lagt grunn að listiðnaðinum og almennri prjónaþekkingu. Handavinna var gerð að skyldunámsgrein í grunnskólum árið 1936. Árið 1967 voru svo fluttar út um 40-60 þúsund lopapeysur, og þá varð vörumerkið „Íslensk lopapeysa“ til.** - sgg


**FUNDARBOÐ**

Aðalfundur MS-félags Íslands

Aðalfundur MS-félags Íslands verður haldinn laugardaginn 9. maí 2015 kl. 13 í MS-húsinu að Sléttuvegi 5 í Reykjavík. Húsið opnar kl. 12:30.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Lagabreyting. Tillaga að breytingu á 6. gr. er varðar kjör fulltrúa á aðalfund ÖBÍ. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu félagsins www.msfelag.is.

Vinsamlega athugið að framboð til stjórnar og nefnda skal tilkynna til skrifstofu eigi síðar en viku fyrir aðalfund og jafnframt að atkvæðisrétt á aðalfundi hafa einungis þeir sem eru skráðir í félagið eigi síðar en viku fyrir fundinn.

Kaffi og veitingar í boði félagsins.

Virðingarfyllst,
Stjórn MS-félags Íslands









**HÖFN** Vaxandi fjöldi ferðamanna sækir Hornafjörð heim þar sem menn hafa jafnvel flutt úr húsum sínum til að geta selt gistingu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Heimagisting vekur gremju á Hornafirði

Þótt Hornafjörður sé eina sveitarfélagið með þrengri skorður við heimagistingu en lögin heimila óttast bæjarstjórinn ekki málsóknir eftir rýmkun á skilmálunum.

**SKIPULAGSMÁL** „Það er svolítil kergja hér í samfélaginu út í þennan gistimöguleika,“ segir Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri í Hornafirði, þar sem bæjaryfirvöld hafa sett þrengri takmarkanir á fjölda rýma í heimagistingu en lög gera ráð fyrir.

Vorið 2014 settu Hornfirðingar inn ákvæði í aðalskipulag um að í þéttbýli mætti aðeins nýta tvö rými í hverri íbúð undir heimagistingu. Björn segist ekki vita um slíka skilmála í aðalskipulagi annarra sveitarfélaga. Samkvæmt lögum geti heimagisting verið í allt að tíu rýmum fyrir sextán manns.

„Menn voru hræddir um að þetta gæti verið ansi mikið inngrip í eignarrétt og atvinnufrelsi. Frekar en að bíða eftir því að einhver færi kannski í mál fannst mönnum eðlilegt að reyna að rýmka þetta og þess vegna hækkuðum við þetta upp í fjögur rými,“ segir Björn með vísan til þess að bæjarstjórnin hefur nú víkkað rammann.

„Menn telja lagaumhverfinu og eftirlitinu hjá löggjafanum verulega ábótavant og að menn séu kannski komnir út fyrir anda þessara laga frá þessum tíma. Við höfum horft upp á það hér að fólk er jafnvel að flytja út úr húsum; er skráð með lögheimili en býr ekkert í húsinu vegna þess að það er að leigja hvert einasta herbergi,“ segir bæjarstjórinn.

Þrátt fyrir að Hornfirðingar setji enn mun þrengri skorður við heimagistingu en lög gera ráð fyrir óttast Björn ekki lögsóknir úr þessu.

„Þótt lögin segi tíu rými þá ættu nánast allir að geta fullnýtt það húsnæði sem þeir eiga með fjórum rýmum. Við erum að horfa á þá staðreynd að 97 eða 98 prósent húsa á Hornafirði eru með þrjú til fimm svefnherbergi. Þannig að þetta á í raun að hafa sáralítil heftandi áhrif á þá húseigendur sem vilja nýta núverandi húsnæði sitt,“ segir Björn.

Að sögn bæjarstjórans hefur ekki orðið mikil uppbygging á nýjum gistimöguleikum í þéttbýli á Hornafirði þótt gífurleg uppbygging hafi orðið á gistirými í sveitarfélaginu í heild. „Margir telja eðlilegt að ferðaþjónustan byggi sjálf en taki ekki íbúðarhúsnæði undir sig,“ segir hann.



> **Frekar en að bíða eftir því að einhver færi kannski í mál fannst mönnum eðlilegt að reyna að rýmka þetta.**
>
> *Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri í Hornafirði.*

Angi af þessu máli er ný samþykkt bæjarstjórnar um niðurfellingu á gatnagerðargjöldum á íbúðalóðum sem þegar eru tilbúnar á Höfn. Björn segir að fyrir þá sem vilja koma á Höfn sé torvelt að fá leiguhúsnæði. „Þessi niðurfelling er háð því að ekki má nýta húsnæðið næstu þrjú ár í ferðaþjónustu – nema þá að greiða gatnagerðargjöldin,“ segir bæjarstjórinn. gar@frettabladid.is

Skuldahlutfall Kópavogsbæjar er komið niður fyrir 150 prósenta viðmiðið:

# 22 milljarða tekjur hjá Kópavogi

**STJÓRNSÝSLA** Skuldahlutfall Kópavogsbæjar er nú komið undir 150 prósenta lögbundið viðmið en skuldahlutfall bæjarins stendur í 148 prósentum. Þetta kemur fram í ársreikningi Kópavogsbæjar sem lagður var fram á bæjarstjórnarfundi síðastliðinn miðvikudag.

Rekstrarafgangur bæjarins er 660 milljónir króna árið 2014 en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir 667 milljóna króna afgangi. Þá námu tekjur Kópavogs 22,7 milljörðum króna en gert var ráð fyrir 22 milljarða króna tekjum. Eigið fé bæjarins er 16,1 milljarður króna.



**ÁRMANN KR. ÓLAFSSON**

„Það er ánægjulegt að afkoma bæjarins er í samræmi við þær áætlanir sem lagðar voru fram, skuldir halda áfram að lækka og skuldahlutfall sömuleiðis. Hins vegar er því ekki að neita að miklar hækkanir launaliða hafa sín áhrif, sem meðal annars birtist í því að útreikningur á lífeyrisskuldbindingum hækkar um 440 milljónir umfram áætlanir,“ sagði Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri. - srs

www.renault.is

# RENAULT CLIO DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR

RENAULT **CLIO**
DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. **3,7 l/100 km***
VERÐ: **3.050.000 KR.**
BEINSKIPTUR, VERÐ: **2.850.000 KR.**




RENAULT **CLIO SPORT TOURER**
DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. **3,7 l/100 km***
VERÐ: **3.250.000 KR.**
BEINSKIPTUR, VERÐ: **3.050.000 KR.**

E F

**„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT“**

ENNEMM / SÍA / NM67838 / *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

## DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Renault var þriðji mest keypti bíllinn á Íslandi 2014. Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla með einstaklega hagkvæmri „Dual Clutch“ sjálfskiptingu. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault.

RENAULT

**OPIÐ Í DAG FRÁ KL. 12–16**

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

Jesús sagði þeim: **„Ég er brauð lífsins.** Þann mun ekki hungra sem til mín kemur og þann aldrei þyrsta sem á mig trúir."

www.versdagsins.is


Öflugt D-Vítamín MUNNSPREY

Einfalt í notkun

Gott Bragð

Vörn gegn kvefi og flensu





Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Viðbótin er um 100.000 á viku

Hér bætast við um 100.000 kjúklingar á viku. Þeir stækka hratt og þrengir strax að þeim tefjist slátrun. Dýraverndarsjónarmið undir, segir framleiðslustjóri Reykjagarðs. Vilja slátra fyrir markaðinn, segja dýralæknar.

**KJARAMÁL** Kjúklingabændur bjuggu sig undir yfirvofandi verkfall dýralækna með því að auka slátrun. Magnús Huldar Ingþórsson, framleiðslustjóri hjá Reykjagarði, segist búast við að ástandið verði orðið slæmt á kjúklingabúum um miðja næstu viku vegna plássleysis þegar ekki fæst undanþága til slátrunar.

Framleiðsluferlið er þannig að við bætast um og yfir 100 þúsund kjúklingar í viku hverri. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar komu hér á landi úr eggi að jafnaði rúmlega 427 þúsund ungar í hverjum mánuði í fyrra. Þá vaxa fuglarnir hratt og verða plássfrekari.

Hildur Traustadóttir, framkvæmdastjóri félaga eggja- og kjúklingabænda, segir stöðuna flókna, því ekki megi slátra fuglum nema að dýralæknir sé viðstaddur, hvort heldur sé um að ræða til manneldis eða vegna grisjunar í búunum sjálfum. „Vandamálið er að fuglinn stækkar fljótt í húsinu og þá eru menn líka að brjóta lögin því ekki má hafa þá svona stóra inni. Svo eykst líka sjúkdómahætta gríðarlega," segir hún. „Þetta er bara pattstaða og engin lausn í sjónmáli."

Hildur segir bændur hafa sótt um leyfi til undanþága til að fá að slátra en fengið synjun hingað til. Hún vonast þó til þess að undanþága fáist til að létta á húsunum.

Þá auki vanda framleiðslunnar að bændur fái ekki heldur leyfi til að flytja inn stofna sína sem komi til með að raska framleiðslunni þegar fram í sækir. „Það stendur til að flytja inn stofna og átti að flytja inn stofna í fyrstu viku maí. Og fáist ekki leyfi fyrir því þá verður foreldrafuglalaust eftir svona hálft ár eða svo. Það er líka vandamál."


**MAGNÚS H. INGÞÓRSSON**


**ÁGÚST ANDRÉSSON**


**HILDUR TRAUSTADÓTTIR**

Magnús H. Ingþórsson, hjá Reykjagarði, segir ljóst að framleiðsluhús hænsnabænda yfirfyllist næstu dagana. „Við undirbjuggum okkur hins vegar undir þetta verkfall og vorum ekki með áætlaða slátrun í byrjun þessarar viku, en ástandið fer að verða slæmt hjá okkur með tilliti til dýraverndunarsjónarmiða strax um miðja næstu viku."

Magnús segir að framleiðendum og bændum komi á óvart að kjarabarátta dýralækna sé rekin af slíkri hörku að bitni á þriðja aðila sem ekki sé aðili að deilunni. „Að menn gangi það langt að brjóta lög og reglur sem þeir sjálfir eiga að sjá um að séu virtar," segir hann og vísar til þess að í gær hafi ekki enn fengist heimild frá undanþágunefnd til slátrunar fugla. „Ég hef áhyggjur af trúverðugleika þeirra þegar þeir koma aftur til starfa."

Ágúst Andrésson, formaður Félags sláturleyfishafa, segir verkfall dýralækna fyrsta kastið koma harðast niður á kjúklingaræktinni, en framleiðsluhraði sé einnig svo mikill í svínarækt að sú grein þoli ekki langa sláturtöf.

Hins vegar sé ekki sláturtíð í sauðfé fyrr en næsta haust og nautgripir þoli betur bið en svín og kjúklingur. „Þetta bítur ekki á bændur í þeim geirum á næstunni, en þetta mun sjálfsagt bitna á neytendum," segir hann. Þess verði ekki langt að bíða þar til nautakjöt verður upp urið í verslunum og hættir að fást á veitingastöðum.

„En maður óttast það óneitanlega að þetta verkfall hafi áhrif á velferð dýranna," bætir Ágúst við. „Þótt menn segi að það eigi ekki að hafa áhrif, þá finnst mér menn gera lítið úr því sem gert er til að gæta að velferð dýra, ef hægt er að taka sig bara til og fara í verkfall."

olikr@frettabladid.is


**KJÚKLINGI PAKKAÐ** Vaxtarhraði kjúklinga er mikill og framleiðsla hröð. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Brjóstamjólkurundanþága



Undanþágunefnd Dýralæknafélagsins hafði um miðjan dag í gær, frá því verkfall hófst á mánudag, ekki borist beiðnir um slátrun á kjúklingum á grundvelli dýraverndarsjónarmiða, segir Charlotta Oddsdóttir, dýralæknir og talsmaður félagsins. Beiðnirnar hafi snúið að því að framleiðendur hafi viljað koma fuglum sínum í sláturhús og á markað. „En við bendum á að dýraeigenda sé að tryggja velferð dýra sinna og að bændur hafi það úrræði að aflífa, til dæmis til þess að grisja í húsum sínum." Slíkar beiðnir hafi ekki borist, en sé grunur um að brotið sé gegn velferð dýra, þá sé rétta ferlið að tilkynna um slíkt til Matvælastofnunar, sem svo myndi óska eftir því að hægt væri að setja starfsmann í að kanna málið. Undanþágur segir Charlotta hins vegar að hafi verið veittar, svo sem til innflutnings á brjóstamjólk fyrir fyrirbura og nýbura hér á landi. „Slíkan innflutning þarf alltaf að samþykkja. Allt sem varðar einhverja neyð er vissulega tekið alvarlega og afgreitt eins og því ber."


EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

Sala fasteigna frá 1957

Elsta starfandi fasteignasala landsins

2014 Framúrskarandi fyrirtæki







Grandagarður 8 – einstök staðsetning

Höfum fengið til leigu þetta glæsilega 4.042 fm hús sem nýlega hefur verið endurbyggt á einstaklega glæsilegan hátt. Staðsetning er mjög góð, skammt frá miðborginni. Fallegt útsýni yfir Reykjavíkurhöfn. Stórar svalir sjávarmegin. Húsið skiptist í fjórar einingar og þar af tvær þakhæðir og býður upp á ýmiskonar notkun. Opin vinnurými. Mikil lofthæð. Góð loftræsting.



Nánari upplýsingar veita:



Kjartan Hallgeirsson
lögg. fasteignasali
GSM 824 9093
kjartan@eignamidlun.is



Hilmar Þór Hafsteinsson
lögg. leigumiðlari
lögg. fasteignasali
GSM 824 9098
hilmar@eignamidlun.is




Harðviðarval ehf | Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími 567 1010 | www.parket.is




**MÓTMÆLI Í BANDARÍKJUNUM** Hópur fólks kom saman fyrir utan lögreglustöð í Baltimore í gær til að mótmæla dauða manns að nafni Freddie Gay. Sá lést af völdum meiðsla á mænu meðan hann var í haldi á lögreglustöðinni. Dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna hefur boðað rannsókn á málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




**HARMLEIKS MINNST Í BANGLADESS** Þessi kona er ættingi eins þeirra sem fórust fyrir tveimur árum þegar Rana Plaza-byggingin hrundi í Savar, einu úthverfa höfuðborgarinnar Dakka í Bangladess. Þetta var átta hæða hrörleg bygging þar sem framleidd voru ódýr föt, meðal annars fyrir vestrænar verslanakeðjur. Að minnsta kosti 1.138 manns létu þar lífið og meira en 1.500 slösuðust. NORDICPHOTOS/AFP

# ÁSTAND HEIMSINS







**ÖSKUFALL Í SÍLE** Bærinn Ensada í Síle, sem er í næsta nágrenni eldfjallsins Calbuco, er þakinn ösku úr fjallinu sem tók að gjósa af miklum móð á miðvikudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




**GLEÐI Á INDLANDI** Dalaí Lama ásamt suður-afríska biskupnum Desmond Tutu í þorpsskóla Tíbeta í Dharamsala á Indlandi. Þeir félagar hafa ákveðið að skrifa „Bók gleðinnar“ og gefa hana út á næsta ári. Þeir hafa ákveðið að verja saman einni viku til þess að rannsaka hinstu rök gleðinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




**API SEÐUR HUNGUR SITT Á INDLANDI** Api þessi horfir beint framan í ljósmyndarann, meðan hann nærir sig á flatbrauði úr ruslatunnu í Nýju-Delí. NORDICPHOTOS/AFP





**GE Bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurl.**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**iB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
490 9090

HYUNDAI
Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

# Fjölbreytt sumartilboð

**Skoðaðu sumartilboðin á smaralind.is**

## Við fögnum sumrinu, sumartískunni og glænýrri útgáfu af NUDE magazine Smáralind

### Komdu og veldu flottustu sumarútstillinguna

Á göngugötunni keppa verslanir um flottustu útstillinguna á sumartískunni og þú ert dómarinn! Þrír heppnir þátttakendur í kosningunni fá að launum **25.000 kr. gjafakort Smáralindar!**

### Nældu þér í frítt eintak af NUDE magazine Smáralind!




OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19   FIMMTUDAGA 11-21   LAUGARDAGA 11-18   SUNNUDAGA 13-18   WWW.SMARALIND.IS   FACEBOOK   INSTAGRAM

# Sól og sumartíska

24.–26. apríl



SMÁRALIND

Góða skemmtun

ÍSLENSKA SIA.IS SML 7392 04/15

Listunnendur streyma á nútímalistasafn í Tasmaníu:

# Afskekktasta listasafnið

Líklega fjölgar ferðamönnum til Íslands hvað sem líður náttúrupassa og innviðum samfélagsins til að mæta fjölguninni. Ísland er komið á kortið. Víðernin eru falleg og ósnortin. Hér búa örfáir í stóru landi. Reifa þarf hugmyndir, sem tryggja góðar tekjur af gestunum og vernda landið.

Ísland er eftirsóknarvert fyrir stórborgarbúa, sem sumir geta vart þverfótað hver fyrir öðrum á götu heima hjá sér. Lífsgæði í stórborgum eru engu að síður ótvíræð, en ólík okkar. Ísland er þess vegna spennandi í þeirra augum – eins og stórborgirnar eru spennandi í okkar augum.



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Við þurfum að tryggja að gestirnir okkar dreifist víðar um landið til að forðast átroðning. Vekja þarf athygli á því að lækjarspræna í eyðifirði er ekki síður áhugaverð en Gullni hringurinn. Auðvitað er það reynt. Takist vel til, eru gífurleg tækifæri í sveitum landsins.

En sveitafólkið, sem skortir reynslu, þarf stuðning og leiðbeiningar, sem koma í veg fyrir að rasað verði um ráð fram. Fyrirmynda má leita í Ölpunum. Í Sviss og Austurríki er ekki tjaldað til einnar nætur í ferðamannaiðnaði. Hefðbundin fjölskylduhótel standast kröfur um útlit og þjónustu. Þau eru ekki lýti í ægifögru umhverfinu. Og stoltir eigendur lifa fínu lífi.

Líka þarf að hugsa stórt. Tasmanía er stór og fámenn eyja suður af Ástralíu. Þangað flykkjast ferðamenn frá stórborgum langt að af sömu ástæðu og þeir sækja Ísland heim. Óspillt og ægifögur víðerni, sums staðar ofurviðkvæm, freista borgarbúanna. Þar þarf að dreifa hópnum.

Nýjasta tromp Tasmana er alþjóðlegt, metnaðarfullt nýlistasafn, MONA, sem er sagt afskekktasta listasafn í heimi. Það var byggt niðri við strönd, í sveit þar sem fáir bjuggu fyrir. Í safninu eru umdeild verk eftir mörg stærstu nöfnin í myndlist samtímans, sem sannarlega koma róti á tilfinningar fólks. Milljón gestir heimsóttu MONA í fyrra, flestir útlendingar.

Safnið kostar stórfé – enda byggt utanum það mikið völundarhús. En mörg fínustu listasöfn heimsins eru í einföldum skemmum. Skemmur eru víða á Íslandi – gömul frystihús eða síldarbræðslur, sem bíða eftir nýju hlutverki.

Fyrir verð eins fjölveiðiskips mætti fá útlenda safnstjóra til að annast innkaup á listaverkum, blöndu íslenskrar og útlendrar nútímalistar af bestu sort. Þannig yrði til áhugavert safn. Vitaskuld þarf að kanna rekstrargrundvöllinn. Getur svona safn skilað ávöxtun eins og fiskiskip? Fordæmið frá Tasmaníu er lifandi dæmi, sem má hafa til hliðsjónar.

Ekki er ástæða til að óttast að íslensk list falli í skuggann þó að keypt verði verk eftir listamenn sem trekkja úti í hinum stóra heimi. Þvert á móti. Hér á landi eru myndlistarmenn sem standast allan samanburð. Heimslistin myndi setja þá á hærri stall.

Stungið er upp á útlendum safnstjórum af því að íslenskur listaheimur er lítill og allir þekkja alla. Innkaup svona safns verða að vera hafin yfir grun um klíkuskap. Ef vinargreiðar ráða ferð brestur grundvöllurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*.
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Magnaðar gönguleiðir um Kerlingarfjöll og Þjórsárver
halendisferdir.is / info@halendisferdir.is / s: 6914212

## GUNNAR




MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

## Að vera maður sjálfur

Síðustu vikur hef ég unnið hörðum höndum við að ljúka þriðju og síðustu bókinni í æskuminningaritröð minni. Fyrsta bókin var Indjáninn, önnur Sjóræninginn. Bókin sem ég skrifa núna heitir Útlaginn. Verkefnið hefur heltekið huga minn. Ég get ekki hugsað um annað. Ég ýti öllu til hliðar til að geta skrifað og þessi bók er orðin einsog fíkn. Ég byrjaði rólega, það byrjaði einsog hálfgert fikt. Smátt og smátt varð hún fyrirferðarmeiri. Nú er svo komið að hún tekur umþaðbil 85% af allri heilastarfsemi minni. Ég er orðinn þræll þessarar bókar. Mér þykir það leitt en þannig er það. Ég ræð ekki ferðinni, það er ekki einhver „Ég“ sem er að skrifa, heldur er bókin einungis að nota mig til að skrifa sig. Ég er ekki að skrifa mér til ánægju heldur til að slá á þá vanlíðan sem byggist upp innra með mér þegar ég er ekki að skrifa, soldið einsog alkóhólisti sem drekkur, ekki sér til ánægju heldur til að deyfa vanlíðan.



Þegar ég var lítill átti ég mér fyrirmyndir í rithöfundum. Ég leit upp til manna einsog Þórbergs Þórðarsonar og Halldórs Laxness og langaði til að verða einsog þeir þegar ég yrði stór. Ég fann til meiri tengingar við Þórberg því hann skrifaði um sjálfan sig og eigin ævintýri en skáldaði lítið. Ég gat ekki skrifað, en ég átti auðvelt með að tala. Ég hafði ljóta rithönd. Ég var lélegur í stafsetningu og vissi ekki hvernig stafirnir áttu að snúa. Ég gat ekki einu sinni munað hvernig minn eiginn stafur, Joð, átti að snúa, þannig að ég sneri honum bara til skiptis, rétt og öfugt. Ég skammaðist mín fyrir það sem ég skrifaði og henti því. Það átti greinilega ekki fyrir mér að liggja að verða rithöfundur.

## Ég skrifaði í skýin

Standöppið varð minn bjargvættur. Þar þvældist þetta ekki fyrir mér. Þegar ég talaði var ég frjáls frá öllum þessum flóknu stafsetningar- og málfræðireglum. Ég gat talað þessa góðu og skemmtilegu íslensku sem mér var fyrirmunað að skrifa. Ég skrifaði í skýin. Ég var fyndinn, ég vissi það. Mér fannst gaman að fara á flug og blaðra á sviði. Ég naut mín. Og aðrir höfðu gaman af því. Ég hafði vald á þessu formi. Ég þurfti ekki að hafa fyrir gríninu, það var hluti af mér sjálfum einsog meðfæddur hæfileiki.

Grínið leiddi mig útí leiklistina. Það gerðist óvart. Mér datt margt sniðugt í hug. Besta leiðin til að framkvæma það var að gera það sjálfur. Það var líka ódýrara. Ég lék í sjónvarpsþáttum, bíómyndum og auglýsingum. Ég lék á sviði. Ég framfleytti mér með leiklist. En ég var ekki alvöru leikari. Ég hafði aldrei lært leiklist og var hálfgerður utangarðsmaður meðal leikara. En með því að leika öðlaðist ég smám saman starfsréttindi og viðurkenningu. Á endanum var ég tekinn inní Félag íslenskra leikara og hef fulla starfsviðurkenningu sem slíkur. Ein helsta ástæðan fyrir því að ég fékk atvinnuleyfi í Bandaríkjunum er vegna þess fjölda Edduverðlauna sem ég hef unnið til á mínum ferli. Ég er viðurkenndur af Bandaríska leikarafélaginu. Ég er samt ekki alvöru leikari, meira einsog boðflenna sem neitaði að fara.

## Enn eitt hlutverkið

Úr leiklistinni hélt ég í stjórnmálin. Ég fékk hugmynd og hrinti henni í framkvæmd. Besti flokkurinn hafði engan stofnkostnað, fékk engin framlög og byggðist á sjálfboðavinnu. Enn og aftur var ég að reyna að gera eitthvað sjálfum mér og öðrum til ánægju. Hugmyndin vatt uppá sig og fyrren varði var ég orðinn borgarstjóri í Reykjavík og hafði tekið fullt af fólki með mér. Ég var allt í einu orðinn einn áhrifamesti stjórnmálamaður á Íslandi. Ég hef aldrei séð mig sem stjórnmálamann. Mér finnst ég ekki vera stjórnmálamaður. Ég var bara boðflenna. Ég hefði getað haldið áfram í stjórnmálum og átt farsælan frama en mig langaði ekki til þess.

Og nú er ég kominn í enn eitt hlutverkið. Ég er orðinn rithöfundur, það sem ég óskaði mér að verða fyrir 40 árum. Nú ferðast ég um heiminn og kynni og árita bækur sem ég er alltíeinu búinn að skrifa. En mér finnst ég ekki vera alvöru rithöfundur. Þeir eru öðruvísi en ég. Ég er ekki rithöfundur frekar en ég var leikari eða stjórnmálamaður. Kannski er það með þetta einsog svo margt annað, um leið og eitthvað er ekki til þá verður það raunverulegt einsog eilífðin sem er ekki endalaus tími heldur ástand án tíma. Og myrkrið verður til þar sem ekki er ljós. Ég hlakka óskaplega mikið til að koma heim til Íslands í birtuna og ylinn frá fólkinu mínu sem talar þetta sama tungumál og ég.

Það skiptir kannski engu máli hvort ég er leikari, stjórnmálaspekingur eða rithöfundur ef ég er áfram ég sjálfur. Og ef maður er með það á hreinu þá getur maður verið hvað sem er. Ég óska öllum gleðilegs sumars.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

MERIDA | Komdu og skoðaðu úrvalið!

# HJÓLAHÁTÍÐ Í ELLINGSEN!



**Velkomin í sannkallaða hjólaveislu í Ellingsen í dag, laugardag.**

Hjól og fylgihlutir verða á tilboði og sérfræðingar okkar gefa góð ráð um allt sem tengist hjólreiðum

*Nóg af grilluðum pylsum í boði!*

*ALLIR SEM KAUPA **MERIDA-HJÓL** Í APRÍL OG MAÍ EIGA MÖGULEIKA Á ÞVÍ AÐ FÁ HJÓLIÐ*
***ENDURGREITT***

*Þú finnur öll hjólin okkar á ellingsen.is*

**Mikið úrval af aukahlutum!**



**MERIDA** CROSSWAY 100
HYBRID
**137.990 KR.**
Léttgreiðslur 22.998 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** SPEEDER 100MD
RACER
**179.990 KR.**
Léttgreiðslur 29.998 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** SCULTURA 200
RACER
**179.990 KR.**
Léttgreiðslur 29.998 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** BIG NINE 500
FJALLA-HJÓL
**199.990 KR.**
Léttgreiðslur 33.331 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** DINO 16
BARNA-HJÓL
**29.990 KR.**
Léttgreiðslur 4.998 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** BELLA 20
BARNA-HJÓL
**45.990 KR.**
Léttgreiðslur 7.665 kr. í 6 mánuði



**MERIDA** CLASSIC 28 CITY 3.0
BORGAR-HJÓL
**99.990 KR.**
Léttgreiðslur 16.665 kr. í 6 mánuði



**E-GREEN P2 HYBR GENT-D**
RAFMAGNS-HJÓL
**385.990 KR.**
Léttgreiðslur 64.332 kr. í 6 mánuði

LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR
Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | OPNUNARTÍMI |
|---|---|---|
| Fiskislóð 1 | Tryggvabraut 1–3 | Mán.–fös. 10–18 |
| Sími 580 8500 | Sími 460 3630 | Lau. 10–16 |

**Ellingsen** – FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA

# Opið bréf til Dags B. Eggertssonar borgarstjóra og Reykvíkinga

Kæru nágrannar!

Nýverið hlaut Reykjavíkurborg umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs fyrir markvissar aðgerðir í umhverfismálum. Umhverfisvaktin við Hvalfjörð óskar Reykvíkingum til hamingju með verðlaunin.

Við hvetjum Reykvíkinga og borgarstjóra jafnframt til að hugleiða hvernig það fer saman að vinna að því að skapa umhverfisvænni borg og taka við verðlaunum á þeim forsendum, á meðan einnig er unnið að því að stuðla að mengandi starfsemi utan borgarmarkanna.

Með þessu bréfi vill Umhverfisvaktin við Hvalfjörð vekja athygli ykkar á því að sem meirihlutaeigendur Faxaflóahafna berið þið ábyrgð á iðnaðaruppbyggingu við Hvalfjörð sem stefnir lífríki fjarðarins og lífsgæðum íbúa hans í hættu. Við teljum þörf á þessu bréfi vegna þess að við höfum áhyggjur af því að íbúar Reykjavíkur, þar með talinn borgarstjóri og borgarstjórn, séu ekki nægilega meðvitaðir og upplýstir um þau slæmu áhrif sem mengandi iðnaður hefur nú þegar á fjörðinn.

Reykjavíkurborg á rúmlega 75% eignarhlut í Faxaflóahöfnum. Faxaflóahafnir eru sameignarfélag í eigu nokkurra sveitarfélaga og eiga rúmlega 600 hektara lands á Grundartanga. Bróðurparturinn af tekjum Faxaflóahafna kemur frá inn- og útflutningi fyrir mengandi stóriðju.

Á Grundartanga eru starfandi fjögur iðjuver sem stöðugt dæla mengun yfir Hvalfjörð. Eftir ábendingar frá Umhverfisvaktinni og fleirum um að staða mengunar frá svæðinu og eftirlit með henni væru ámælisverð réðu Faxaflóahafnir sérfræðinga til að fara yfir gögn um málið og skila skýrslu. Umhverfisvaktin fagnaði þessu skrefi í rétta átt, en benti einnig á að höfundum skýrslunnar var þröngur stakkur skorinn í verkefninu og þeir tóku ýmsum forsendum mengunarmarka og umhverfisvöktunar sem gefnum, þótt þær séu það ekki.

Skýrslan byggir á vöktunarskýrslum iðjuveranna, en Umhverfisvaktin hefur ítrekað bent á að vöktun umhverfis í grennd við Grundartanga þarfnist verulegrar endurskoðunar þar sem hún er gerð á ábyrgð forsvarsmanna iðjuveranna sjálfra, sem veikir mjög áreiðanleika hennar.

Umhverfisvaktin hefur einnig bent ítrekað á það að viðmiðunarmörk vegna áhrifa mengunar á búfénað séu ekki byggð á fullnægjandi gögnum, en mörkin eru m.a. ákveðin út frá 20 ára gamalli rannsókn á áhrifum flúors á dádýr í Noregi.

Þrátt fyrir þessa annmarka skýrslunnar gefur hún samt sem áður mikilvægar vísbendingar um þróun mengunarmála í kringum Grundartanga, en samkvæmt henni er þolmörkum nú þegar náð hvað varðar mengun af völdum brennisteinstvíoxíðs og flúors, og viðvörunarljós eru einnig kveikt hvað varðar þungmálma og svifryk.

Þrátt fyrir þessi viðvörunarljós vinnur Reykjavíkurborg að því að fjölga iðjuverum á Grundartanga. Nú á að reisa þar kísilverksmiðju sem borgarstjóri og aðrir forsvarsmenn Faxaflóahafna skilgreina sem grænan og umhverfisvænan iðnað. Umhverfisvaktin hefur sett spurningarmerki við þessa skilgreiningu sem virðist byggja á þeim skilningi að ef iðnaður mengi minna en annar sams konar iðnaður sé hann umhverfisvænn.

Mengandi iðnaður getur aldrei talist vænn fyrir umhverfið, hversu mikið eða lítið sem hann mengar í samanburði við annan mengandi iðnað.

**➜ Loforð um umhverfisvænan og grænan iðnað á Grundartanga af hálfu Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna hafa verið svikin.**

Umhverfisvaktin hefur vakið athygli á því að á síðustu árum hafa framleiðsluaukning Norðuráls og nýjar verksmiðjur sem rísa á Grundartanga ekki þurft að sæta mati á umhverfisáhrifum. Sú skýring er gefin að mengun af völdum hverrar verksmiðju eða framleiðsluaukningar einnar og sér sé óveruleg viðbót við núverandi mengun. Umhverfisvaktin við Hvalfjörð telur það forkastanlegt að gefinn sé afsláttur á kröfum um mat á umhverfisáhrifum.

Þessi þróun vekur spurningar um raunverulega framtíðarsýn Faxaflóahafna fyrir Grundartanga. Á heimasíðu Faxaflóahafna má finna umhverfisstefnu fyrirtækisins þar sem fram kemur að Faxaflóahafnir ætli sér að vera leiðandi í umhverfismálum. En athygli vekur að á ensku síðunni er Grundartanga lýst sem iðnaðarsvæði og gæði svæðisins fyrir iðnaðaruppbyggingu eru talin upp. Hvergi er þar að finna upplýsingar um umhverfisstefnu fyrirtækisins.

Þessi og önnur misvísandi skilaboð frá Faxaflóahöfnum valda íbúum við Hvalfjörð áhyggjum. Loforð um umhverfisvænan og grænan iðnað á Grundartanga af hálfu Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna hafa verið svikin. Því miður er raunin sú að allt stefnir í að áfram bætist við fleiri og fleiri verksmiðjur og aukin mengun ef haldið verður áfram að skilgreina alla nýja mengandi starfsemi sem óverulega viðbót.

Það liggur í augum uppi miðað við núverandi mengunarálag og fyrirhugaðar framkvæmdir að vonir íbúa við Hvalfjörð um að fjörðurinn fái að vaxa og dafna sem útivistarparadís og landbúnaðarhérað verða að engu ef áfram er unnið að því að breyta honum í mengaðan iðnaðarfjörð og ruslahaug Reykvíkinga.

Við hvetjum Reykvíkinga og borgarstjóra til að hugleiða hvernig eftirfarandi yfirlýsing úr drögum að svæðisskipulagi sveitarfélaganna við höfuðborgarsvæðið samræmist uppbyggingunni á Grundartanga, en þar segir:

„Íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga greiðan aðgang að sameiginlegu útivistarsvæði umhverfis borgina. Þetta gefur þeim færi á að viðhalda góðri heilsu, slaka á og endurnærast, hvort sem um ræðir ströndina, Græna trefilinn, heiðar eða fjöll.“

Já, þetta eru mikilvæg lífsgæði, sem höfuðborgarbúar njóta allt í kringum sig, og íbúar við Hvalfjörð eiga skilyrðislaust einnig að fá að njóta.

Ágæti borgarstjóri og Reykvíkingar!

Nú er komið nóg. Iðnaðarsvæðið á Grundartanga er mettað og má alls ekki við meiri mengandi iðnaði. Við förum því fram á það að þið, kæru nágrannar, hættið tafarlaust að laða að Grundartanga mengandi iðnað sem þið mynduð aldrei samþykkja að fá á hafnarbakkann í Reykjavík.

*Hvalfirði 24. apríl 2015*

***Stjórn Umhverfisvaktarinnar við Hvalfjörð***

# Þjóðkirkja í Ríkisútvarpinu

TRÚMÁL



**Sigurvin Lárus Jónsson**
prestur í Neskirkju

Við nýja forystu á Ríkisútvarpinu urðu þær breytingar að kvöldbæn á Rás 1 var felld af dagskrá og morgunbænir fluttar fram til kl. 6.25. Ákvörðunin var umdeild og margir mótmæltu og þótt ákvörðunin hafi ekki verið dregin til baka sýndi umræðan hversu margir hlusta á slíka dagskrárliði. Sama má segja um sunnudagsguðsþjónustuna sem hefur gríðarlega hlustun um allt land. Sú var tíðin að sjónvarpað var sunnudagshugvekjum á RÚV en þær voru lagðar niður í október 1993 af þáverandi útvarpsstjóra, Heimi Steinssyni. Síðan þá hefur ekki verið reglulegt helgihald í Ríkissjónvarpinu.

Eitt af því sem kom fram í umræðunni var það viðhorf að útsendingar af kirkjulegum vettvangi eigi ekki heima í ríkisfjölmiðli, annars vegar þar sem verið væri að gera upp á milli trúarskoðana og hins vegar vegna þess að trúariðkun eigi ekki að heyrast á opinberum miðlum. Við fyrri rökunum má nefna að ekkert er því til fyrirstöðu að aðrir kristnir söfnuðir komi að guðsþjónustum og bænahaldi RÚV og sömuleiðis væri það fagnaðarefni ef bænalíf annarra trúarbragða fengi að heyrast og sjást á öldum ljósvakans. Opinberir miðlar í nágrannalöndum okkar sinna allir því hlutverki að sjónvarpa guðsþjónustum frá þjóðkirkjum þeirra.

Danska ríkisútvarpið starfrækir svokallaða DR kirke, þar sem eru sjónvarpsútsendingar frá guðsþjónustum dönsku kirkjunnar. Styr hefur staðið undanfarið um þá ákvörðun að sýna ekki frá eiginlegum guðsþjónustum safnaða, en sú nýbreytni var tekin upp í vetur að framleiða sérstakar guðsþjónustur þar sem sjónvarpsáhorfendur eru söfnuðurinn. Mörgum þykir þetta tilgerðarlegra fyrirkomulag og sakna þess að sjá fjölsetna kirkjubekki í útsendingum. Á heimasíðu danska sjónvarpsins eru gefnar upplýsingar um hvernig megi ræða prédikun dagsins eða komast í tengsl við sálgæslu á vegum kirkjunnar.

Sænska sjónvarpið SVT flakkar á milli sóknarkirkna á sunnudagsmorgnum og hefur í upphafi stutta umfjöllun um hverja kirkju fyrir sig, söfnuð og prest. Lögð er áhersla á að sýna sem flestar kirkjur og greina frá sögu þeirra og munum. Reglulega er síðan leitað til annarra safnaða og sent út frá samkomum þeirra, líkt og Hjálpræðishernum.

Norska ríkissjónvarpið NRK sendir út guðsþjónustur frá kirkjum landsins og er með stutta umfjöllun um takt kirkjuársins og kirkjur landsins í upphafi, líkt og í Svíþjóð. Í vetur var haldið sálmabókarmaraþon þar sem 899 sálmar hinnar nýju sálmabókar frá 2013 voru fluttir á 60 klukkustundum. Verkefnið var gríðarlega metnaðarfullt og áhorf á útsendinguna fór fram úr björtustu vonum en 2,2 milljónir fylgdust með útsendingunni. Fluttir voru tveir sálmar eftir Hallgrím Pétursson og sálmalag eftir Sigvalda Kaldalóns.

### RÚV er eftirbátur

Jafnvel Færeyingar með sitt litla opinbera sjónvarp KFV sýna vikulega sjónvarpsútsendingar frá guðsþjónustum í mismunandi kirkjum og Finnar hafa útsendingar á YLE frá guðsþjónustum á sænsku og finnsku. Í Finnlandi eru tvær kirkjur sem hafa stöðu þjóðkirkju, lútherska kirkjan sem 74% Finna tilheyra og rétttrúnaðarkirkjan sem telur 1% finnsku þjóðarinnar, en YLE hefur skyldum að gegna gagnvart þeim báðum.

**➜ Það er óhætt að fullyrða að RÚV sé eftirbátur sjónvarpsstöðva á Norðurlöndum þegar kemur að útsendingum frá guðsþjónustum þjóðkirkna og það er áhugavert að spyrja hvað liggur þar að baki. Hvorki fjárskortur né fjölmenningarrök skýra þessa vanrækslu. Um er að ræða ódýrt sjónvarpsefni sem í öllum tilfellum er unnið í samstarfi við þjóðkirkjur Norðurlandanna.**

Það er óhætt að fullyrða að RÚV sé eftirbátur sjónvarpsstöðva á Norðurlöndum þegar kemur að útsendingum frá guðsþjónustum þjóðkirkna og það er áhugavert að spyrja hvað liggur þar að baki. Hvorki fjárskortur né fjölmenningarrök skýra þessa vanrækslu. Um er að ræða ódýrt sjónvarpsefni sem í öllum tilfellum er unnið í samstarfi við þjóðkirkjur Norðurlandanna. Fjölmenningarrök knýja ekki á um þöggun á átrúnaði heldur þvert á móti er besta leiðin til að minnka spennu og auka virðingu samfélaga, að menningar- og trúarhefðir séu sem sýnilegastar.

Ríkissjónvarpið hefur skyldum að gegna við að sinna miðlun á trúar- og menningararfi þjóðarinnar. Þeirri skyldu væri sinnt af sóma með sjónvarpsútsendingum frá kirkjum landsins, þar sem færi saman helgihald og fræðsla um kirkjur til sjávar og sveita sem margar eru á minjaskrá.

# Kennarar hetjur en kerfið ótækt

MENNTUN



**Kristín Elfa Guðnadóttir**
rithöfundur og pírati

Guði sé lof fyrir kennara. Og guð, gefðu að við breytum grunnskólakerfinu. Og samfélagskerfinu. Steintröllunum sem við höfum setið uppi með um árhundruð.

Án kennara veit ég ekki hvernig væri ástatt fyrir börnum eftir hrun. Alltaf þegar á bjátar í samfélaginu þjappa kennarar sér saman og hamast við að halda börnum réttu megin við velferðarstrik og skaðalínur. Alltaf þegar ekki bjátar á gera þeir það líka. Kennarar eru hetjur.

Um skólakerfið og samfélagskerfið gegnir öðru máli. Þau skaða nemendur á tvennan hátt. Í fyrra lagi tilfinninga- og félagslega. Í seinna lagi námslega.

Kennarar bjarga nemendum án þess að geta nokkurn tímann slefað upp í laun til dæmis bankamanna (sem eru indælis fólk, svo það misskiljist nú ekki). En eins og allir vita er tilgangur banka að græða peninga fyrir ríku eigendurna sína. Þetta er svo beisik að það er óþarfi að nefna það, fyrirgefið mér. Virðist samt stundum þvælast fyrir fólki.

Snúum okkur aftur að skólanum. Verður enginn vellríkur á honum, af andlegum auðæfum? Jú, þó nokkrir nemendur græða slatta félagslega. Einhverjir námslega. Margir smávegis. En langflestir gætu grætt margfalt meira.

Í ríflega 170 grunnskólum og grunnskóladeildum landsins eru hátt í 44 þúsund nemendur. Bagginn á þeim öllum er kerfið. Við erum með lög og reglugerðir, námskrár, yfirstjórnir, kennaranám, hefðir og pólitíska forsjá sem lýtur föstum og lítt hagganlegum forsendum. Allt þetta kemur í veg fyrir grundvallarkerfisbreytingar.

Við höfum innleitt einstaklingsmiðað nám í lög. En kennarar vita að það er brandari. Nám í kerfinu okkar er ekki hægt að einstaklingsmiða nema að mjög litlu leyti. Til þess að bjóða alvöru einstaklingsmiðað nám þarf fleiri kennara og kerfisbreytingu. Það kostar pening. Hann fæst með því að forgangsraða í samfélaginu upp á nýtt og með aðkomu ríkisins að rekstrinum.

### Myndum bjarga sálarheill

Kennarar hafa náð undraverðum árangri í að bæta líðan nemenda. En nemendum líður enn illa. Miklum fjölda barna er hent inn í grunnskóla á sama tíma og eiga bara að pluma sig. Þau eru ekki spurð hvaða væntingar þau hafi til skólans, hvað þau langi til að gera, hvað þeim finnist áhugavert og skemmtilegt, hvað þurfi að gera til að þeim líði vel. Þeim er ekki sagt að allir sem stríði einhverjum fari heim þar til þeir hætti því (sjá tillögu í næstu málsgrein). Við höfum sem sagt búið til skólakerfi og samfélagskerfi þar sem allir eiga að læra það sama, og þar sem skortir samfélagslegt aðhald gegn því að hunsa og stríða.

Hugsið ykkur ef það væri nú samþykkt og sjálfsagt í samfélaginu okkar að foreldrar fengju frí úr vinnu til að vera heima með börnum sínum þar til þeir hefðu kennt þeim að það mætti ekki hunsa og stríða? Og fengju til þess stuðning eftir þörfum. Án stimplunar – þetta væri bara eitthvað sem barnið (og kannski fjölskyldan) þyrfti að læra svolítið betur.

**➜ Við erum einstaklingar. Við lærum á ólíkan hátt og höfum ólík hugðarefni. Fyrstu ár grunnskóla þurfa að vera svolítið eins og hlaðborð. Þar sem nemendur bragða á alls konar viðfangsefnum, með alls konar aðferðum, kynnast mörgu.**

Við myndum bjarga sálarheill fjölda barna og líka nokkrum mannslífum.

Aftur að náminu. Við erum einstaklingar. Við lærum á ólíkan hátt og höfum ólík hugðarefni. Fyrstu ár grunnskóla þurfa að vera svolítið eins og hlaðborð. Þar sem nemendur bragða á alls konar viðfangsefnum, með alls konar aðferðum, kynnast mörgu. Smám saman skýrast línur og sérhæfing eykst, bæði í viðfangsefnum og námsháttum. Þetta er lýðræði með ábyrgð.

Með þessum hætti myndum við glæða áhuga allra á námi, þótt það væri með ólíkum hætti.

Grunnskólakerfið okkar er afurð iðnbyltingarinnar. Það er ótækt. Ef börnin okkar væru fullorðin væru þau búin að gera búsáhaldabyltingu. Af hverju breytum við ekki kerfinu? Enginn virðist treysta sér til að svara því.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á greinar@visir.is og við komum henni á framfæri hið snarasta.


Opnum
STÆRRI & BETRI
Gamestöð í Smáralind í dag kl. 10
Xbox One
Leikjavél fyrir fullorðna!
63.999,-
Playstation 4
Vinsælasta leikjatölvan í dag!
59.999,-
4.000,- afsláttur
Playstation 3.999,- Áður 7.999,-
Xbox One Chat heyrnartól
6.000,- afsláttur
Playstation 8.999,- Áður 14.999,-
Xbox One Armed Forces heyrnatól
2.000,- afsláttur
Playstation 3.999,- Áður 5.999,-
Hleðslustöð fyrir Playstation 4
Dual shock stýripinna.
11.000,- afsláttur
Playstation 8.999,- Áður 19.999,-
Með Playstation TV streymir þú tölvuleikjum
frá Playstation 4 yfir á önnur sjónvörp heimilisins
Landsins mesta úrval af Razer - Allt að 50% afsláttur!!
10.000,- afsláttur
KRAKEN PRO.
Þægilegasta leikja-
heyrnartól allra tíma!
RAZER 13.999,- Áður 13.999,-
50% afsláttur
ANANSI
Hrikalega flott MMO
leikjalyklaborð
RAZER 9.999,- Áður 19.999,-
7.000,- afsláttur
DEATH ADDER CHROMA
Besta leikjamús veraldar
varð enn betri!
RAZER 7.999,- Áður 14.999,-
13.000,- afsláttur
KRAKEN 7.1 CHROMA
7.1 Virtual Surround Sound
Engine. Hljóðið í leikjunum hefur
aldrei verið svona flott!
RAZER 14.999,- Áður 27.999,-
BLACKWIDOW ULTIMATE
Leikjalyklaborð með
nýju Razer™ Mechanical
Switches hnöppunum
16.000,- afsláttur
RAZER 19.999,- Áður 35.999,-
NAGA
MMO leikjamús
fyrir atvinnumanninn!
50% afsláttur
RAZER 9.999,- Áður 19.999,-
PS4 LEIKIR
PS4 8.999,- Áður 12.999,-
PS4 8.999,- Áður 12.999,-
PS4 7.999,- Áður 13.999,-
PS4 7.999,- Áður 11.999,-
PS3 LEIKIR
PS3 8.999,- Áður 12.499,-
PS3 3.999,- Áður 9.999,-
PS3 7.999,- Áður 12.999,-
PS3 4.499,- Áður 6.999,-
Xbox One LEIKIR
XboxOne 5.999,- Áður 9.999,-
XboxOne 7.999,- Áður 12.999,-
XboxOne 8.999,- Áður 12.999,-
XboxOne 4.999,- Áður 6.999,-
20% afsláttur af öllum spiluðum leikjum
– alla helgina!
GAME STÖÐIN
SPILAÐU MEIRA
BORGAÐU MINNA
SMÁRALIND · 591 5300 · WWW.GAMESTODIN.IS



**Ágúst Bent, tónlistarmaður**

## Arkar Esjuna og andar að sér fersku lofti

„Ég verð dálítið þunnur í dag en ætla svo að rífa mig upp úr þessari sjálfsvorkunn og fara á Lavabar. Þar er vinur minn, Erpur, að frumsýna myndband og lag. Ég gef mér að þar verði dúndrandi stuð. Á sunnudag kem ég til með að halda uppteknum hætti og arka upp Esjuna, anda að mér fersku lofti og vera þakklátur fyrir þetta líf sem ég á.“



**Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, söngkona**

## Viðrar hundana

Þessi helgi verður tekin í rólegheitunum. Upp úr stendur að viðra hundana mína í góðum göngutúrum og nýta svo tímann vel með manninum mínum.



**Gnúsi Yones, tónlistarmaður**

## Hleður batteríin

AmabAdamA spiluðu á tónleikum í Hvíta Húsinu á Selfossi í gærkvöldi og ég fór þaðan í bústað að hlaða batteríin með góðu fólki restina af helginni.



**Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, borgarfulltrúi**

## Börnin og vinnan

Ég ætla í hjólatúr og sund með kids. Verð líka að vinna því það eru oddvitaumræður í borgarstjórn í næstu viku um ársreikning borgarinnar. Hrikalega spennó.

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**Á ÓKEYPIS LEIK- OG DANSSÝNINGAR** fyrir alla fjölskylduna í Tjarnarbíói þar sem sviðslistahátíðin ASSITEJ er haldin. Lokadagur í dag!



**Á LAGIÐ Í KVÖLD** með Emmsjé Gauta og Friðrik Dór. Ferskt, nýtt og spennandi.




**SAMTÍMASÖGUNA** og fyrstu skáldsögu Vals Grettissonar – Gott fólk.

**Á FÓKUS** klukkan 19.40 á Stöð 2 í kvöld. Þar ræðir Sigríður Elva við Íslendinga sem hafa náð langt í kvikmyndaheiminum.





**NÝR ÁRGANGUR LEIKARA** Þessi ellefu manna hópur útskrifast í maí. Frá vinstri: Ólafur, Vala Kristín, Albert, Halldóra Rut, Dominique Gyða, Baltasar Breki, Eysteinn, Kristín (í efri röð) og Katrín. Sitjandi á gólfi: Þuríður Blær og Kjartan Darri.

# Klára námið með trompi

Útskriftarnemendur leikarabrautar LHÍ frumsýndu í gær Að eilífu og lofa glimmersprengju.

**Erla Björg Gunnarsdóttir**
erlabjorg@frettabladid.is

Við erum að fara að fljúga úr hreiðrinu,“ segir Dominique Gyða Sigrúnardóttir en hún er einn ellefu útskriftarnemenda leikarabrautar Listaháskóla Íslands. Hópurinn frumsýndi í gær verkið Að eilífu, eftir Árna Ibsen, en það er útskriftarverkefni nemendanna. Eftir sýningarnar eru þau útskrifaðir leikarar og almenningur fær vonandi að kynnast þeim á næstu árum í leikhúsinu, kvikmyndum og öðrum verkum.

„Þetta er ljúfsárt, eins og þegar lífið gerist best. Það er erfitt að kveðja þennan hóp, við erum ótrúlega náin enda búin að vera saman á hverjum degi í þrjú ár. En það er líka kominn tími til að takast á við ný verkefni.“

Dominique viðurkennir að það sé svolítið ógnvekjandi að fara út í stóra heiminn úr öruggu skjóli skólans. En hún segir líka mikla spennu vera í hópnum.

„Nokkrir í bekknum, svona um helmingur, eru á leiðinni inn í leikhúsin og eru komnir með samning. Aðrir eru að fara að vinna sjálfstætt. Það eru tækifæri úti um allt og aðalmálið er að missa ekki móðinn.“

Í gær var frumsýning og svo fær hópurinn eins dags frí. Á morgun tekur við tíu sýninga maraþon. „Þetta verður svolítil harka en ótrúlega gaman. Við erum að klára þetta með trompi. Við lofum mikilli gleði og algjörri glimmersprengju á sýningunni. Ég held að allir ættu að geta skemmt sér vel.“

**Hvað?** Að eilífu
**Hvar?** Smiðjan, Sölvhólsgötu 13
Miðapantanir á svidslist@lhi.is
**Hvenær?** 26. apríl til 5. maí
Aðgangur ókeypis.

# Hnetusmjörspönnukökur með Nutella-sírópi

Það er alltaf gaman að útbúa gómsætan bröns. Þessar girnilegu pönnukökur eru tilvalið upphaf á helginni.

**Pönnukökur:**
- 1 bolli hveiti
- 1 tsk. matarsódi
- ¼ tsk. salt
- 3 msk. sykur
- 1 ½ bolli súrmjólk
- 1 stórt egg
- ½ tsk. vanilludropar
- ½ bolli hnetusmjör
- 1 banani, skorinn í litla bita

Setjið hveiti, matarsóda, salt, sykur, súrmjólk, egg, vanilludropa og hnetusmjör í skál og hrærið þar til hráefnin hafa blandast. Bætið bananabitunum út í, hrærið þeim varlega saman við deigið. Steikið pönnukökurnar báðum megin á miðlungsheitri pönnu.

**Nutella-síróp:**
- ½ bolli ósaltað smjör
- ½ bolli sykur
- ½ bolli mjólk
- ½ tsk. matarsódi
- ½ tsk. vanilludropar
- ¼ bolli Nutella

Setjið smjör, sykur og mjólk í pott og hitið yfir miðlungsháum hita. Hrærið í pottinum þar til hráefnin hafa bráðnað saman. Lækkið hitann við suðu og hrærið matarsóda og vanilludropum saman við. Sírópið mun bullsjóða og lyftast við þetta. Takið pottinn af hitanum og hrærið Nutella saman við þar til það hefur bráðnað. Berið sírópið fram með pönnukökunum og ef það verður afgangur þá er kjörið að eiga hann út á ís eða til að dýfa jarðarberjum í.



*Uppskrift fengin af Ljufmeti.com.*

ego dekor

# MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM



DAKOTA leðurtungusófi
Stærð: 277X168cm
Verð: 334.000,-



ORLANDO horntungusófi
Stærð: 316X211/155cm
Verð: 267.000,-

-20%




JERSEY hornsófi
Stærð: 285X210cm
Verð: 238.000,-



BERLIN tungusófi
Stærð: 300X174cm
Verð: 245.000,-
TILBOÐSVERÐ: 196.000,-



SIDNEY SKENKUR
Hnota/hvítt háglans
Breidd: 190cm
Verð: 155.000,-



SIDNEY SKÁPUR
Hnota/hvítt háglans
Breidd: 140cm
Verð: 159.000,-



MONET stóll
Verð: 19.900,



TYLER stóll
Verð: 19.900,-



JESSIE stóll
Verð: 16.900,-



ENZO armstóll
Verð: 35.000,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

# HELGARS

**OREGON** HORN-TUNGUSÓFI



Slitsterkt áklæði í tveimur litum, grátt og ljóst. Stærð: 305 x 240 H: 85 cm.
**FULLT VERÐ: 379.990**

AFSLÁTTARVERÐ **265.993** KR.

OREGON
**30%**
**AFSLÁTTUR**

**GHOST HÆGINDASTÓLL**
Svart gæðaleður.
Ghost fæst í ótal litum í áklæði og leðri.
Ghost í gæðaleðri. **Fullt verð: 179.990**

AFSLÁTTARVERÐ **143.992** KR.



GHOST
**20%**
**AFSLÁTTUR**

IDdesign

**KLINT LEÐURSÓFASETT**
Eikargrind. Gæðaleður í þremur litum svart, brúnt og koníaksbrúnt. Einnig fáanlegur hornsófi 2H2.
2ja sæta. Stærð 138 x 81 x H:80 cm. **Fullt verð: 169.990**

AFSLÁTTARVERÐ **118.993** KR.

3ja sæta. Stærð 207 x 81 x H:80 cm. **Fullt verð: 209.990**

AFSLÁTTARVERÐ **146.993** KR.

KLINT
**30%**
**AFSLÁTTUR**



IDdesign

**DREAMTIME** HÆGINDASTÓLL

L A Z B O Y®



Brúnt og svart gæðaleður.
Stærð: 94 x 95 H: 104 cm
**FULLT VERÐ: 189.990**

AFSLÁTTARVERÐ **151.992** KR.

DREAMTIME
**20%**
**AFSLÁTTUR**

50 ÁRA
1965–2015

*Vaxandi vöruúrval*

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

*Gæða glervara*



IVV
Handmade in Italy
home&table

# PRENGJA

**GLOBE** HÆGINDASTÓLL



GLOBE
20%
AFSLÁTTUR

Svart rautt og hvítt gæðaleður.
**FULLT VERÐ: 319.990**

AFSLÁTTARVERÐ **255.992** KR.

Fæst einnig í gráu og antrasite áklæði.



**LARKIN HURST SÓFAR**
Vandaðir sófar í klassískum stíl.
Slitsterkt microfiber áklæði.

2 sæta 166 x 95 x 92 cm. **Fullt verð: 219.990**
AFSLÁTTARVERÐ **153.993** KR.

3 sæta 225 x 95 x 92 cm. **Fullt verð: 249.990**
AFSLÁTTARVERÐ **174.993** KR.

Stóll 105 x 90 x 97 cm. **Fullt verð: 189.990**
AFSLÁTTARVERÐ **132.993** KR.

LARKIN HURST
30%
AFSLÁTTUR



ALLIR VASAR
30%
AFSLÁTTUR*

* Gildir ekki á IITTALA vösum.

**SYLAN** BORÐSTOFUBORÐ



Svartur stálrammi með styrktri glerplötu.
Stærð: 160 x 90 H: 75 cm.
**FULLT VERÐ: 39.990**

AFSLÁTTARVERÐ **27.993** KR.

SYLAN
30%
AFSLÁTTUR

**COPE** BORÐSTOFUBORÐ

COPE
25%
AFSLÁTTUR



Spónlögð eik
Stærð: 180 x 90 H: 75 cm.
**FULLT VERÐ: 89.990**

AFSLÁTTARVERÐ **67.925** KR.

*- enn betra verð!*

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

G Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

IVV
30%
AFSLÁTTUR

*Ótrúlegt úrval*





**Þessi ákveðni í að eignast barn verður auðveldlega að stressi og smám saman að örvæntingu. Sú örvænting er mjög ósexí og erfið.**

**FÆÐING Á NÆSTA LEITI** Oddný Eir varð loksins sátt við barnleysið og varð ólétt þremur vikum síðar. Hún er heltekin af gleði og líka ótta.

# Í undirheimum ófrjóseminnar

**Oddný Eir Ævarsdóttir** skrifaði opinskáa bók um reynslu sína af ófrjósemi. Henni létti við að segja sögu af einhverju sem er svo flókið og sárt, og fann sátt. Í þeirri sátt sleppti hún tökunum af þránni eftir barni og varð stuttu seinna barnshafandi.

Oddný Eir rithöfundur segir á opinskáan og einlægan hátt frá sinni djúpu þrá til að eignast barn og misheppnuðum tilraunum til að verða barnshafandi í nýrri bók sinni Blátt blóð – í leit að kátu sæði. Bókin er lítil og Oddný kallar hana ritgerð eða esseyju. En textinn er áhrifaríkur, bæði nístandi sannur og heillandi hlýr.

„Ég leyni því ekkert að sagan fjallar að mestu um mig og fyrrverandi ástmann minn. En ritgerðin er líka á sviði skáldskaparins. Hún dansar þarna á milli. Við reyndum að eignast barn í átta ár en áður en við byrjuðum saman var ég farin að huga að barneignum. Mig hefur alltaf langað að eignast barn og mér fannst sjálfsagt að eignast tvö börn. Það var fyrirframgefin hugmynd.“

Erfiðleikarnir við að eignast barn lögðust ólíkt á parið. Oddný var með miklar áhyggjur af hækkandi aldri og að hennar tími myndi renna út.

„Ég held að við konur, og ég í þessu tilfelli, upplifum þetta á allt annan hátt. Tíminn spilar stærri rullu og maður hefur minni þolinmæði fyrir heimspekilegum vangaveltum um fjölskylduformið. Þessi ákveðni í að eignast barn verður auðveldlega að stressi og smám saman að örvæntingu. Sú örvænting er mjög ósexí og erfið. Svo er það líka oft í samböndum að annar tekur að sér einhverja tilfinningu og ef hún verður ráðandi hjá öðrum þá getur hinn leyft sér að vera slakari. Þannig leitar fólk að jafnvægi og vegur hvert annað upp.“

## Gróf undan sambandinu

Eftir árangurslausar tilraunir til að verða barnshafandi leitaði parið sér aðstoðar. Oddný fór í tækni- og glasafrjóvganir og þau leituðu líka annars konar aðstoðar. Varstu tilbúin til að gera hvað sem er til að verða ólétt?

„Nei, ekki hvað sem er. En næstum því. Það breytist nefnilega svo margt á leiðinni. Fyrst setur maður mörk og ég gat ekki hugsað mér gjafasæði, gjafaegg eða neina tæknihjálp. Svo breytist það, sem betur fer. Maður fer inn í einhvern annan veruleika og það sem skiptir máli verður skýrara fyrir manni og hitt verður aukaatriði. Ég leik mér að því í þessari bók að skoða mörkin og alls kyns tilfinningar sem vakna þegar maður er að finna sín mörk. Svo þarf maður auðvitað líka að velta fyrir sér siðferðilegum mörkum málsins.“

Fjöldi misheppnaðra tilrauna til að eignast barn varð að lokum til þess að sambandið liðaðist í sundur. „Sambandið snerist samt um margt annað en þetta og var almennt mjög frjósamt og ánægjulegt. Okkur tókst að láta ófrjósemina ekki smita allt með uppgjöf og þessu sem ekki heppnaðist. Það var nefnilega margt annað sem heppnaðist. En maður sér það eftir á að þetta gróf undan okkur, eins og undiralda.“

## Stór klumpur af svartri þögn

Oddný skrifar opinskátt um tilfinningar þeirra beggja og viðbrögð við barnleysinu. Er þessi opinberun gerð í sátt við hina aðalpersónuna?

„Já, annars myndi ég ekki gefa þetta út. Ég bað hann um að lesa yfir og lofaði að ég myndi ekki gefa þetta út ef hann væri á einhvern hátt ósáttur. Þegar ég ætlaði að hætta við útgáfuna hvatti hann mig til að gefa þetta út. Maður finnur nefnilega ákveðinn létti ef maður nær að segja sögu af einhverju sem er mjög flókið, sárt og erfitt. Þetta er ekki lygasaga en samt á einhvern hátt mikil einföldun. Það er komin einhver framvinda í reynsluna sem er auðveldara að vera í samræðu við í staðinn fyrir stóran klump af svartri þögn. Ég bara vona að hann muni segja sína eigin sögu líka.“

**Það er komin einhver framvinda í reynsluna sem er auðveldara að vera í samræðu við í staðinn fyrir stóran klump af svartri þögn.**

## Ófrjó óbyrja

Er ófrjósemi tabú í samfélaginu?

„Já, þetta var leyndarmál í nokkur ár. Það fannst mér mjög erfitt. Eins og ég segi í sögunni þá velti ég fyrir mér hvort þetta hafi verið meira leyndarmál því þetta var okkar sameiginlega vandamál. Ófrjósemi karla er meira tabú en ófrjósemi kvenna. Og það eru margir sem lifa með þessari sorg án þess að tala um hana. Því sorgin snýst ekki eingöngu um barnleysið heldur í mörgum tilfellum ítrekaðan fósturmissi. Það kviknar líf og slokknar aftur. Það er ofsalegt álag.

Það er aftur á móti jákvætt að nú er farið að tala meira um ófrjósemi. Þagnarhjúpnum er lyft og skömminni hleypt út svo fólk lokist ekki inni í þessum persónulega sársauka, í undirheimum ófrjóseminnar. Það er merkilegt að kynnast þeim fjölmenna heimi, þar búa margir í tímabundinni eða ótímabundinni ófrjósemi. Hvert viðtal skiptir máli. Ég man að ég hámaði í mig allar reynslusögur af ófrjósemi. Þess vegna langaði mig að skrifa bókina. Þótt það sé hárfín lína á milli þess að deila reynslu og að kvarta. Ég vil ekki kvarta við umheiminn og vorkenna mér. Ég hef aldrei hugsað sem svo að ég eigi skilið að eignast börn eða geti krafist þess. Vinkona mín sagði mér að undirbúa mig undir að finna fyrir biturleika, reiði og öfund þegar ég sæi allar óléttu konurnar á fallegum sumardegi í flaksandi kjólum. Og ég þessi ó-eitthvað. Ófrjó. Óbyrja. Ég fann þessa tilfinningu einu sinni og ég varð eiginlega fegin því þá átti ég það ekki eftir á dánarbeðinum. En tilfinningin fór skjótt frá mér, sem betur fer.“

## Varð sátt og svo ólétt

Eftir að sambandinu lauk flutti Oddný í sveit undir Eyjafjöllum og hóf að skrifa um reynslu sína. „Það er jafngamalt mannkyninu að játa og létta á sér með skriftum. Og það gerði ég. Það hafði mjög góð áhrif á mig því ég fann loksins þessa sátt. Ég var oft búin að þykjast vera hætt að hugsa um þetta og hélt ég væri löngu orðin sátt við barnleysið. En þarna fann ég að sáttin varð í alvöru og mér fannst ég geta dáið sátt þótt ég myndi aldrei eignast börn. Það gaf mér æðruleysi og ég ákvað að vera þakklát fyrir allt sem ég hefði og ekki einu sinni hugsa um það sem ég hefði ekki. Þremur vikum eftir þetta uppgjör mitt varð ég ólétt,“ segir Oddný hlæjandi og segir mér í kjölfarið frá manninum sem hún kynntist í sveitinni og á nú von á barni með á allra næstu dögum.

„Með titlinum, Blátt blóð, er ég að leika mér að hugmyndum um aðalsblóð og furðuleg blóðblöndunarævintýri heimsins. En líka að í lok bókarinnar finn ég minn kóng og maðurinn sem maður elskar er manns kóngur og hans blóð er manns bláa blóð.“

## Galdurinn að gefast upp

Oddný hefur fengið símtöl frá vinkonum sem vilja vita hver galdurinn er, hvernig hún gat loksins orðið ólétt.

„Það er mjög erfitt að svara því. Kannski að skrifa þessa bók, flytja úr stressinu í borginni út í náttúruna, hætta að vera undir álagi. Eða fá litlar tíkur á heimilið og finna gleðihormónin flæða. Eða taka inn jurtir sem örva skjaldkirtilinn og vera með einmitt þessum manni. Ég veit það ekki. Ætli það snúist ekki um að sleppa tökunum og gefast upp, sem er ráð sem ég hafði mörgum sinnum fengið. En ég get ómögulega ráðlagt hvernig maður gefst upp. Ég vona bara að bókin geti hjálpað þeim sem eru að eiga við þessa sorg, þótt þetta sé ekki sjálfshjálparbók eða bók full af einhverjum trixum. En vonandi er eitthvað í henni



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

sem hjálpar öðrum, eins og hún hjálpaði mér að vinna á sorginni. En það er auðvitað óskhyggja.“

Næstu dagana verður Oddný í Reykjavík og býr sig undir fæðingu. Hún býr í lítilli íbúð á Ægisíðunni á meðan hún bíður eftir barninu. Í stofunni er hún búin að raða upp fötum, vöggu, barnastól. Þótt hún lýsi heimilinu sem sígaunatjaldi þá er greinilega hreiðurgerð í gangi.

„Nú er stefnan tekin á að fæða. Ég skynja að ég veit ekkert hvað ég er að fara út í og ég veit ekkert hvað það er sem ég hef þráð svona lengi. Og þessu fylgir vissulega ótti. Í lok bókarinnar segist ég vera frjáls undan óttanum og væntingunum enda gafst ég upp. Ég var varla búin að sleppa orðinu þegar ég fékk tíðindi sem heltóku mig af gleði. En líka af ótta. Hvað með fæðinguna? Hvernig móðir verð ég? Þessi tilraun til að verða æðrulaus er líklega bara rétt að byrja og ég held henni ljúki ekkert á meðan maður lifir.“

**Hætt að vera feimin**

Bókin kom út á sumardaginn fyrsta og er því nú komin fyrir sjónir almennings. Ertu ekkert feimin við að berskjalda þig svona fyrir heiminum?

„Ég er búin að vera mjög feimin við bókina en núna er eins og þetta komi mér ekki eins mikið við. Mér finnst eitthvað fallegt og gott við að hún komi út á sama tíma og ég á að eiga. Líklega þarf ég að sleppa tökunum á bókinni og sorginni og taka við nýju verkefni. Ég guggnaði um daginn og var næstum hætt við útgáfuna því mér fannst þetta auka álag og stress sem ég þurfti ekki á að halda núna. Bókin snertir líka svo marga í kringum mig og ég fann að áhyggjurnar af þeim trufluðu mig mjög mikið. Þá hringdi nágrannakona mín í sveitinni í mig og sagði að fæðing snerist um að sleppa takinu. Þá hugsaði ég að það væri bara gott að sleppa takinu á bókinni. Það myndi kannski hjálpa mér að sleppa takinu í fæðingunni.“

## BLÁTT BLÓÐ – Í LEIT AÐ KÁTU SÆÐI

Kona leitar að nógu kátu sæði til að frjóvga örvæntingarfull egg, sem fer óðum fækkandi. Hún lætur sig jafnvel dreyma um aðstoð kynskiptings, drykkjurúts eða nasista með blá augu. Eftir misheppnaðar tilraunir endurskoðar hún væntingar til móðurhlutverksins. Hér má lesa kaflabrot úr bókinni.

### Þögn

Þegar við höfðum áttað okkur á því að þetta yrði ekki þrautalaust ferli þá þótti mér erfitt að lifa í þögn og þurfa að snúa út úr þegar mínir nánustu vinir og vandamenn spurðu hvernig gengi og hvað væri að. Árin liðu og við alltaf að reyna. Mig langaði til að opinbera vandann og ræða um hann. En þögnin umlykur karlmennskuna, hina ævagömlu misskildu karlmennsku. Eins og pungurinn sé ekki einvörðungu verndarhjúpur um eistun heldur líka þagnarhjúpur. Er það þess vegna sem karlmenn sparka í pung hver annars? Til að reyna að sprengja upp þögnina sem er að gera þá geðveika?

Um leið og ljóst var að vandinn væri ekki eingöngu minn, leitaði ég heimilda um frjósemisvanda karlmanna. Fann ekkert nema óskjalfestan sársauka.

### Orðsifjafræðin

Við sátum á skyndibitastað nálægt frjóvgunarstöðinni með krumpað blað fyrir framan okkur, biðum eftir núðlum, bókhveitinúðlum, löngu búin að taka úr fæðunni hveiti og sykur, fyrir frjósemina. Við litum yfir listann. Notuðum útilokunaraðferðina, strikuðum yfir þá sem ekki voru bláeygir og ljóshærðir. Líka yfir þá sem voru feitir og ómenntaðir. Reyndum að miða á þann sem væri genetískt líkastur honum. Völdum á endanum grannan orðsifjafræðing. Við vorum sammála.

Leiddumst inn línóleumklæddan ganginn, inn í flúrljós og kerfiskanínurnar skoppuðu í kring, hjúpurinn okkar var opinn, tilbúinn. Læknirinn, hrósaði okkur fyrir valið og við brostum hvort til annars en þá bætti hann við að þetta væri einmitt mjög vinsælt sæði. Nú? Hvernig má það vera? Vinsælt?

Næst völdum við annað frosið sæði. Gáfum því nokkra sénsa eins og hinu. En allt kom fyrir ekki. Það vantaði neistann.

Leggðu grunn að framtíðinni og Landsbankinn bætir 6.000 krónum við

**Þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur** eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans greiðir bankinn 6.000 króna mótframlag inn á sama reikning. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# UPPÁHALDS Í HOSILÓ

## GUNNAR TYNES

### TÓNLISTARMAÐUR



➜ **STAÐURINN** **ÚTSÝNIÐ** Stórir gluggarnir hleypa birtu inn í rúmgott eldhúsið. Við eldhúsvaskinn er útsýni yfir Esjuna og á eldhúsbekknum standa nokkrar af fjölmörgum plöntum heimilisins. Eldhúsið er uppáhaldsstaður Gunna. „Það er svo gaman að elda og svo er svo gott útsýni,“ segir hann og bætir við: „Það er æðislegt að koma fram á morgnana og sjá Esjuna.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HNÍFURINN** Gunni á mikið af alls kyns eldhústækjum og tólum enda hefur hann gaman af því að elda og í eldhúsinu er góður hnífur nauðsynlegur. „Ég trúi ekki á að maður þurfi að eiga sjö hnífa eða eitthvað. Einn góðan stóran og einn góðan lítinn. Og búið.“



**PLANTAN** Plöntuna fékk Gunni frá vini sínum og þá var hún talsvert minni í sniðum. „Svo allt í einu þremur árum seinna óx upp sproti og það kom rautt blóm. Þegar það opnaði sig fékk ég símtal frá honum og þá hafði hann eignast barn. Alveg klikkað.“



**LOGSUÐUTÆKIÐ** Logsuðutækið keypti hann fyrir rúmu hálfu ári og notar það talsvert. „Þetta er mjög sniðugt, ég held að það höfði svolítið til mín með matargerðina hvað það er mikið af trikkum. Hvernig er best að gera eitt eða annað,“ segir hann brosandi.



**MYNDLIST** Listaverk eftir myndlistarkonuna Söru Riel er eitt af því sem er í uppáhaldi. „Þetta er mynd sem Sara Riel málaði fyrir síðustu útgáfu hjá hljómsveitinni Múm og gaf mér síðan í jólagjöf.



**ELDHÚSIÐ** Gluggarnir eru stórir og útsýnið stórgott. Gunni stefnir á að sá fyrir kryddjurtum og hengja þær upp í stóra gluggann en birtan skapar kjörskilyrði til ræktunar.



**KJÖTMEYRARI** Það jafnast fátt á við góða steik. Þegar kjötið á að vera sérlega meyrt er gott að eiga sniðuga græju eins og kjötmeyrara. „Þetta er svona gott fyrir Bónuskjötið,“ segir Gunni og brosir.

# Sautján pottaplöntur og eldhús með útsýni yfir Esjuna

Tónlistarmaðurinn Gunnar Tynes er áhugamaður um matseld og pottaplöntur. Hann býr ásamt meðleigjanda sínum í bjartri íbúð á Skúlagötu sem er full af pottaplöntum og spennandi eldhústólum.

Gyða Lóa Ólafsdóttir
gydaloa@frettabladid.is

Það er hátt til lofts á heimilinu enda er íbúðin á efstu hæð fjölbýlishúss. Eldhúsið og stofan eru samtengd og rúmgott rými þar sem stórir eldhúsgluggarnir vísa í átt að Esjunni. Sautján pottaplöntur dreifa úr sér í íbúðinni enda hefur Gunni gaman af plöntum en segist einu sinni hafa verið mikill plöntubani. Það hefur þó greinilega breyst til hins betra því plönturnar eru allar við hestaheilsu. „Mér finnst þetta stundum vera eins og þegar fólk fær sér tattú, mér finnst aldrei vera nóg. Mig langar alltaf í meira og meira af plöntum,“ segir Gunni glaður í bragði.

Tónlist ómar úr plötuspilara um íbúðina þegar hann tekur til við að sýna okkur fimm uppáhaldshlutina sína.

**„Mér finnst þetta stundum vera eins og þegar fólk fær sér tattú, mér finnst aldrei vera nóg. Mig langar alltaf í meira og meira af plöntum.**

# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU
# 22.–26. APRÍL – NÝTT KORTATÍMABIL

A WORLD OF INSPIRATION • the PIER • FOR YOUR HOME •



**HAAG TUNGUSÓFI**
Áður: 199.900,- **NÚ: 159.920,-**
Stærð: 325x143x210 cm.

ANTON&BERGUR





**KENITRA KOLLUR**
Stærð: 58x40x45 cm.
Áður: 29.990,- **NÚ 23.920,-**

**NID KÖRFUSTÓLL**
Stærð: 94x194 cm.
Áður: 59.990,-
**NÚ 47.920,-**



**ACCENT STÓLL**
Stærð: 66x72x78 cm.
Áður: 49.900,-
**NÚ 39.920,-**

20% AFSLÁTTUR • 20% • 20% AFSLÁTTUR •



**NAVOJOA SNYRTIBORÐ**
Stærð: 110x40x80 cm.
Áður: 35.900,- **NÚ 28.720,-**



**DISKUR Á FÆTI**
Áður: 7.990,-
**NÚ 6.392,-**

**LOTUS STJAKI**
Áður: 3.990,-
**NÚ 3.192,-**





**SNYRTITASKA**
Áður: 2.490,-
**NÚ 1.992,-**

20% AFSLÁTTUR • 20% • 20% AFSLÁTTUR •

**SNAGI**
Áður: 2.590,-
**NÚ 2.072,-**



**SKILTI**
Áður: 1.990,-
**NÚ 1.592,-**











**SKILTI**
Áður: 1.990,-
**NÚ 1.592,-**

**LAMPI**
Áður: 5.990,-
**NÚ 4.792,-**

**RÚMTEPPI**
Stærð: 240x260 cm.
Áður: 12.990,- **NÚ 10.392,-**

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 Erum á Facebook • www.pier.is



**MÆÐGURNAR** Ásthildur, Ísabella og Celina sem er tíu ára systir Ísabellu.

# Löng bið eftir lungum er loksins á enda

**Ísabella Ásta** hefur beðið eftir nýjum lungum frá því í janúar 2014 og hefur þráð það heitast að vera eins og aðrir unglingar. Biðin tók loks enda í síðustu viku þegar hún fékk ný lungu. Hún hvetur fólk til þess að taka afstöðu til líffæragjafar.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Mig langar að ferðast og stóri draumurinn er að fara til Los Angeles. Svo bara njóta lífsins og vera eins og aðrir unglingar,“ segir Ísabella Ásta Tórisson sem í síðustu viku fékk loksins ný lungu eftir langa bið.

### Barist við sjúkdóm lengi

Ísabella er 16 ára og hefur frá unga aldri barist við sjúkdóminn Cystic Fibrosis eða slímseigjusjúkdóm, sem lýsir sér þannig að útkirtlar starfa ekki eðlilega. Einkenni koma aðallega fram í lungum og meltingarfærum en þeir sem hafa sjúkdóminn framleiða seigara slím sem getur stíflað minnstu greinar loftveganna. Þetta veldur aukinni hættu á sýkingum í loftvegum eða lungum. Sjúkdómurinn hefur háð henni mikið og frá því í janúar 2014 hefur heimili hennar og foreldra og litlu systur verið á Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn þar sem hún hefur beðið eftir að kallið komi, að réttu lungun hafi fundist. Líf hennar hefur því verið ólíkt lífi jafnaldra hennar. Hún þurfti að klára grunnskólagönguna á spítalanum og hefur ekki getað byrjað í framhaldsskóla eins og vinir hennar.

### Biðin reynt á

Þegar blaðamaður heyrði fyrst í fjölskyldunni í síðustu viku var Ísabella mikið veik. Biðin og óvissan eftir lungunum hafði reynt mikið á. En síðan kom kallið óvænt, á föstudaginn í síðustu viku var þeim tilkynnt að lungu hefðu fundist. Á tveimur tímum var Ísabella búin undir aðgerð. Einu sinni áður á því tæpa eina og hálfa ári sem hún hefur búið á spítalanum hafði komið símtal, í nóvember. Ísabella var þá búin undir aðgerð en svo kom í ljós að blætt hafði inn á lungun og því voru þau ónothæf. En það reyndist ekki raunin núna. Lungun hentuðu fullkomlega og aðgerðin gekk vel.

### Krónísk sýking eyðilagði lungun

Að sögn Ásthildar Stefánsdóttur, móður Ísabellu, greindist hún með sjúkdóminn þegar hún var eins og hálfs árs en fram að því hafði hún verið mikið veik. „Það gekk vel með hana fyrstu árin eftir að hún greindist. Hún fór svo að veikjast meira í kringum sex ára aldurinn,“ segir hún. Ísabella gat þó stundað skóla og gert flesta hluti líkt og jafnaldrar hennar þótt hún hafi oft veikst.

Þegar hún var tólf ára fékk hún hins vegar króníska sýkingu í lungun sem ekki hefur tekist að losna við. Unglingsárin hefur hún því verið meira og minna veik inni á spítala. „Lungun eyðilögðust og í fimm ár hefur hún fengið sýklalyf í æð, nánast upp á hvern einasta dag. Stundum oft á dag,“ segir Ásthildur.

### Búa á spítalanum

Líf fjölskyldunnar hefur stjórnast af veikindum Ísabellu. Þau hafa búið á spítalanum síðan í janúar. „Það er hús hérna sem er framlenging af spítalanum, þar er reynt að hafa eins heimilislegt og hægt er. Við erum með okkar eigið herbergi og síðan er sameiginleg eldhúsaðstaða. Pabbi Ísabellu fer síðan í vinnuna á morgnana og keyrir litlu systur hennar, sem er tíu ára, í skólann og svo koma þau hingað aftur seinni partinn,“ segir Ásthildur. „Okkar líf er hérna. Við búum hér í augnablikinu. Ég fer öðru hverju heim til að athuga hvort húsið sé ekki enn á sínum stað,“ segir hún en á næstu mánuðum munu þau geta flutt af spítalanum og aftur heim.

### Lítur allt vel út

Það var mikil gleði þegar kallið loksins kom og Ísabella fékk ný lungu. „Þetta gerðist mjög óvænt en við vorum auðvitað búin undir að þetta yrði óvænt. Þegar við fengum að vita af þessu voru lungun komin á spítalann og allt leit rosalega vel út. Það tók rétt rúma tvo tíma að gera hana tilbúna. Hún var keyrð niður rétt um tólf og aðgerðin var búin hálf sex. Lungun sem hún fékk eru ofsalega fín. Læknarnir eru rosalega ánægðir og segja að þetta gangi allt vel,“ segir Ásthildur. Ísabella er þó enn mjög kvalin. „Henni er illt og hún er með mikla verki. Henni líður ekki vel en þetta er eins gott og það mögulega getur verið. Henni fannst strax auðvelt að anda þegar hún var komin úr öndunarvélinni en á enn erfitt með að anda djúpt,“ segir Ásthildur.

### Hvetur fólk til að taka afstöðu

Næstu mánuðir verða erfiðir fyrir Ísabellu og munu taka mikið á. „Fyrsta árið verður erfitt. Fyrstu mánuðina er hún á mjög stórum lyfjaskömmtum, enda mjög hætt við sýkingum. Síðan tekur líka við endurhæfing því hún er búin að vera rúmliggjandi síðustu mánuði. Það er alltaf mikil sýkingarhætta fyrstu mánuðina en við erum bara bjartsýn á að þetta muni allt ganga vel,“ segir Ásthildur.

Biðin eftir nýjum lungum hefur tekið á en Ísabella hefur verið dugleg að vekja athygli á mikilvægi þess að fólk taki afstöðu til líffæragjafar. Danskir fjölmiðlar hafa fjallað um mál hennar og hún heldur úti Facebook-síðu þar sem yfir 8 þúsund manns fylgjast með henni. Þar hefur hún fjallað mikið um líffæragjafir og hvatt fólk til að taka afstöðu til þeirra. „Að taka afstöðu til líffæragjafa er mjög mikilvægt að mínu mati. Fólk hefur fullan rétt til að segja nei en það þarf að finna út hvað maður vill ef eitthvað skyldi gerast og láta aðstandendur vita hver ósk þín er. Það eru því miður alltof margir sem deyja á meðan þeir bíða eftir líffæri,“ segir Ísabella.

### Nær draumnum

Ísabella hefur lengi átt sér þann draum að geta heimsótt Los Angeles þegar heilsan verður betri. Í sjúkrastofu hennar á spítalanum er heill veggur með myndum af ýmsum kennileitum úr borginni, Hollywood-skiltinu og fleira. Nú lítur allt út fyrir að biðin eftir því að komast til borgar englanna hafi styst og að draumurinn komi til með að rætast.

„Við vitum að það verður ekki fyrsta árið en hún færist nær draumnum núna og getur vonandi látið alla drauma sína rætast,“ segir móðir hennar.

## ➜ Líf Ísabellu og fjölskyldu á spítalanum



**DRAUMURINN** Það hefur lengi verið draumur Ísabellu að ferðast til Los Angeles. Á vegg sjúkrastofu hennar er að finna fjölmargar myndir úr englaborginni.



**Á SPÍTALANUM** Líf fjölskyldunnar hefur verið meira og minna á spítalanum undanfarna mánuði.




**BJARTSÝN** Myndin er tekin áður en Ísabella fór í aðgerðina. Nú er hún komin úr öndunarvél og er farin að geta andað sjálf en næstu mánuðir verða erfiðir.



MYNDIR/HELGI ÓMARSSON

# á enda

**Fyrsta árið verður erfitt. Fyrstu mánuðina er hún á mjög stórum lyfjaskömmtum, enda mjög hætt við sýkingum. Síðan tekur líka við endurhæfing því hún er búin að vera rúmliggjandi síðustu mánuði.**

*Ásthildur Stefánsdóttir, móðir Ísabellu.*

**Að taka afstöðu til líffæragjafa er mjög mikilvægt að mínu mati. Fólk hefur fullan rétt til að segja nei en það þarf að finna út hvað maður vill ef eitthvað skyldi gerast og láta aðstandendur vita hver ósk þín er. Það eru því miður alltof margir sem deyja á meðan þeir bíða eftir líffæri.**

*Ísabella Ásta Tórisson.*



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 15-0847

Opinn ársfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2015

Gleðilegt sumar!

Orkuveita Reykjavíkur býður þér á opinn ársfund í Gamla bíói mánudaginn 27. apríl kl. 14

Dagskrá

Frostavetur að baki
Bjarni Bjarnason, forstjóri OR

Fjárræði - sjálfræði
Haraldur Flosi Tryggvason, formaður stjórnar OR

Næstu skref hjá Orkuveitunni
Dagur B. Eggertsson, borgarstjórinn í Reykjavík

Snjöll samfélög og Ljósleiðarinn
Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur

Urriði, fræslægja og fjarstaddir jarðfræðingar
Hildigunnur H. Thorsteinsson, framkvæmdastjóri Þróunar OR

Brynja Þorgeirsdóttir stýrir fundinum
Teitur Magnússon flytur tónlist

Við bjóðum í sólarkaffi að loknum fundi
Skráning á www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur




**Fjölskyldur 25 barna fengu ferðastyrk Vildarbarna**

25 börnum og fjölskyldum þeirra, samtals um 150 manns, var afhentur ferðastyrkur úr sjóðnum Vildarbörn Icelandair á sumardaginn fyrsta, 23. apríl sl. Alls hafa 496 fjölskyldur notið stuðnings frá sjóðnum frá stofnun hans fyrir 12 árum. Sjóðurinn er fjármagnaður með beinu fjárframlagi Icelandair, frjálsum framlögum, söfnun myntar og sölu á Vildarenglinum um borð í vélum Icelandair, söfnunarbaukum á Keflavíkurflugvelli og á söluskrifstofum Icelandair auk viðburða á borð við stórmeistaramót Vildarbarna í skák. Starfsemi Vildarbarna Icelandair byggir á hugmyndum og frumkvæði Peggy Helgason, eiginkonu Sigurðar Helgasonar fyrrverandi forstjóra Flugleiða og núverandi stjórnarformanns Icelandair Group. Peggy, sem um árabil hefur stutt fjölskyldur fjölda veikra barna með ýmsum hætti, situr í stjórn Vildarbarna, Sigurður er formaður stjórnar og frú Vigdís Finnbogadóttir er verndari sjóðsins. Markmið sjóðsins er að gefa langveikum börnum, foreldrum þeirra og systkinum, tækifæri til þess að fara í draumaferð sem þau ættu annars ekki kost á.

Á myndinni eru styrkþegar ásamt stjórnendum Vildarbarna við úthlutun. Það er auðvelt að gerast Vildarvinur – allar upplýsingar er að finna á **www.vildarborn.is**




Vildarbörn Icelandair

Vertu með okkur

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 74193 04/15

## ÚR FJÖLSKYLDUALBÚMINU






Í kosningabaráttu vorið 2013. Sigríður Ingibjörg með Jakob, Davíð og Hönnu Sigþrúði á ferðalagi í Kaupmannahöfn sumarið 2008. Með Birgi í New York haustið 2013. Sigríður Ingibjörg og Hanna Sigþrúður í Flatey sumarið 2014.

# Varð hræddust á ævinni í IKEA

**Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur** langar að gera landið og líf fólks betra. Hún hefur farið höndum um forna skinnskó, perlur og mannabein. Vildi gjarnan vera útivistartýpa í raun, ekki bara í dagdraumum, og dans hennar er fegurri en nokkur tangó.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





**ÞINGMAÐURINN** „Ég reyni að læra af öllu sem ég lendi í og upplifi en ég er kannski ekki nógu mikill nörd,“ segir Sigríður Ingibjörg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## ÞEKKTU ÞINGMANNINN
**Reykjavíkurkjördæmi suður**

### Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

Fædd **29. maí 1968.**
Hvaðan **Reykjavík.**
Maki **Birgir Hermannsson.**
Börn **Natan Sigríðarson, Jakob, Hanna Sigþrúður og Davíð Birgisbörn.**
Áhugamál **Lestur og handavinna.**
Menntun **BA í sagnfræði frá HÍ, MA í viðskipta- og hagfræði frá Uppsalaháskóla í Svíþjóð.**
Störf **Verkefnisstjóri hjá Norræna félaginu, sérfræðingur á Hagstofu Íslands, hagdeild ASÍ og velferðarsviði félags- og tryggingamálaráðuneytis. Formaður framkvæmdastjórnar Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Alþingismaður frá 2009. Einnig nefndarmaður, fulltrúi eða stjórnarmaður í Kvennalista, Samfylkingarfélaginu í Reykjavík, bankaráði Seðlabankans og hússjóði Öryrkjabandalagsins.**

### ➜ Helstu baráttumál

- Gott heilbrigðiskerfi og skólar fyrir alla, óháð efnahag.
- Mannréttindi og frelsi til að vera við sjálf.
- Íbúðir fyrir alla.
- Alvöru aðgerðir gegn loftslagsbreytingum.

### SIGRÍÐUR Í ÞINGSAL JÖFNUÐUR OG MANNRÉTTINDI

**25.02.2014**

**„Ég vék hér að andverðleikasamfélaginu og helmingaskiptakerfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Það er þetta kerfi sem þorir ekki að leyfa þjóðinni að sjá samning við Evrópusambandið.**

**04.11.2014**

**„Lánasjóður íslenskra námsmanna hættir að vera sá sjóður sem honum er ætlað að vera, sem á að tryggja jafnrétti til náms óháð efnahag, ef ákveðinn hópur festist í skuldafeni ævina á enda.**

**24.02.2015**

**„Er aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar ekki augljós svik við afdráttarlaus kosningaloforð Framsóknarflokksins um afnám verðtryggingar?**

**Hvað finnst þér best við embætti alþingismannsins?**
Ég held að flestir sem setjast á Alþingi geri það af góðum ásetningi. Við viljum hafa góð áhrif á samfélagið, gera gagn, byggja upp og bæta. Þetta er kannski skrítið að segja þegar svona léleg ríkisstjórn hefur komist til valda en þetta er samt í meginatriðum satt. Mig langar til að gera landið betra og líf fólks betra og það besta við starfið er að fá tækifæri til þess. Og svo kannski hitt, að Alþingi er góður skóli, maður lærir hvernig hlutirnir hanga saman og samfélagið virkar.

**En verst?**
Mér finnst verst að við erum ekki að gera hlutina nógu vel.

**Er eitthvað úr reynslubankanum sem nýtist þér vel í starfinu?**
Ég reyni að læra af öllu sem ég lendi í og upplifi en ég er kannski ekki nógu mikill nörd. Ég er þakklát fyrir að hafa verið í sagnfræði og hagfræði, það hjálpar þegar maður þarf að reyna að skilja flókna hluti. Ég reyni að læra af alls konar rugli í lífinu líka og veit að maður er ótrúlega ófullkominn. Í pólitík lærði ég mikið af Kvennalistanum og öllum þessum snillingum sem ég hef starfað með í alls konar aðstæðum. Reynsla er alveg einstaklega teygjanlegt hugtak.

**Hvernig nærir þú þig helst andlega?**
Mér finnst gott að vera með öðru fólki. Að vera jafnaðarmanneskja er ekki síst fólgið í því að virða skoðanir og sjónarmið annarra í fúlustu alvöru – og hafa gaman af því.

**Ertu göngukona?**
Nei. Ég fer í sund og einstöku sinnum út með Lubba og Birgi. Mér finnst gott að vera úti og ég vildi að ég væri útivistartýpa í raun en ekki bara í dagdraumum.

**Finnst þér gaman að dansa?**
Já. Ég dansa það sem ungt fólk með takmarkaða dansreynslu kallar „miðaldra dans“, set stút á munninn, sletti í góm og sveifla höndum frjálslega, ásamt lostafullu mjaðmadilli. Dans minn er fegurri en nokkur tangó.

**Hefurðu komið í torfbæ?**
Já já, og klaustur og göng, ofan í sýruker og grafir frá söguöld. Ég gróf eftir fornleifum á sumrin þegar ég var í sagnfræðinni, þannig að ég hef skafið innan ótal torfbæi. Í Viðey gróf ég það sem er líklega sjálft Viðeyjarklaustur, undir stjórn Margrétar Hallgrímsdóttur, og baksaði jöfnum höndum við forna skinnskó, perlur, kamba og mannabein. Svo er auðvitað Glaumbær í Skagafirði í uppáhaldi.

**Hvert er leiðinlegasta húsverkið að þínu mati?**
Ég skammast mín fyrir það, en mér leiðast öll húsverk. Þetta bitnar talsvert á manninum mínum en minna á börnunum, því börn hafa svo mikla aðlögunarhæfni. Ég geri þetta, og við hjálpumst að, en það er af skyldurækni og fórnfýsi fremur en áhuga. Ryksugur eru háværar, skúringafötur blautar og hárugar, uppvaskið er alltaf leiðinlegra en máltíðin. Börnin eru hrein og nærð og það er í forgangi.

**Hvert vildir þú helst ferðast?**
Við fjölskyldan erum að leggja drög að hringferð í sumar og ég get ekki beðið eftir að renna úr hlaði. Ég hef ferðast víða en á þó ansi marga heimshluta eftir. Efst á óskalistanum núna eru Istanbúl og Japan. Helst vildi ég geta heimsótt Stokkhólm og New York á hverju ári.

**Hvar finnst þér fallegast á Íslandi?**
Ó, það eru svo margir fallegir staðir á Íslandi. En verði ég að velja einn þá vel ég Kirkjubæjarklaustur og svæðið í kring. Veit ekki af hverju, bara svo fullkomið. Þingvellir eru líka í uppáhaldi og það þarf ég örugglega ekki að útskýra fyrir neinum. Svo er náttúrulega enginn staður fegurri en góður leikskóli.

**Hefurðu lent í lífsháska eða annarri dramatískri reynslu?**
Ég hef í rauninni aldrei lent í meiri lífsháska en þeim sem fylgir lífinu: að eignast og eiga börn og ala þau upp, reyna að ráða við sjálfa mig, eignast fólk og missa. Það eru allir í lífsháska meira og minna. Hræddust varð ég á ævinni í IKEA í Uppsala, þegar byssumenn stormuðu með látum inn í rúmadeildina þar sem ég var að spá í uppfærslu á 10 sentimetra dýnubleðli. Ég fraus, og mátti þakka fyrir að hafa ekki einu sinni getað leitað skjóls undir tvíbreiðu rúmi á sanngjörnu verði, því þetta voru bara einhver strákapör.

# RÉTTU GRÆJURNAR

6. MAÍ - HARPA

**Í SAMTENGDUM HEIMI ERU ENDALAUSIR MÖGULEIKAR Á AÐ LÁTA RÖDD SÍNA HEYRAST.**



Lucas Gilman

Úrvalið hjá Nikon af myndavélum, linsum og aukabúnaði sem og sjónaukum og öðrum íþróttalinsum veita öllum tæki til að skapa myndir og ná myndskeiðum sem segja merkilega sögu, örva tjáskipti og láta að sér kveða - réttu græjurnar fyrir alla sem hafa áhuga á alvöru myndsköpun.

Nikon býður þér með stolti í síðdegisboð með Lucas Gilman og Christopher Lund, sem mun hvetja þig til samskipta og til að láta að sér kveða.

**Að skrá ykkur fyrir ókeypis miða!**
therightstuff.nikon.is

Nikon
*At the heart of the image*

## 8 UPPÁHALDS ÖPPIN



Óskar Steinn Ómarsson
formaður Bersans – Ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði

**TWITTER**
Ég elska Twitter. Íslenska Twitter-samfélagið stækkar hratt og hefur aldrei verið fjölbreyttara. Ég er @osomarsson á Twitter.

**STRÆTÓ**
Ég elska að taka Strætó en þar sem ég nota hann ekki nógu reglulega til að kaupa áskriftarkort hentar appið mér frábærlega.

**SPOTIFY**
Ég er ekki alltaf með tónlist í eyrunum en Spotify er frábært til að geta nálgast þá tónlist sem ég vil þegar mér hentar.

**PAGES MANAGER**
Ég er mikið í pólitísku starfi og Pages Manager er nauðsynlegt til að halda utan um þær Facebook-síður sem ég stjórna.




**AIRBNB**
Þegar ég ferðast vil ég frekar gista í heimahúsum en á hótelum. Þannig kynnist ég heimafólki og heimagistingar eru oftar en ekki ódýrari en hótelgisting.

**DUOLINGO**
Ég er að fara til Spánar í næsta mánuði og eyði um þessar mundir stórum hluta af frítíma mínum í að rifja upp spænskuna.

**WIKIPEDIA**
Wikipedia er uppáhaldsbankinn minn. Endalaust af staðreyndum. Ef ég er í vafa um eitthvað þá veit Wikipedia svarið.

**HOW TO TIE A TIE**
Ég get ekki fyrir mitt litla líf lært að binda bindishnút. Ég veit ekki hvort þetta er besta bindishnútaappið á markaðnum, en það hefur aldrei brugðist mér.





**HUBBLE** Ultra-Deep Field er ljósmynd sem sjónaukinn tók á 4 mánaða tímabili yfir áramótin 2003-2004. Hann horfði 13 milljarða ára aftur í tímann. Á myndinni er að finna 10 þúsund vetrarbrautir. Myndin var tekin af litlu svæði á himninum í stjörnumerkinu Ofninum. Hubble fann þessar vetrarbrautir á agnarsmáum bletti sem samsvarar einum 13 milljónasta af himninum. Hubble verður öðru lögmáli varmafræðinnar að bráð.

# Séð með augum Hubble í 25 ár

Eitt mikilvægasta tól stjörnufræðinga fagnar aldarfjórðungi á sporbraut. Dagar þessa lukkudýrs geimvísindanna taldir.



**Kjartan Hreinn Njálsson**
kjartanh@365.is

Árið er 2037. Yfir Kyrrahafi myndast litríkar, bogadregnar rákir á himni. Þær brenna í örfáar sekúndur og hverfa. Fáeinir forvitnir vísindamenn fylgjast með á jörðu niðri og hátt fyrir ofan fara geimfarar með vel valin orð. Atburðurinn ratar vonandi í fjölmiðla en það verður að teljast ólíklegt.

Fyrirbærið sem fuðrar upp í lofthjúpi Jarðar eftir 22 ár er 11 tonna járnhlunkur að nafni Hubble og með honum brennur fornaldarlegur tækjabúnaður og hallærislegar tölvur frá 9. áratug 20. aldar. Þar með lýkur 47 ára dvöl Hubble á sporbraut um Jörðu. Hann verður að engu eftir að hafa hringað plánetuna rúmlega 257 þúsund sinnum og fært mannkyni marga af stórkostlegustu leyndardómum alheimsins. Við höfum aldrei verið sérstaklega samúðarfull þegar úrelt tækni er annars vegar.

### Auga heimsbyggðarinnar

Þann 24. apríl 1990 húkkaði Hubble-geimsjónaukinn far með geimferjunni Atlantis og aldarfjórðungi síðar stendur hann enn vaktina. Hubble er langt því frá elsta manngerða fyrirbærið á sporbraut um Jörðu, en líklega það frægasta. Hugmyndin um sjónauka á sporbraut um plánetuna, sem sneiðir hjá truflunum lofthjúpsins, má rekja allt til ársins 1923. Upp úr 1943 hófst raunveruleg barátta stjörnufræðinga og hún stóð áratugum saman. Á endanum fékkst samþykki og fjármagn og NASA og ESA tóku höndum saman.

Frá upphafi 10. áratugarins hefur Hubble margsannað vísindalegt mikilvægi sitt. Með því að rýna í bjagað ljós frá fjarlægum vetrarbrautum hjálpaði Hubble vísindamönnum að setja saman þrívíða mynd af hulduefni alheimsins. Árið 1994 fylgdist sjónaukinn með þegar halastjörnuklasinn Shoemaker-Levy 9 skall á Júpíter á 216 þúsund kílómetra hraða og með krafti 300 gígatonna af TNT (samanlagður sprengikraftur allra kjarnavopna heimsins samsvarar 7 gígatonnum).

Svarthol skipa síðan sérstakan sess í sögu Hubble-verkefnisins. Sjónaukinn sá að ofurstór svarthol leynast í flestum vetrarbrautum sem eru með áberandi bungu í miðjunni. Enn fremur virðast vera tengsl á milli stærðar svartholanna og umfangs vetrarbrautanna. Sú staðreynd hjálpaði vísindamönnum að skilja mikilvæga þætti í þróunarsögu alheimsins.

Páll Jakobsson, prófessor í stjarneðlisfræði við Háskóla Íslands, er einn af fjölmörgum vísindamönnum sem hafa notað gögn frá Hubble til að rannsaka svarthol. Páll var hluti af rannsóknarteymi sem sá hvernig risavaxið svarthol í fjarlægri vetrarbraut tætti í sig stjörnu á braut um það.

### Hubble styður Hubble

Hubble skar síðan endanlega úr um hversu gamall alheimurinn er í raun og veru. Vísindamenn höfðu lengi vel þurft á takast á við óþolandi þversagnir þar sem sumar stjörnur virtust vera eldri en alheimurinn. Hubble tókst að áætla af mikilli nákvæmni hversu hröð útþensla alheimsins er og með (tiltölulega) einföldum hætti gátu vísindamenn reiknað 13,75 milljarða ára aftur í tímann. Þar biðu reyndar aðrar þversagnir, en það er önnur saga.

Í vísindasögulegu samhengi er ein uppgötvun sem vekur sérstaka athygli. Árið 2013 starði Hubble í 36 stundir á þyrpingu vetrarbrauta og skilaði um leið sjónrænni staðfestingu á almennri afstæðiskenningu Einsteins. Samanlagður massi þúsunda vetrarbrauta og hulduefnis afmyndaði ljós (þyngdarlinsur) sem barst frá svæðinu. Ljósið sveigðist til í tíma og rúmi, rétt eins og kenning Einsteins gerir ráð fyrir. Uppgötvunin er skemmtileg enda hafði stjörnufræðingurinn Edwin Hubble, sá sem sjónaukinn er nefndur eftir, að mati margra einnig sannað kenningu Einsteins árið 1929 þegar hann sýndi fram á útþenslu alheimsins.

➜ **NASA** gerir ráð fyrir að Hubble verði á braut um Jörðu næstu 22 árin. Árið 2037, þegar Hubble verður löngu óstarfhæfur, nær annað lögmál varmafræðinnar yfirhöndinni og Hubble kveður stjörnurnar.

### Óreiðan tekur völd

Lítið breytist með aldarfjórðungs afmæli Hubble. Næstu árin mun sjónaukinn halda áfram að rýna í stjörnurnar en dagar hans eru taldir. Hönnun Hubble gerði ráð fyrir virkri geimferðaáætlun Bandaríkjamanna en hún er vart til staðar í dag. Fjórum sinnum hafa geimfarar sinnt viðhaldi á Hubble, síðast 2009, en það mun aldrei gerast aftur. Eins og allir hlutir á sporbraut um Jörðu er Hubble í raun í frjálsu falli. Hann er á lágbraut yfir Jörðu, í 560 kílómetra hæð og öll gervitungl á slíku róli finna fyrir litlu en þó umtalsverðu álagi.

## Mortal Kombat aldrei betri og blóðugur sem aldrei fyrr

**MORTAL KOMBAT X**
★★★★☆
PS4 **BARDAGALEIKUR**

Tíundi leikurinn í Mortal Kombat-seríunni er sá besti hingað til. Eins og áður er leikurinn best nýttur í að berjast við vini sína og vandamenn. Aftur á móti er sagan svo æðislega klisjukend og hallærisleg að það er stórskemmtilegt að fara í gegnum hana.

Mortal Kombat X lítur vel út, allar hreyfingar hafa verið stórbættar og bardagar eru mjög flæðandi. Fjölmargir nýir karakterar eru kynntir til leiks og er hægt að spila þrjár útgáfur af þeim öllum. Það víkkar leikinn mikið og gerir spilunina skemmtilegri fyrir vikið. Þá er vert að nefna að MK hefur aldrei verið eins blóðugur.

Það sem hefur lengi stuðað undirritaðan varðandi Mortal Kombat-leikina er að það er sama hvað maður æfir sig og lærir mörg brögð, maður virðist alltaf tapa fyrir fólki sem pikkar bara á einhverja takka á gífurlegum hraða og er svo steinhissa þegar það vinnur.

Netspilun hefur verið bætt. Þegar leikurinn er fyrst spilaður þarf að velja einn af fimm flokkum sem berjast um stig í hverri viku. Sá flokkur sem sigrar er verðlaunaður með nýjum svokölluðum Fatalities, eða endabrögðum, breyttu útliti bardagamanna og öðru.

Á heildina litið er Mortal Kombat umfram allt skemmtilegur leikur að spila. Framleiðendum leiksins, NetherRealm Studios, tekst vel að halda þróun leiksins áfram svo að bæði gamlir spilarar kannist við hann og nýir séu fljótir að læra inn á hann. - skó




**MIKLAR BREYTINGAR** Þrátt fyrir að mörg kunnugleg andlit sé í leiknum hefur fjölmörgum verið bætt við.




**Söguganga í Hafnarfirði**
Páll Bjarnason arkitekt leiðir hönnunargöngu um Hafnarfjörð.
Síða 4





**Hátíð barnanna**
Lokadagar Barnamenningarhátíðar í Reykjavík eru um helgina.
Síða 6









**Á UPPLEIÐ** Soffía Björg er ung og hæfileikarík. Hún er bæði laga- og textahöfundur og fyrsta platan á leiðinni. MYND/BIRTA RÁN






# TÓK LANGAN TÍMA AÐ STÍGA Á SVIÐ

**SVEITASTELPA** *Soffía Björg Óðinsdóttir, söngkona, laga- og textahöfundur, nýtur sín best heima í sveitinni þegar hún semur lögin sín. Fyrsta platan er væntanleg í byrjun sumars en Soffía Björg hefur undirbúið hana í heilt ár.*

Soffía Björg er ein átta systkina frá bænum Einarsnesi, rétt utan við Borgarnes. Tónlistin hefur ávallt verið ríkur þáttur á heimilinu og þessi stóri hópur kemur gjarnan saman, syngur og leikur tónlist. Móðir hennar er Björg Karitas Jónsdóttir sópransöngkona og amma er Soffía Karlsdóttir, leik- og söngkona. Faðir hennar, Óðinn Sigþórsson, grípur gjarnan í nikkuna, píanó og gítar. Þá er systir Soffíu, Kristín Birna, einnig söngkona. Það er því óhætt að segja að þetta sé tónelsk stórfjölskylda í Borgarfirðinum. „Ég held að það sé tónlist í okkur öllum systkinunum. Það er tónelskt fólk í báðum ættum,“ segir Soffía. „Það hefur alltaf verið líf og fjör á þessum bæ.“

**PLATA Í VINNSLU**

Soffía er 29 ára og býr heima um þessar mundir eftir tíu ára búsetu í höfuðborginni. „Ég saknaði kyrrðarinnar í sveitinni á meðan ég bjó í borginni. Núna sakna ég stundum erilsins í Reykjavík,“ segir Soffía og bætir við að þægilega stutt sé að skjótast í bæinn, enda þarf hún oft að vera á ferðinni á milli. „Ég útskrifaðist í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands síðastliðið vor. Platan sem ég er að vinna er partur af lokaverkefni mínu þar,“ segir hún. „Mér fannst sóun að setja upp tónleika fyrir útskriftina og nýta þá ekkert frekar. Þess vegna ákvað ég að vinna efnið frekar með plötu í huga. Önnur lög á plötunni hef ég verið að flytja með hljómsveit minni.“ ▶




**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429


# Aðalfundur NLFR

Aðalfundur Náttúrulækningafélags Reykjavíkur verður haldinn í Norræna húsinu þriðjudaginn 28. apríl 2015 kl. 17:00.

**Dagskrá:** Hefðbundin aðalfundarstörf.

**Sérstakur gestur fundarins:**
Magnús Aðalsteinn Sigurðsson, sagnfræðingur flytur fróðlegt erindi um **Jónas lækni og áhrifavalda hans.**

**Léttar veitingar í boði félagsins.**
**Stjórn NLFR**

NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAG REYKJAVÍKUR NLFR

**Berum ábyrgð á eigin heilsu**




NÆRANDI ÞÆTTIR
Á NÝJU VEFSVÆÐI VÍSIS

Þorbjörg Hafsteins veitir góð ráð um hvernig megi efla lífsorkuna, bæta útlit og viðhalda vellíðan.

Fylgstu með þessum fróðlegu örþáttum á **visir.is/heilsuvisir.**

*Heilsuvísir er vefsvæði á Vísi tileinkað heilsu, hreyfingu, hollu mataræði og kynlífi. Kíktu í heimsókn.*

vísir

Vísir.is er hluti af 365 HIMNESKT gló FÁKAFENI


Þegar Soffía er beðin að útskýra eigin lög, svarar hún: „Þetta er þjóðlagapopptónlist en svolítil sveitatónlist líka. Með annarri hljómsveit, Brother Grass, hef ég leikið gömul Suðurríkjalög en sá stíll hentar mér mjög vel. Ég er svo melankólísk, lögin mín og textar eru lituð af því. Ég á annars erfitt með að skilgreina þessa tónlist en frá unga aldri hef ég alltaf litið upp til Erics Clapton. Ég var hugfangin af hljómfallinu og textunum í lögum hans. Ég held að fyrstu áhrifin séu frá honum komin. Með aldrinum hef ég farið um víðan völl í tónlistinni. Ég lærði á gítar fyrir fimm árum og hef þjálfast í gegnum lögin sem ég er að semja,“ útskýrir Soffía Björg.

**TÓNELSK, FEIMIN SVEITASTÚLKA**

Soffía Björg er alin upp í Borgarfirði og segist vera mikil sveitastúlka. „Mér líður einstaklega vel í sveitinni. Ég var orðin mjög þreytt á leigumarkaðnum í Reykjavík, mig langaði að skipta um umhverfi. Það var því dásamlegt að flytja aftur heim,“ segir hún. „Ég er mikil hestakona og nýt þess að vera í kringum hrossin. Fjölskyldan fór alltaf í árlega hestaferð og þá var gjarnan mikið sungið og leikið á hljóðfæri. Alltaf mikil gleði í slíkum ferðum. Ég segi oft að ég hafi alist upp á hestbaki,“ segir hún.

Soffía Björg stundaði nám í fjölbrautaskólanum á Akranesi. Flutti síðan til Reykjavíkur til að vinna og kláraði skólann í fjarnámi. „Þá hóf ég nám við Söngskólann í Reykjavík hjá Dagrúnu Hjaltadóttur óperusöngkonu. Þarna fetaði ég fyrstu sporin í tónlistarnámi og var alveg skíthrædd vegna feimni. Mér hafði aldrei dottið í hug að ég færi þessa leið. Mamma hvatti mig hins vegar til að fara í söngnám til að ná úr mér feimninni. Þetta var eitthvað það erfiðasta sem ég hef gert. Ég titraði svo mikið á fyrstu prufunni að lappirnar gáfu sig bókstaflega,“ segir Soffía sem sótti síðan um inngöngu hjá FÍH og lærði þar djass- og blússöng. „Ég heillaðist mjög af blús,“ segir hún.

**MARGT AÐ GERAST**

„Síðan komst ég inn á tónsmíðabraut í Listaháskólanum haustið 2011 undir handleiðslu Tryggva M. Baldvinssonar tónskálds. Eftir námið hef ég verið að spila og syngja með Brother Grass og við höfum haft heilmikið að gera. Ég hef meira og minna unnið við tónlist undanfarin ár og hef nýtt þekkingu mína til að útsetja lögin á væntanlegri plötu minni. Einnig samdi ég kórverk fyrir Dómkórinn í Reykjavík síðasta haust sem var einstaklega skemmtilegt. Það var flutt á tónlistardögum Dómkirkjunnar,“ segir Soffía.

Síðasta sumar fór hún til New York og söng á útgáfutónleikum fyrir söngleikinn Revolution in the Elbow of Ragnar Agnarsson Furniture Painter sem var settur upp „off Broadway“. Þá lék hún sömuleiðis á Reykjavík Folk-festival. „Í fyrra kom ég fram á Aldrei fór ég suður og aftur núna sem bakraddarsöngkona með Boogie Trouble. Það var alveg gífurlega gaman, mikið dansað,“ útskýrir hún. „Núna 2. maí verð ég með tónleika í Mengi á Óðinsgötu en systir mín, Sigríður Þóra, sem er listakona verður með vídeóverk sem verður varpað á vegg staðarins. Síðar í maí kem ég fram á hátíðinni Saga-Fest á Stokkseyri.“

**SPENNANDI DAGAR**

Soffía kom fram á barnamenningarhátíðinni í Hörpu í vikunni. Þar söng hún lög í Upptaktinum, tónsmíðakeppni krakka. „Ég fékk í hendur dásamleg lög frá börnum og þetta var svo skemmtilegt. Um helgina ætla ég að spila fyrir hóp í Borgarfirði. Mæti með gítarinn og syng skemmtilega blöndu fyrir fólkið,“ segir hún. Soffía hefur sungið heilmikið í heimabyggð. Brother Grass hefur til dæmis oft verið með tónleika í Landnámssetrinu. Einnig hefur hún haldið tónleika með systur sinni, Kristínu Birnu. Þá hafa þær komið fram á þorrablótum við góðar undirtektir. Systurnar voru sömuleiðis með tónleika á Rósenberg um síðustu jól svo þær hafa unnið talsvert saman. „Tónlistin er svo fjölbreytt að maður getur gert alls konar,“ segir Soffía. „Það er allt að gerast í tónlistinni hjá mér. Þetta er ótrúlega spennandi og ég fæ fiðring fyrir hvert einasta gigg. Ég gæti ekki hugsað mér að vinna við neitt nema tónlist þrátt fyrir að þetta sé hark og óvissa.“

Soffía Björg segir að hún sé að mestu búin að ná úr sér feimninni. „Það tók alveg nokkur ár að sættast við að standa á sviði, láta mér líða vel og njóta. Núna hlakka ég til að koma fram.“ Þegar hún er spurð hvort hún hafi ekki sungið í grunn- og framhaldsskóla, svarar hún: „Nei, Guð minn góður. Ég hefði aldrei getað gert það. Það verður allt að hafa sinn tíma. Mann langaði auðvitað alltaf að verða eins og þessar flottu söngdívur en mér fannst það óraunhæfur draumur.“

**NÁTTÚRUBARN**

„Ég er afskaplega þakklát fyrir að hafa alist upp í sveit og sæki margt í náttúruna. Lögin mín verða til í sólskála móður minnar. Það er svo fallegt útsýni frá honum sem gefur mér innblástur. Svo er ég með vinnuaðstöðu í Borgarnesi, í nýsköpunar- og frumkvöðlasetri sem heitir Hugheimar, og þangað fer ég oft. Ég lifi í núinu og læt hlutina hafa sinn gang. Mér finnst óþarfi að stressa sig,“ segir þessa unga söngkona.



**Í NEW YORK** Útgáfutónleikar í New York á síðasta ári.
MYND/DAVID BURLACU



**SVEITIN** Soffíu líður best í sveitinni heima. Hún er alin upp í Borgarfirði og stendur hér fyrir utan bæinn.



**Á TÓNLEIKUM** Soffía á sviði. Það tók hana langan tíma að þora að stíga á svið vegna feimni.
MYND/KRISTÍN JÓNSDÓTTIR

elin@365.is


Nýtt
kortatímabil!
Sumarsprengja-
20-50% afsláttur!
Af völdum nýjum vörum dagana 23-27. apríl
ZIK ZAK
T Í S K U H Ú S
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
42-56
TÚNIKA
ÁÐUR 8.990
NÚ 5.990
42-56
BOLUR
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
42-56
KJÓLL
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
S-XXL
PEYSA
ÁÐUR 7.990
NÚ 5.990
S-XXL
MUSSA
ÁÐUR 7.990
NÚ 4.990
42-56
PEYSA
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.990
42-56
SKÓR
3.990KR
st. 36-41
JESSIGIRL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 9.990
NÚ 7.990
42-56
SKOKKUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 9.990
NÚ 4.990
S-XXXL
MUSSA
ÁÐUR 7.990
NÚ 4.990
42-56
Fylgstu með Tískuhúsi Zik Zak á Facebook
1. hæð Kringlunnar
Hægt er að panta í síma: 551-1314

# SAGA BYGGINGA Í HAFNARFIRÐI

**HÖNNUNARGANGA** *Páll V. Bjarnason arkitekt leiðir hönnunargöngu um Hafnarfjörð í dag. Páll mun fara yfir sögu hafnfirskrar byggingarlistar og segja frá íbúum margra elstu húsanna, starfsemi innan veggja þeirra og höfundum þeirra.*

Páll V. Bjarnason þekkir byggingarlistarsögu Hafnarfjarðarbæjar út og inn en hann er sérfræðingur í endurbyggingum og varðveislu húsa. Hann hóf feril sinn í Hafnarfirði þar sem hann bjó í fjórtán ár og sá um viðbyggingar við mörg gömul hús í bænum. Hann leiðir sögugöngu um Hafnarfjörð í dag sem hefst klukkan 14.

„Ég hef kynnt mér sögu þessara húsa talsvert og hún er því komin í gagnabankann í hausnum á mér,“ segir Páll.

„Ég kalla þetta hönnunargöngu og mun í henni fjalla um þróun hafnfirskrar byggingarlistar á mannamáli. Gangan tekur um einn til einn og hálfan tíma og efnistökin því aðeins bundin þeirri tímalengd. Ég fer um miðbæinn og byrja á elstu torfu bæjarins, hjá húsi Bjarna Sívertsen og Hansensbúð. Þaðan kíki ég upp á Kirkjuveg þar sem hús Bjarna Snæbjörnssonar læknis stendur og fleiri steinsteypuklassísk hús frá því um 1930. Þaðan verður gengið inn í miðbæinn eftir Strandgötunni en þar eru nokkur funkishús, ráðhúsið, sparisjóðurinn og Venusarhúsið svokallaða sem ég mun segja frá.“

### ÁTTI AÐ RÚSTA MIÐBÆNUM

„Ég mun aðeins taka fyrir miðbæjarskipulagið og söguna þar á bak við en það átti að rústa öllum miðbæ Hafnarfjarðar árið 1962 og þær ákvarðanir höfðu óneitanlega áhrif á byggingarlistina á þessu svæði,“ segir Páll. „Nokkur gömul hús voru rifin í framhaldinu en svo var hætt við þessar framkvæmdir, sem betur fer. En þarna standa því nokkur funkishús eins og steinrunnin tröll í miðbænum, innan um gömlu húsin.“

„Þaðan heldur gangan áfram upp Gunnarssund og eftir Vesturgötunni í áttina að læknum. Ég segi frá húsum á leiðinni eins og Vesturgötu 40 sem er mjög flott steinsteypuklassík og Einarsbúð niðri við Strandgötu sem er gömul verslun frá 1907. Þá tekur við nýrri hönnun, safnaðarheimilið, kirkjan og tónlistarskólinn sem er áfastur kirkjunni, í síðfunkisstíl. Gangan endar svo við elsta hús Hafnarfjarðar, sem var Strandgata 50 en er núna hluti af Fjörukránni.“

Hönnunargangan er öllum opin og ókeypis. Hún hefst klukkan 14 í dag við Vesturgötu 8.



**SÉRFRÓÐUR UM GÖMUL HÚS** Páll V. Bjarnason arkitekt leiðir hönnunargöngu um miðbæ Hafnarfjarðar í dag og segir frá byggingarlistarsögu bæjarins, íbúum og starfsemi í húsunum. MYND/GVA



**AKURGERÐI OG LINNETSHÚS.**



**KIRKJUVEGUR 7.**



**HAFNARFJARÐARBÆR FRÁ HAMRINUM.**



**HÚS ÓLA BORGARA.**

MYNDIR/BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR




InnX • Fosshálsi 110 Reykjavík • Sími 577 1170 • www.innx.is • innx@innx.is

## VINVEITTIR GERLAR

***Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið. Optibac fæst í öllum apótekum og heilsuverslunum á Íslandi. Nánari upplýsingar á www.raritet.is og www.facebook.com/optibaciceland***




# FLATUR MAGI Á SJÖ DÖGUM

**RARITET KYNNIR** *OptiBac-meltingargerlarnir henta þeim sem þjást af óþægindum í maga. Þeir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi. One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.*

Ég stunda strangar æfingar alla daga og það útheimtir mikla orku. Ég þarf að byggja upp orkuna bæði fyrir æfingarnar og til að eiga eitthvað afgangs fyrir fjölskylduna og daglegt líf. Það reynir verulega á líkamann að standast álagið sem fylgir því að vera dansari og keppa á meðal þeirra bestu,“ segir Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.

Algengt er að fólk fái pestir, svo sem kvef og flensu eða í magann, þegar líkaminn er undir miklu álagi. Því er mikilvægt að huga vel að mataræðinu og taka inn OptiBac-meltingargerla en 60% af ónæmiskerfisfrumunum er að finna í meltingarveginum. Vinveittar bakteríur úr OptiBac styrkja varnarkerfi líkamans.

**FÆST Í ÖLLUM HELSTU APÓTEKUM OG HEILUSVÖRUVERSLUNUM.**



**HEILBRIGÐ MELTING** „Ég mæli með því að nota vandaða meltingargerla eins og frá OptiBac Probiotics til að viðhalda heilbrigðri meltingu og bæta almenna heilsu,“ segir Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari. MYND/ERNIR

### VIÐKVÆM Í MAGA

Hanna Rún kynntist nýlega OptiBac-meltingargerlunum. OptiBac – One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.

„Ég er sjálf með magavandamál. Ég þoli illa glúten, brauð og mjólk og er alltaf í miklum vandræðum þegar kemur að keppnum. Þá þarf ég að passa mjög vel hvað ég læt ofan í mig. Það er dagamunur á mér, stundum get ég vel borðað brauð án þess að finna fyrir neinu en aðra daga fer það rosalega illa í mig. Við ferðumst líka mjög mikið í tengslum við keppnir og þá er ég kannski að borða öðruvísi mat en ég er vön. Það kemur oft fyrir að maginn á mér þenst út, mér verður illt og lít nánast út fyrir að vera komin nokkra mánuði á leið. Það er erfitt að keppa í þröngum kjól með útblásinn maga,“ segir Hanna Rún.

„Meðan á blæðingum stendur þenst kviðurinn líka gjarnan út og þá er mjög erfitt að halda maganum inni. One Week Flat kemur sér vel þá daga sem þær standa yfir.“

### ÞARF EKKI AÐ GLEYPA PILLUR

„Það er líka stór kostur við One Week Flat að það er í duftformi en ekki í töflum. Ég hef alltaf átt mjög erfitt með að gleypa töflur, sama hversu litlar þær eru. Þess vegna líst mér sérstaklega vel á að One Week Flat er í duftformi, ég get þá bara hrært það út í vatn,“ segir Hanna Rún.

## ONE WEEK FLAT

- OptiBac-meltingargerlarnir henta vel fyrir þá sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga sem getur stafað af mataróþoli eða vanvirkni í meltingarstarfsemi.
- One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.
- Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuóþoli.
- One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.
- Vörurnar frá OptiBac innihalda blöndu sýruþolinna meltingargerla sem komast örugglega og lifandi gegnum magasýrur smáþarma, þar sem þeim er ætlað að virka.




**ÚTSÖLUSTAÐIR:** Apótek um allt land




# BESTA FLENSUVÖRN SEM ÉG HEF PRÓFAÐ

*Sambucol er öflug fyrirbyggjandi lausn gegn kvefi og flensu fyrir alla fjölskylduna. Sambucol er náttúrulegt fæðubótarefni úr black elderberry-extrakt.*

Þórarinn Þórhallsson, eigandi Raritet, hefur varla fengið flensu eða kvef undanfarin ár eða síðan hann kynntist Sambucol. „Ég prófaði Sambucol þegar ég fékk heiftarlega flensu fyrir nokkrum árum og það virkaði strax. Einkennin urðu mildari og það var mun auðveldara að takast á við veikindin. Ég var kominn aftur á ról eftir tvo til þrjá daga. Eftir það hef ég notað Sambucol markvisst allt árið um kring og hef hvorki fengið kvef né flensu síðan sem neinu nemur, 7-9-13,“ segir Þórarinn.“

### NÁTTÚRULEG VÍRUSVÖRN

Áratuga rannsóknir á Sambucol hafa sannað gagnsemi við t.d. inflúensu A og B og styrkingu á ónæmisviðbrögðum.

**Dæmi um klíniskar rannsóknir á Sambucol:**

■ *1995 – Inflúensa B rannsókn*
Miklu meiri bati hjá 93,3% þeirra sem tóku Sambucol en þeim sem notuðu lyfleysu.

■ *2001 – Ónæmiskerfisrannsókn „In vitro“*
Sambucol reyndist vera hjálplegt til að styrkja ónæmiskerfið hjá fólki sem hafði minnkandi ónæmisviðbrögð.

■ *2004 – Inflúensa A rannsókn*
Sambucol sýndi góða verkun gegn flensu og fækkaði veikindadögum að meðaltali um fjóra. Þeir sem tóku Sambucol þurftu einnig á mun minni verkjalyfjum að halda.

■ *Fuglaflensa H5N1*
Sambucol virkaði í 99% tilfella til að vinna á móti H5N1 vírusnum.

### HVERNIG GETUR SAMBUCOL HJÁLPAÐ?

- **Með því að taka Sambucol allan ársins hring er hægt að koma í veg fyrir kvefsmit og flensu. Mælt er með því að taka stærri skammt af Sambucol yfir vetrartímann.**
- **Sambucol getur hjálpað til við að forðast flensusmit á ferðalögum, á fjölförnum stöðum og í almenningsfarartækjum.**
- **Sambucol hefur fyrirbyggjandi áhrif, svo gott er að taka það inn þegar mikið stendur til.**

### SAMBUCOL ER FÁANLEGT Í ÞREMUR MISMUNANDI PAKKNINGUM

- Sambucol for Kids er bragðgott náttúrulegt þykkni sem inniheldur svört ylliber og C-vítamín. Hentar börnum á aldrinum 3-12 ára. Þykknið er einstaklega bragðgott.
- Sambucol Immune Forte er sykurlaust, náttúrulegt þykkni sem inniheldur svört ylliber og Antivirin sem kemur í veg fyrir að vírusar nái til frumnanna og fjölgi sér. Inniheldur auk þess C-vítamín og sink sem styrkja ónæmiskerfið.
- Sambucol Immune Forte – hylki: Fyrir þá sem ekki vilja mixtúru er hægt að fá Sambucol forte með C-vítamíni og sinki í hylkjum. En forðahylki eru góður kostur þar sem innihaldsefnin eru í duftformi og eru þannig auðmeltanleg.

### GÓÐ RÁÐ TIL AÐ FORÐAST SMIT

- Hreinlæti.
- Borðið engifer og hvítlauk og takið meltingargerla til að styrkja ónæmiskerfið.
- Takið inn Sambucol alla daga til að minnka líkur á smiti af kvefi og flensu.
- Best er að halda sig heima ef flensan bankar upp á.


## ÞYNGDARSTJÓRNUN OG BLÓÐSYKURSJAFNVÆGI MEÐ SLIM PASTA

**„Slim Pasta“ kemur alfarið í staðinn fyrir venjulegt pasta og er notað samhliða hollu hráefni eins og grænmeti, kjöti og fiski. Pastað getur þú notað í alla þína uppáhaldsrétti en það hjálpar þér að elda hollan og næringarríkan mat.**




„Ég hef notað Slim Pasta reglulega um nokkurra mánaða skeið og mæli heilshugar með þessum vörum, en hann notar Slim Pasta markvisst í ýmsar uppskriftir í staðinn fyrir venjulegar pastavörur með góðum árangri“

Víðir Þór Þrastarson,
íþrótta- og heilsufræðingur













**LITAGLEÐI** Nemendur hvers grunnskóla klæddust sama lit svo úr varð veisla fyrir augun. MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

# VEISLA FRAM UNDAN

**HÁTÍÐ BARNANNA** *Lokadagar Barnamenningarhátíðar í Reykjavík eru um helgina. Fjölbreytt dagskrá er víða um borg og er ókeypis inn á alla viðburði.*

Barnamenningarhátíð í Reykjavík var sett á þriðjudaginn og stendur yfir til sunnudagsins 26. apríl. Mjög fjölbreytt og viðamikil dagskrá er um helgina og óhætt að segja að barnafjölskyldur og börn á öllum aldri geti fundið margt við sitt hæfi.

Hátíðin var fyrst haldin árið 2010 og átti upphaflega að vera haldin annað hvert ár. Eftir hátíðina árið 2012, sem þótti heppnast óvenjuvel, var ákveðið að halda hana árlega að sögn Hörpu Rutar Hilmarsdóttur og Guðmundar Birgis Halldórssonar, verkefnastjóra hátíðarinnar í ár. „Nú er hátíðin orðin ein stærsta hátíðin í viðburðalandslagi borgarinnar. Markmið hennar hefur alltaf verið að efla menningarstarf barna og ungmenna í borginni og er hátíðin því kærkominn vettvangur fyrir menningu barna, menningu með börnum og menningu fyrir börn. Í fyrra mættu rúmlega 42.000 gestir og tæplega 11.000 börn komu fram á hátíðinni,“ segir Harpa.

Barnamenningarhátíðin er þátttökuhátíð líkt og Menningarnótt og Vetrarhátíð þar sem stofnanir og einstaklingar sem tengjast eða einfaldlega hafa áhuga á barnamenningu eru hvattir til þátttöku. „Viðburðalandslag hátíðarinnar mótast af þátttakendum hennar sem eru meðal annars leik- og grunnskólar, frístundamiðstöðvar, dans-, myndlistar- og tónlistarskólar, menningar- og listastofnanir, sjálfstætt starfandi listhópar og listamenn, félagasamtök ýmiss konar sem og fjölmargir aðrir. Með því að skoða dagskrá hátíðarinnar má sjá að barnamenningu er ekkert óviðkomandi. Hún fléttast inn í öll svið samfélagsins allt frá listum til skipulags, frá gagnrýninni hugsun til leikja og (ó)láta,“ bætir Guðmundur við. Ókeypis er inn á alla viðburði helgarinnar.

**EITTHVAÐ FYRIR ALLA**

Fjölbreytt dagskrá er í boði í dag og á morgun um alla borg að sögn þeirra beggja. „Iðnó verður breytt í ævintýrahöll þar sem má finna yfir fimmtíu smiðjur og sýningar af öllum stærðum og gerðum, meðal annars tónleika, dans- og leiksýningar og smiðjur á borð við legósmiðju, sirkussmiðju og brúðugerðarsmiðju.“

Í dag verður fjölskyldudiskó í Ævintýrahöllinni í Iðnó þar sem frænkurnar Ragnheiður Eyja Ólafsdóttir (8 ára) og Margrét Erla Maack (31 árs) stýra fjölskyldudiskói. „Þar verður gleðin svo sannarlega við völd á dansgólfinu. Frænkurnar munu stýra ýmiss konar dansi, t.d. Bollywood og limbó.“

Bruninn mikli í Reykjavík árið 1915 verður viðfangsefni áhugaverðrar sýningar sem haldin er í Ráðhúsinu í dag. „Þar gefst gestum kostur á að fræðast um atburði þessarar örlagaríku nætur þegar stór hluti miðbæjar Reykjavíkur brann til grunna á einni nóttu. Á sýningunni verður einnig hægt að sjá gamla muni frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins auk þess sem hægt verður að skoða gamla og nýja slökkviliðsbíla við Austurvöll milli klukkan 13.00 og 17.00.“

Eins og undanfarin ár verður lokahátíðin haldin í Laugardalslaug á sunnudegi. „Hún ber heitið Bullumsull en þar munu fjórugir tónar munu flæða um sundlaugarbakkana og skemmtilegir gestir gleðja unga sem aldna. Ofurhugarnir í BMX BROS munu sýna listir sínar og hægt er að busla í vaðlauginni, taka salíbunu í vatnsrennibrautinni, hring á mínígolfbrautinni, prufa leiktækin og glíma við kolkrabbann!“

Fjölmargir aðrir viðburðir verða um helgina en dagskrána má nálgast á www.barnamenningarhatid.is. Nýjar fréttir má einnig finna á Facebook og Twitter (@barnamenning).



**HÁTÍÐ Í BORG** Harpa Rut Hilmarsdóttir og Guðmundur Birgir Halldórsson eru verkefnastjórar Barnamenningarhátíðarinnar í Reykjavík. MYND/ERNIR



**FJÖLBREYTNI** Mörg dansatriði og danssmiðjur eru í boði á hátíðinni. MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON



**ÖLD SÍÐAN** Bruninn mikli í Reykjavík árið 1915 verður viðfangsefni áhugaverðrar sýningar. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

ísbúð VESTURBÆJAR

Ísbúð Vesturbæjar er 44 ára gamalt fyrirtæki með fjóra útsölustaði; Hagamel, Grensásvegi, Fjarðargötu í Hafnarfirði og Bæjarlind í Kópavogi. Hjá fyrirtækinu vinna um 90 manns.

## Verslunarstjóri

Ísbúð Vesturbæjar óskar eftir að ráða verslunarstjóra á útsölustað sinn á Grensásvegi.

**Starfssvið**
- Umsjón með daglegum rekstri
- Starfsmannahald og vaktaplön
- Þjónusta við viðskiptavini
- Innkaup frá birgjum

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Reynsla af starfsmannahaldi æskileg
- Hæfni og áhugi á mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og metnaður
- Þjónustulund, snyrtimennska og reglusemi

**Upplýsingar veitir:**

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. maí.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

AGA

*ÍSAGA var stofnað árið 1919 í samstarfi við AGA, sem eignaðist meirihluta í fyrirtækinu 1991. Árið 1999 var AGA keypt af Linde frá Þýskalandi sem er eitt stærsta gasfyrirtæki heims með starfsemi í yfir 100 löndum og 50 þúsund starfsmenn. ÍSAGA ehf hefur aðsetur að Breiðhöfða í Reykjavík. Þar eru súrefnis- og köfnunarefnis verksmiðja fyrirtækisins, áfyllingastöð, skrifstofa, verslun o.fl. Einnig rekur ÍSAGA koldíoxíð-verksmiðju að Hæðarenda í Grímsnesi. Þess utan er ÍSAGA ehf með 7 afgreiðslustaði víðsvegar um landið. Hjá fyrirtækinu starfa um 28 manns. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess* ***www.aga.is***

## Áfylling og afgreiðsla gashylkja

ÍSAGA ehf. óskar eftir að ráða tvo duglega einstaklinga til starfa við áfyllingu og afgreiðslu á gashylkjum.

Starfssvið
- Móttaka viðskiptavina
- Áfylling og afgreiðsla á hylkjum til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana
- Ferma og afferma bíla á lyftara

Hæfniskröfur
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Samviskusemi, þjónustulund og dugnaður
- Almenn tölvukunnátta
- Lyftarapróf er æskilegt (annars mun fyrirtækið senda viðkomandi á námskeið til að taka prófið)
- Geta til að vinna sjálfstætt og með öðrum
- Reynsla af logsuðuvinnu er kostur

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is í síðasta lagi 4. maí nk. Umsókn um starf þarf að fylgja starfsferilskrá. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.
Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

---

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) var stofnaður þann 1. febrúar 1956.

LV er stærsti lífeyrissjóðurinn á almennum vinnumarkaði. Eignir sjóðsins nema rúmum 500 milljörðum króna.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.

Á skrifstofu sjóðsins starfa 35 starfsmenn.

Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna á heimasíðu hans www.live.is

## Sérfræðingur í eignastýringu

Lífeyrissjóður verzlunarmanna óskar eftir að ráða sérfræðing í eignastýringu. Leitað er að talnaglöggum og ábyrgum einstaklingi með reynslu af verðbréfamarkaði.

Helstu verkefni
- Greining markaða og fjárfestingakosta með áherslu á innlendan hlutabréfamarkað
- Samskipti við aðila á fjármálamarkaði
- Sækja ýmsa upplýsinga- og kynningarfundi tengda starfinu
- Skýrslugerð og almenn upplýsingagjöf til stjórnenda sjóðsins

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði eða sambærileg menntun. Meistarapróf er kostur
- Haldgóð starfsreynsla á fjármálamarkaði
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Greiningarhæfni og hæfni til að setja fram niðurstöður með skipulögðum hætti
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is í síðasta lagi 8. maí 2015. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf og þarf umsækjandi að geta sýnt fram á að persónuleg fjármál og önnur fjárhagsleg umsýsla sé flekklaus.
Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA

# Leitar að pólskumælandi starfsmanni á skrifstofu

**Öll almenn skrifstofustörf eins og bókhald, fjármál, samskipti við starfsmenn og viðskiptavini ásamt fleiri tilfallandi störfum.**

**Áhugasamir sendi inn ferliskrá á atvinna@proventus.is fyrir 1 maí 2015.**

**PROVENTUS**
STARFSMANNAÞJÓNUSTA

## Required – A DRIVING knowing MESSENGER by the Embassy of India in Reykjavík

The Embassy of India seeks to employ on regular basis a Messenger, knowing driving, who should also be able to assist the Mission in performing various handyman tasks.

The applicant must have a valid driver's license and general service skills. Candidate should be fluent in both English and Icelandic.

Interested candidates may send in their CV in English along with their photographs.They may also send the scanned copy of their driving licenses and the police clearance certificates at the following e-mail ID, latest by **Friday**, the **8th May 2015**: **hoc@indianembassy.is**




# Burðarvirkjahönnuður óskast

Verkís óskar eftir reyndum burðarvirkjahönnuði á Byggingarsvið. Starfið felst í hönnun burðarvirkja á Íslandi og í Noregi.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Verkfræðingur eða tæknifræðingur með sérþekkingu í hönnun burðarvirkja
- Amk. 3 ára reynsla í hönnun burðarvirkja eftir nám
- Starfsreynsla í Noregi er kostur
- Góð kunnátta í AutoCad, Revit og í hönnunarforritum burðarvirkja
- Jákvæðni, frumkvæði og góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

Leitað er eftir jákvæðum einstaklingum sem hafa hæfni í mannlegum samskiptum og sýna sjálfstæði, metnað og frumkvæði í starfi. Nánari upplýsingar veitir Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, egs@verkis.is

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa yfir 300 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um fyrir 11. maí n.k. með því að senda póst á umsoknir@verkis.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA

Ofanleiti 2 - 103 Reykjavík - 422 8000

# MEN&MICE

## Sales Administration Manager

**Men & Mice is looking for a motivated, confident individual to join our team. You will work with both our sales-people and technical engineers in driving direct sales to new and current customers, and manage international customer relationships.**

**Key Responsibilities**

- Qualify sales leads, working primarily with our regional salespeople and engineers to convert leads to opportunities
- Manage customer relations, and liaise between customers and Sales, Services, and other departments
- Co-ordinate solution delivery and installation with our Services team, and ensuring customer satisfaction
- Prepare and process orders
- Plan and assist with international events.
- Perform other duties as required in collaboration with the CFO and CEO

**Skills and Competencies**

- Strong communication skills in English are vital, both verbal and written
- Ability to confidently promote and communicate ideas
- Ability to multitask, prioritize, and meet deadlines
- Keen eye for detail
- A university degree and related experience is highly desirable

Please send application to **careers@menandmice.com** before **May 5th**.

For further information, contact Kristbjörg Edda at kristbjorg@menandmice.com.
All correspondence will be kept confidential.

Founded in 1990, Men & Mice develops integrated DNS, DHCP, and IP address management software solutions for large-scale, global enterprises and service providers. Men & Mice boasts some of the world's leading experts in the field, and a sweet pool table.

menandmice.com

# Sölumaður

**Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða starfsmann til sölustarfa í heimilistækjaverslun fyrirtækisins.**

Starfið felst í afgreiðslu og sölu heimilistækja og almennri ráðgjöf. Leitað er að jákvæðum, ábyrgðarfullum og kraftmiklum starfsmanni sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Reynsla af sölustörfum æskileg. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 12.00-18.00 og suma laugardaga frá kl. 11.00-14.00.

Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

**Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir fimmtudaginn 30. apríl.**
**Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, www.sminor.is.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 520 3000.

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Forstöðumaður tæknideildar

**Snæfellsbær óskar eftir að ráða forstöðumann tæknideildar. Um fjölbreytt og krefjandi verkefni er að ræða.**

**Starfssvið:**

- Yfirumsjón með skipulags- og byggingarmálum, öllum verklegum framkvæmdum og viðhaldi á vegum sveitarfélagsins
- Forystu um faglegan undirbúning við mótun stefnu sveitarfélagsins á sviði skipulags- og byggingarmála í samráði við skipulags og byggingarnefndum
- Ráðgjöf til bæjarstjóra og bæjarstjórnar
- Ábyrgð á að lögum um mannvirki nr. 160/2010, skipulagslögum nr. 123/2010 og öðrum lögum og reglugerðum varðandi byggingarmál í sveitarfélaginu sé framfylgt
- Ábyrgð á skráningu mannvirkja, eftirliti með viðhaldi, staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga, gjaldtöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um mannvirki til íbúa

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf á sviði skipulags- og byggingarmála
- Þekking á lögum um mannvirki, skipulagslögum, og byggingarreglugerð
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Leiðtogahæfileikar, metnaður, frumkvæði, framsýni og skipulagshæfni
- Teymishugsun, lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu er æskileg

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi fagfélags og Launanefndar sveitarfélaga.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. maí nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

# Sérfræðingur á skrifstofu fjármála

**Forsætisráðuneytið auglýsir eftir sérfræðingi til starfa á skrifstofu fjármála.**

Meðal þeirra málefna sem skrifstofan fer með eru fjárlagagerð, framkvæmd fjárlaga og áætlanagerð, eftirlit og umsjón með fjárlagaliðum ráðuneytisins og stofnana þess. Hún fer að auki með mannauðsmál, launamál, bókhald, samningagerð, öryggis- og vaktþjónustu og almennan rekstur ráðuneytisins auk þess að sinna húsarekstri og framkvæmda- og viðhaldsverkefnum. Skrifstofan veitir ráðgjöf til forsætisráðherra og forsætisráðuneytisins er varðar almennt svið fjármála, mannauðs og rekstrar. Þá taka starfsmenn þátt í nefndastörfum og samráðsvettvangi um almannavarna- og öryggismál og viðbrögðum við náttúruvá. Skrifstofan annast upplýsingagjöf um fjármál og er þátttakandi í aðhalds-, umbóta- og þróunarverkefnum og á samskipti við eftirlitsaðila og þingnefndir.

**Starfssvið:**

- Fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga
- Eftirlit með fjármálum og rekstri stofnana sem undir ráðuneytið heyra
- Áætlanagerð og umsjón með gerð langtímaáætlunar í fjármálum ráðuneytisins
- Kostnaðar-, tekju- og útgjaldagreining
- Innkaupa- og rekstrarmál, samningagerð, bókhald og uppgjörsvinna
- Ritun greinagerða um fjármál og rekstur ráðuneytisins og upplýsingagjöf
- Stýring, utanumhald og/eða þátttaka í störfum fyrir nefndir, starfs- og vinnuhópa, skýrslugerð og ritun fundargerða
- Húsnæðismál, s.s. gerð athugana, áætlana og kostnaðareftirlit vegna framkvæmda á vegum fasteigna Stjórnarráðsins auk stærri viðhaldsverkefna og framkvæmda sem heyra undir ráðuneytið
- Önnur tilfallandi verkefni á sviði skrifstofunnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í viðskiptafræði, kostur á sviði reikningshalds og fjármála
- Reynsla af gerð kostnaðar- og rekstraráætlana og greiningu ársreikninga
- Reynsla af bókhaldi
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót
- Frumkvæði og faglegur metnaður til að sýna árangur
- Góð tölvukunnátta s.s. reynsla af notkun töflureikna og framsetningu á tölulegum gögnum
- Hæfni til tjáningar í ræðu og rit á íslensku og ensku, kunnátta í einu Norðurlandamáli kostur
- Þekking á opinberri stjórnsýslu og opinberum fjármálum og rekstri æskileg

Tekið er mið af jafnréttisáætlun Stjórnarráðsins við ráðningar í störf hjá forsætisráðuneytinu.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. maí nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Ráðgjafar ráðuneytisins í ráðningarferlinu eru Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum. Nánari upplýsingar veitir Óðinn Helgi Jónsson skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu í síma 545 8400. Um er að ræða fullt starf og gert er ráð fyrir ótímabundinni ráðningu og fer um launakjör eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkisins og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Athygli er vakin á því, að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, nr. 464/1996, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.Öllum umsóknum um starfið verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

capacent

# ARKITEKT OG BYGGINGAFRÆÐINGUR ÓSKAST




## ARKITEKT OG BYGGINGAFRÆÐINGUR

*ARKÍS arkitektar er framsækin arkitektastofa á sviði byggingarlistar, hönnunar, skipulags og vistvænnar hönnunar. Frá stofnun, árið 1997, hefur ARKÍS starfað bæði innanlands og á alþjóðamarkaði og unnið að fjölbreytilegum verkefnum fyrir einkaaðila og opinberar stofnanir.*

*ARKÍS starfar eftir þeirri meginhugsun að öll hönnun mannvirkja snúist um að skapa umhverfi og aðstæður sem auka lífsgæði okkar. Þá skuldbindur ARKÍS sig til að stuðla að auknu vægi vistvænnar hönnunar.*

*ARKÍS hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín.*

www.ark.is

Vegna aukinna verkefna innanlands og erlendis óska ARKÍS arkitektar ehf. eftir að ráða arkitekt og byggingafræðing til starfa.

Leitað er að arkitekt með reynslu í faginu. Gerð þrívíddargagna á 3 max æskileg ásamt kunnáttu á myndvinnsluforritum (adobe).

Leitað er að byggingafræðingi með reynslu í gerð þrívíddargagna og verklýsinga.

Rík áhersla er lögð á frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Reynsla af Revit og AutoCad er nauðsynleg auk almennrar tölvukunnáttu. Einnig er æskilegt að viðkomandi hafi vald á ensku og Norðurlandamáli.

Umsóknum skal skilað til ARKÍS arkitekta ehf. með tölvupósti á netfangið **arkis@ark.is.** **Umsóknir skulu berast fyrir 15. maí.**

# Starfsmaður í vörustjórnun og innkaupum

Óskum eftir að ráða starfsmann í vörustjórnun og innkaup. Um afleysingarstarf til eins árs er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Pantanir í AGR og Navision
- Samskipti við birgja og verslanir
- Greining og áætlanagerð

**Hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á innkaupa- og birgðastýringarkerfum
- Góð hæfni í samskiptum
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

**Starfshlutfall er 100%.**

**Umsóknarfrestur er til og með 11. maí nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Vínbúðanna, **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veitir:** Guðrún Símonardóttir, gudrun@vinbudin.is, 560 7700

ÁTVR rekur 49 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

VÍNBÚÐIN

## STÁLSMIÐJAN FRAMTAK ehf

Óskum eftir að ráða vana vélvirkja, málmiðnaðarmenn og trésmiði til fyrirtækis okkar sem fyrst.

**Upplýsingar gefur Guðmundur í síma 660-3533 (trésmiðir) og Óskar í síma 660-3535**

SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS UM ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDANN

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR ÓSKAST

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við sjúkrahúsið Vog. Vaktavinna- starfshlutfall samkomulagsatriði.

**Upplýsingar veitir**
**Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri Vogs.**
**Netfang:thora@saa.is**
**Sími 8247615**

Grímsnes- og Grafningshreppur

## Kerhólsskóli, leikskóladeild

**- Leikskólakennarar óskast í 100% störf og fáist ekki leikskólakennarar verður ráðið annað háskólamenntað fólk eða leiðbeinendur. (ath. launahlunnindi í boði)**

**- Þroskaþjálfi óskast í 100% starf.**

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með tæplega 70 nemendur á aldrinum 1. árs upp í 10. bekk. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslur á einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt- og náttúrufræði, útikennslu, list- og verkgreinar. Kerhólsskóli flutti í nýtt húsnæði haustið 2014.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra, sigmar@kerholsskoli.is ekki síðar en **sunnudaginn 10. maí nk**

Nánari upplýsingar gefur Sigmar Ólafsson skólastjóri og Jóna Björg Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 480-5520, 863-0463, 898-3077.
Umsækjandi þarf að sýna fram á hreint sakavottorð

**Heimasíða skólans: http:/www.kerholsskoli.is**

## Grundarfjarðarbær

### Lausar stöður á Leikskólanum Sólvöllum

Langar þig að upplifa eitthvað öðruvísi? Viltu breyta til? Hvernig væri að ögra sjálfum sér og upplifa lífið í yndislegum bæ á landsbyggðinni!

### Deildarstjórar/sérkennari

Þrjá kennara vantar á Leikskólann Sólvelli í Grundarfirði í 100% stöður, tvo deildarstjóra í framtíðarstöður og einn sérkennara til eins árs. Sérkennari hefur umsjón með allri sérkennslu í skólanum. Leikskólinn Sólvellir er fjögurra deilda leikskóli með um 60 nemendur frá eins til sex ára. Skólinn starfar eftir viðurkenndum hugmyndum og kenningum í uppeldis¬fræði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum og frumkvæði í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

**Störfin eru laus frá 1. ágúst 2015 eða eftir samkomulagi.**

**Umsóknarfrestur er til 20. júní nk.**

Sótt er um störfin á vefsíðu Grundarfjarðarbæjar, **www.grundarfjordur.is**

Nánari upplýsingar veitir Björg Karlsdóttir, leikskólastjóri eða Ingibjörg Þórarinsdóttir, aðstoðar leikskólastjóri, í síma 438 6645 eða með því að senda fyrirspurnir netfangið bjorg@gfb.is.

sinnum
heimaþjónusta

## Þroskaþjálfi óskast

Sinnum ehf. óskar eftir að ráða þroskaþjálfa til starfa. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu en hlutastarf kemur einnig til greina.

**Starfssvið:**

- Stuðning í daglegu lífi við fatlaðan einstakling sem býr á heimili sínu.
- Skipulagning á innra starfi í samvinnu við einstaklinginn og ábyrgðaraðila þjónustunnar.
- Fagleg ráðgjöf og fræðsla til starfsfólks
- Önnur þroskaþjálfaverkefni
- Menntunar- og hæfniskröfur:
- Þroskaþjálfamenntun og starfsleyfi sem þroskaþjálfi
- Þekking og reynsla af starfi með fötluðu fólki er skilyrði
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og sveigjanleiki
- Drifkraftur og frumkvæði í vinnubrögðum

Umsækjandi þarf að hafa bíl til umráða og geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skilað inn á heimasíðu Sinnum, **www.sinnum.is.**

Umsóknum skal fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur.

Frekari upplýsingar fást í síma 519-1400

Sinnum er þjónustufyrirtæki sem hefur það að leiðarljósi að bjóða upp á fjölþætta velferðarþjónustu til einstaklinga sem vegna aldurs, fötlunar, heilsubrests eða annarra persónulegra aðstæðna þurfa á þjónustu og aðstoð að halda við daglegt líf. Sinnum leggur ríka áherslu á persónulega, einstaklingsmiðaða og sveigjanlega þjónustu með það að markmiði að mæta þörfum einstaklingsins í því umhverfi sem hann er í hverju sinni.

# Lektorar við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

## Laus eru til umsóknar tvö störf lektora við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands.

### Lektor í umhverfisverkfræði eða byggingarverkfræði

Leitað er eftir sérþekkingu á sviði endurnýjanlegrar orku.

**Umhverfis- og byggingarverkfræðideild** er ein sex deilda Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Deildin hefur sterk alþjóðleg tengsl og mörg rannsóknaverkefni eru unnin í víðtæku samstarfi hérlendis og erlendis.

Nánari upplýsingar um störfin veitir **Guðmundur Freyr Úlfarsson**, prófessor og deildarforseti, **gfu@hi.is** eða **Þóra Margrét Pálsdóttir** mannauðsstjóri í síma 525 4644 eða **thp@hi.is.**

### Lektor í umhverfisverkfræði

Leitað er eftir sérþekkingu í dreifingu loftmengunar, vatns- og fráveitum, eða grunnvatnsfræði.

Á **Verkfræði- og náttúruvísindasviði** starfa um þrjú hundruð manns við rannsóknir og kennslu á sviði verkfræði og náttúruvísinda. Starfsumhverfið er alþjóðlegt enda eykst sífellt hlutfall erlendra starfsmanna og nemenda við sviðið. Nemendur eru um 2900 talsins í sex deildum. Þar af eru um 340 í meistaranámi og 150 í doktorsnámi. Rannsóknarstofnanir sviðsins eru: Jarðvísindastofnun og Eðlisvísindastofnun sem tilheyra báðar Raunvísindastofnun, Líf- og umhverfisvísindastofnun, Verkfræðistofnun og Stofnun Sæmundar fróða sem er þverfræðileg stofnun og heyrir undir öll fræðasvið háskólans.

Umsóknarfrestur er til **11. maí 2015.**
Sjá nánar **www.hi.is/laus_storf**

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE
HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 151997

# Viltu takast á við krefjandi verkefni í skemmtilegu starfsumhverfi ?

## Mannvit auglýsir eftir fólki í eftirfarandi störf:

### Öryggisfulltrúi á vinnustað

**Starfssvið**

- Útbúa öryggisáætlanir fyrir framkvæmdir
- Sjá um öryggismál á framkvæmdasvæði
- Sjá um skráningu og skýrslugerð um öryggismál
- Sjá um öryggis-og umhverfisúttektir á framkvæmdasvæði
- Sjá um samskipti við verktaka og undirverktaka um öryggismál
- Halda stutta fyrirlestra og kynningar um öryggismál

**Menntun og hæfniskröfur**

- Æskilegt að viðkomandi hafi gráðu í verkfræði og/eða tæknifræði
- Hafi ríka öryggisvitund
- Hafi sótt námskeið um öryggismál og fyrstu hjálp
- Hafi reynslu af gerð öryggisáætlana og skýrslugerð um öryggismál
- Hafi fyrirmyndar þjónustulund og vera góður í mannlegum samskiptum
- Hafi gott vald á íslensku og ensku.

### Innkaup

**Starfssvið**

- Gerð verkferla og innkaupastefnu fyrir einstök verk og val á útboðsaðferðum
- Gerð útboðsgagna, val verktaka/birgja og yfirferð tilboða
- Gerð verksamninga, samninga um vörukaup og þjónustusamninga
- Rekstur samninga, greiðsluáætlanir, breytingastjórnun, kostnaðargát og uppgjör
- Áhættugreining verksamninga, og ákvörðun trygginga og ábyrgða

**Menntun og hæfniskröfur**

- Æskilegt að viðkomandi hafi prófgráðu í tæknifræði/verkfræði og eða viðskiptafræði/hagfræði
- Hafi reynslu af innkaupum og samningagerð og stjórnun verkefna
- Sé ábyrgur, sjálfstæður og sé skipulagður
- Hafi fyrirmyndar þjónustulund og vera góður í mannlegum samskiptum
- Hafi gott vald á íslensku og ensku

### Áætlanagerð

**Starfssvið**

- Gerð og eftirfylgni tímaáætlana í P6 eða Microsoft Project
- Gerð og eftirfylgni kostnaðaráætlana
- Skýrslugerð
- Samræming áætlana

**Menntun og hæfniskröfur**

- Æskilegt að viðkomandi hafi gráðu í verk- og eða tæknifræði
- Hafi reynslu í notkun á P6 og eða Microsoft Project
- Hafi fyrirmyndar þjónustulund og vera góður í mannlegum samskiptum
- Hafi gott vald á íslensku og ensku
- Kostur að viðkomandi hafi reynslu af verklegum framkvæmdum

**Mannvit býður góða starfsaðstöðu í lifandi umhverfi þar sem traust, víðsýni, þekking og gleði eru höfð að leiðarljósi**

## Umsóknarfrestur er til 8. maí.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Mannvits: www.mannvit.is

**Nánari upplýsingar:** Auðunn Gunnar Eiríksson 422 3082, age@mannvit.is

MANNVIT

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

# Laust starf hjá Seðlabanka Íslands

## Hagfræðingur á sviði hagfræði- og peningastefnu bankans

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða hagfræðing á sviði hagfræði og peningastefnu bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Hagfræði- og peningastefnusvið annast rannsóknir og greiningu á þróun efnahags- og peningamála, gerir þjóðhags- og verðbólguspár og tekur þátt í mótun stefnunnar í peningamálum. Hagfræði- og peningastefnusvið hefur m.a. umsjón með útgáfu ársfjórðungsritsins *Peningamála* og enskri útgáfu þess *Monetary Bulletin*.

**Helstu verkefni:**
- Að fylgjast með framvindu efnahagsmála, greina gögn og skrifa um niðurstöður.
- Almennar rannsóknir, einkum á sviði peninga- og þjóðhagfræði.
- Þátttaka í gerð verðbólgu- og þjóðhagsspáa bankans og vinnu í tengslum við greiningu og skrif í *Peningamál*.
- Tilfallandi verkefni og ráðgjöf á ábyrgðarsviðum Seðlabankans.

**Hæfniskröfur:**
- Áskilið er a.m.k. meistarapróf í hagfræði.
- Umsækjandi þarf að hafa gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði íslensku og ensku, og hæfileika til að setja fram fræðilegt efni á skýran hátt.
- Umsækjandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika og vera reiðubúinn til hópvinnu af ýmsu tagi.

Upplýsingar um starfið veitir Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur, í síma 569-9600.

**Sótt skal um starfið á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, í síðasta lagi mánudaginn 11. maí næstkomandi. Við ráðningar í störf hjá Seðlabanka Íslands er tekið mið af jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun bankans. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

SKJÓL HJÚKRUNARHEIMILI



# Aðstoðardeildarstjóri

**Laus er staða aðstoðardeildarstjóra**
**frá 1. júní 2015 eða eftir samkomulagi**
**Starfshlutfall er 90-100%**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Ábyrgð á rekstri og mönnun deildar í fjarveru hjúkrunardeildarstjóra
- Er leiðandi í starfi og framþróun á deildinni
- Vinnur í samráði við hjúkrunardeildarstjóra að skipulagningu starfsemi deildarinnar
- Sérstök ábyrgð á tilteknum verkefnum

**Hæfniskröfur:**
- Hjúkrunarfræðingur með íslenskt starfsleyfi
- Reynsla í stjórnun æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknir þurfa að berast fyrir10. maí n.k.**

**Upplýsingar veitir:**
**Guðný H. Guðmundsdóttir**
**Framkvæmdarstjóri hjúkrunar**
**Sími 522 5600 netfang gudny@skjol.is**
**Hjúkrunarheimili**
**Kleppsvegi 64 104 Reykjavík**
**Sími. 522 5600**

# Sérfræðingur

## óskast í tæknitengd umbótaverkefni á tollasviði

TOLLSTJÓRI

Tollstjóri leitar að háskólamenntuðum sérfræðingi í fullt starf til að sinna umbótaverkefnum í viðskiptaþróun á tollasviði sem tengjast stefnu Tollstjóra 2020. Leitað er að einstaklingi sem hefur víðtæka þekkingu og reynslu af umbótaverkefnum og hagnýtingu tæknilausna. Gerð er krafa um mjög góða samskiptahæfileika, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi.



Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Nánari upplýsingar um starfið veitir Karen Bragadóttir, forstöðumaður tollasviðs, í síma 560-0300.

Umsóknarfrestur er til 10. maí nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Sótt er um starfið rafrænt á www.tollur.is/laus-storf.
Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni og eru þau höfð að leiðarljósi við ráðningar hjá embættinu.

### Starfssvið:
- Fulltrúi verkefniseiganda í verkefnum sem snúa að ferlum og tæknilegum umbótum í tollamálum.
- Greiningarvinna s.s. þarfagreining, verkferlagreining.
- Forgangsröðun verkefna/verkþátta og þátttaka í ákvarðanatöku um tæknilausnir.
- Seta í stýrihópum verkefna, verkefnastjórn og vinna í verkefnishópum eftir því sem við á.
- Tengsl tollasviðs við upplýsingatæknideild og samskipti við birgja í afmörkuðum verkefnum.

### Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði viðskiptafræði, tölvunarfræði eða verkfræði, framhaldsmenntun æskileg.
- Þekking á verkefnastjórnun og ferlagreiningu. Reynsla af stjórnun hugbúnaðarverkefna er kostur.
- Þekking á Service-Oriented Architecture (SOA) og Business Process Model and Notation (BPMN) æskileg.
- Góð samskiptafærni, greiningarhæfileikar, sjálfstæði, yfirsýn, frumkvæði, skipulagshæfileikar, sjálfstæð vinnubrögð, tölvufærni og góð enskukunnátta.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

# Samskip óska eftir bílstjórum til sumarafleysinga og í framtíðarstarf

Um er að ræða áætlunarakstur milli landshluta og akstur sendibíla innan höfuðborgarinnar. Unnið er á dag- og vaktavinnu.

**Starfsmenn Samskipa þurfa að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni og ná framúrskarandi árangri.**

**Hæfnikröfur bílstjóra:**
- Meirapróf er skilyrði og réttindi til þess að aka með tengivagn eru kostur
- ADR réttindi til flutnings á hættulegum farmi eru kostur
- Gerð er krafa um sterka öryggisvitund, góða ástund og samviskusemi
- Starfsmenn verða að búa yfir lipurð í þjónustu og samskiptum
- Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreina sakaskrá

Áhugasamir, konur jafnt sem karlar, eru hvattir til að sækja um sem fyrst.
Umsóknarfrestur er til og með 3. maí 2015

Nánari upplýsingar veitir Jóhannes Karl Kárason, flotastjóri, í síma 858 8660.

Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu okkar **www.samskip.is** og óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.

SAMSKIP
Saman náum við árangri

**www.vinna.is**

## STÖRF Í GRUNNSKÓLUM GARÐABÆJAR

**Sjálandsskóli**
- kennari

**Álftanesskóli**
- kennari á elsta stigi

**Leikskólinn Krakkakot**
- sérkennslustjóri

**Bókasafn Garðabæjar**
- forstöðumaður

Nánari upplýsingar á vef Garðabæjar, **www.gardabaer.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

---

Metnaðarfullur
# sölumaður
óskast í verslun okkar að Dugguvogi 4

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sjávarútvegi, sé sjálfstæður í starfi og búi yfir almennri tölvukunnáttu og samskiptafærni.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal senda á **ingvaldur@velasalan.is** merkt „Sölumaður" fyrir 5. maí nk.

**VÉLASALAN**
www.velasalan.is

---

# SÉRFRÆÐINGUR

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins óskar eftir að ráða sérfræðing í kennslufræðum fullorðinna. Gert er ráð fyrir að sérfræðingur hefji störf í ágúst. Um fullt starf er að ræða.**

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.** er samstarfsvettvangur Alþýðusambands Íslands (ASÍ), Samtaka atvinnulífsins (SA), BSRB, fjármálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ, SA, BSRB, fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Meðal hlutverka FA er að efla framboð á námstækifærum fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, nýbúa o.fl., svo og önnur verkefni sem hafa almenna samfélagslega skírskotun. FA er miðstöð kennslufræðilegrar ráðgjafar og þróunar á starfssviði sínu.

VERKSVIÐ:

» Umsjón með verkefnum á sviði fullorðinsfræðslu/framhaldsfræðslu og mannauðsmála.
» Þróun og umsjón námskeiða fyrir kennara/leiðbeinendur.
» Gerð námskráa og hæfnigreininga.
» Þátttaka í erlendum samstarfsverkefnum.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

» Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
» Reynsla af fullorðinsfræðslu/framhaldsfræðslu á vinnumarkaði.
» Reynsla af því að greina fræðsluþarfir og þróa nám.
» Góð tungumálakunnátta – íslenska, enska og eitt Norðurlandamál.
» Sjálfstæð vinnubrögð, sveigjanleiki, ritfærni, vandvirkni og samskiptahæfni.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.
Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veita Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is
og Sigrún Erna Sævarsdóttir, sigrun@radum.is
í síma 519 6770.

UMSÓKNARFRESTUR
til og með 10. maí nk.

ráðum
atvinnustofa

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

---




## Bílaleigur AVIS og Budget leita að sérfræðingi á fjármálasvið fyrirtækisins

**Helstu verkefni:**
- Greiningarvinna og skýrslugerð
- Almenn bókhaldsvinna
- Gerð rekstrar- og viðskiptaáætlana
- Verkefnastjórnun
- Önnur tilfallandi verkefni

**Almennar hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta/fjármála/verkfræði er skilyrði
- Framúrskarandi þekking á Excel og reynsla af Navision
- Þekkingu á gagnagrunnsvinnu SQL
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Jákvæðni, frumkvæði og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í starfi

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Avis, www.avis.is**
**Umsóknarfrestur er til 4.maí 2015**

Bílaleiga AVIS og Budget er ein stærsta bílaleiga í heimi og starfar í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengni AVIS og Budget.

AVIS
Budget

ráðum atvinnustofa

Við finnum rétta starfsfólkið

radum.is



# AÐSTOÐAR VERSLUNARSTJÓRI

VIÐ ÓSKUM EFTIR STARFSMANNI
Í STÖÐU AÐSTOÐARVERSLUNARSTJÓRA
Í KARAKTER SMÁRALIND

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af verslunarstörfum
- Áhugi á tísku
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Skipulagshæfni
- Tölvukunnátta m.a. Navision
- Ekki yngri en 25 ára

**Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á helga@ntc.is**

**umsóknarfrestur er til 3. maí.**

KARAKTER
KONUR

Smáralind | ntc.is | verslunin.karakter | karaktersmaralind

# Tollvörður

## Spennandi starf í lifandi umhverfi

TOLLSTJÓRI

Nokkrar stöður tollvarða í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli eru lausar til umsóknar hjá embætti Tollstjóra. Um er að ræða fjölbreytt og lifandi störf sem henta jafnt konum sem körlum. Í tengslum við ráðningu þarf að þreyta þríþætt inntökupróf, bæði skriflegt og líkamlegt, en nánari upplýsingar um það er að finna á www.tollur.is.



Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Nánari upplýsingar um starfið veitir Kári Gunnlaugsson, yfirtollvörður tolleftirlitsdeildar, í síma 560-0300.
Umsóknarfrestur er til 10. maí nk.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Sótt er um starfið rafrænt á www.tollur.is/laus-storf.

Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni og eru þau höfð að leiðarljósi við ráðningar hjá embættinu.

### Starf tollvarða felur m.a. í sér:

- Afgreiðslu og eftirlit með skipum, flugvélum, farþegum og áhöfnum.
- Eftirlit og skoðun vörusendinga og tollskjala.
- Sérhæfðar leitir svo sem í bílum, með gegnumlýsingarbúnaði o.s.frv.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða menntun sem má meta til slíks náms.
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi.
- Samviskusemi, nákvæmni og örugg vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Almenn ökuréttindi.
- Hreint sakavottorð.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.



# Vélstjóri eða vélfræðingur í Viðhaldsþjónustu OR á Suðurlandi

Viðhaldsþjónusta OR Veitna óskar eftir úrræðagóðum vélstjóra eða vélfræðingi til starfa við vatns- og hitaveitu fyrirtækisins á Suðurlandi með starfsstöð í Hveragerði.

OR Veitur annast rekstur og uppbyggingu veitukerfa rafmagns, heits vatns, neysluvatns og fráveitu. Meginstarfsemi fyrirtækisins er á höfuðborgarsvæðinu en veitusvæðið nær einnig til sveitarfélaga bæði á Suður- og Vesturlandi.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Rekstur, eftirlit og viðhald á vélbúnaði í dælustöðvum, borholum og dreifikerfum
- Uppsetning og ástandsgreining vélbúnaðar
- Viðgerðir á lagnakerfum

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Vélstjóri eða vélfræðingur með sveinspróf
- Þjónustulund, jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Búseta á veitusvæði OR á Suðurlandi er skilyrði

**Nánari upplýsingar** veitir Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is.

**Þú sækir um** á ráðningavef Orkuveitunnar starf.or.is. Umsóknarfrestur er til og með 4. maí 2015.

### Við hvetjum bæði karla og konur til að sækja um starfið.

JAFNRÉTTISRÁÐ

Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu 2002 og 2013

Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

## Skrifstofustjóri

**Ísfélag Þorlákshafnar hf leitar að starfsmanni til þess að sinna öllum almennum skrifstofustörfum á skrifstofu félagsins í Þorlákshöfn.**

Um 50% starf er að ræða og getur vinnutími verið sveigjanlegur. Starfið er laust frá og með miðjum júní nk.

Ísfélagið rekur frystigeymslu, ísverksmiðju og löndunarþjónustu fyrir skip og báta. Fastir starfsmenn eru sjö. Umsóknir ásamt ferilsskrá sendist á Petur@kuldaboli.is **fyrir 10. maí 2015.**

Reykjavíkurborg

Listasafn Reykjavíkur

## Sérfræðingur við kynningar- og markaðsdeild Listasafns Reykjavíkur

Laus er til umsóknar staða sérfræðings kynningar- og markaðsdeildar á Listasafni Reykjavíkur.

Um er að ræða 50% starf og gert er ráð fyrir að starfsmaður hefji störf sem fyrst.

Leiðarljós Listasafns Reykjavíkur er að vera framúrskarandi alþjóðlegur vettvangur myndlistar sem leggur áherslu á markvissa þjónustu við ólíka hópa og er eftirsóknarverður viðkomustaður í daglegu lífi fólks.

**Starfsvið:**
Starfið felst í umsjón heimasíðu, vinnslu fréttabréfs og samfélagsmiðlun (Facebook, Instagram, Twitter, Flickr, YouTube,) safnsins. Einnig er gert ráð fyrir að starfsmaður þrói og leiti nýrra leiða í rafrænni miðlun á sýningum og viðburðum safnsins og starfi að öðrum þeim verkefnum sem heyra undir deildina.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Þekking á vefumsjónarkerfi til að uppfæra og breyta heimasíðu.
- Þekking á Photoshop.
- Þekking á samfélagsmiðlum.
- Þekking á ljósmyndun.
- Mjög góð íslensku og ensku kunnátta.

Sjálfstæð vinnubrögð, skapandi hugsun, jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.
Næsti yfirmaður er kynningar-og markaðsstjóri Listasafns Reykjavíkur.

Launakjör eru samkvæmt samningi og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Umsóknarfrestur er til **10. maí 2015** og eru umsækjendur beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Sviðsstjóri akstursþjónustu Strætó

strætó.is

Strætó bs. og framkvæmdaráð um úrbætur á ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk auglýsa eftir stjórnanda til að veita ferðaþjónustunni forstöðu. Ferðaþjónustan er rekin samkvæmt samningum við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Hlutverk sviðsstjórans er að sjá um og bera ábyrgð á faglegum og fjárhagslegum rekstri ferðaþjónustunnar. Sviðsstjórinn ber ábyrgð á ferðaþjónustunni og framkvæmd þjónustunnar. Hann starfar í umboði framkvæmdaráðs ferðaþjónustu fatlaðra innan Strætó bs., en framkvæmdaráðið er að endurskipuleggja og móta starfsemina og reksturinn.

**Helstu verkefni**
- Ábyrgð á rekstri og þjónustu ferðaþjónustunnar.
- Dagleg skipulagning ferðaþjónustu fatlaðs fólks, sem þjónar tæplega 2.000 notendum á höfuðborgarsvæðinu.
- Ábyrgð á samningum við verktaka sem sinna akstursþjónustu, en reksturinn byggir á þjónustu tæplega 18 verktaka sem eru með um 100 bifreiðar í rekstri fyrir ferðaþjónustuna.
- Rekstur og þróun upplýsingakerfis sem nýtt er fyrir ferðaþjónustuna.
- Samskipti við velferðarsvið sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem bera ábyrgð á fyrirkomulagi þjónustunnar, þjónustustigi og verðlagningu.
- Gerð fjárhagsáætlana og uppgjörs ferðaþjónustunnar bæði gagnvart notendum, akstursaðilum og sveitarfélögum.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Háskólagráða sem nýtist í starfi.
- Árangursrík reynsla af stjórnun.
- Leiðtogahæfni og liðsheildarhugsun.
- Styrkur í mannlegum samskiptum og þjónustulund.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Reynsla af verkefnastjórnun, gæðastjórnun og rekstri upplýsingakerfa.

**Um ferðaþjónustu fatlaðs fólks**
Þjónustan byggir á leiðbeinandi reglum velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk frá 24. janúar 2012. Reglurnar taka mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í 20. gr. samningsins kemur fram að aðildarríkin skuli gera árangursríkar ráðstafanir til þess að tryggja að einstaklingum sé gert kleift að fara allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði fatlaðs fólks í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, meðal annars með því að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem og þegar því hentar og gegn viðráðanlegu gjaldi.

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is. Umsóknarfrestur er til 7. maí.**

Fatlað fólk er hvatt til að sækja um starfið. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Þóra Pétursdóttir (thora.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

# Vantar þig starfsmann?
## - við leysum málið.

Nánari upplýsingar hjá Vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

ÍSAM er í hópi öflugustu fyrirtækja á neytendavörumarkaði í dag. Innan sérvörusviðs fyrirtækisins eru mörg af þekktari vörumerkjum í heimi t.d. Pampers, Always, Ariel, Head&Shoulders, Wella, Oral-B, Gillette og Duracell svo dæmi séu nefnd. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu fyrirtækisins. **www.isam.is**

# Ísam leitar að vörumerkjastjóra

**Starfssvið**

- Mikil samskipti við erlenda birgja
- Ábyrgð og umsjón markaðs- og söluáætlana
- Markaðsgreiningar, skýrslugerð og útreikningar
- Verð- og framlegðarútreikningar
- Kynningar og framsetning efnis á íslensku og ensku
- Miðlun þekkingar til samstarfsmanna og viðskiptavina

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í viðskiptafræði er kostur eða mikil starfsreynsla
- Reynsla af matvörumarkaði er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði
- Nákvæmni og mikil færni í að vinna með tölur
- Metnaður, sjálfstraust og skipulagshæfni
- Frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt

## Upplýsingar veitir:

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. maí.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
# www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Fáðu styrk í framtíðarstarf

strætó.is

**Strætó bs.** óskar eftir þjónustulipru og áreiðanlegu fólki til starfa við akstur strætisvagna innan höfuðborgarsvæðisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- D-ökuréttindi
- Hreint sakavottorð
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Æskilegt er að umsækjendur kunni að tala og lesa íslensku

Umsækjendum, sem uppfylla kröfur Strætó til starfsins en eru ekki með D-réttindi, býðst styrkur til að öðlast full réttindi til starfsins gegn skuldbindingu.

Um vaktavinnu er að ræða og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Strætó bs. og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Umsóknum skal skilað á **straeto.is.** **Umsóknarfrestur er til 10 maí.**

## Skólastjóri leikskólans Álfaborgar Reykholti, Bláskógabyggð

**Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir starf leikskólastjóra Álfaborgar, Reykholti, laust til umsóknar.**

Álfaborg er tveggja deilda leikskóli með um 30 börn og 10 starfsmenn í mismunandi starfshlutföllum. Í Álfaborg er metnaðarfullt skólastarf, gott starfsumhverfi og góð samvinna starfsfólks, barna, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans.

Aðalverkefni leikskólastjóra er að bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri og veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og skólaþróunar. Áhersla er á markvissa samfellu og tengsl milli skólastiga og öflugt samstarf heimila og skóla, sem og milli allra skólanna í sveitarfélaginu.

Óskað er eftir umsækjanda með leikskólakennaramenntun og stjórnunarreynslu. Æskilegt er að viðkomandi hafi framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða skólaþróunar. Mikilvægt er að umsækjandi hafi góða stórnunar- og samskiptahæfileika og áhuga á skólaþróun.

**Umsóknarfrestur er til 17. maí n.k.**
*Umsóknir berist til Valtýs Valtýssonar, sveitarstjóra Bláskógabyggðar, Aratungu, 801 Selfoss, netfang valtyr@blaskogabyggd.is, sem veitir nánari upplýsingar í síma 480-3000.*

Sveitarfélagið Bláskógabyggð er staðsett í uppsveitum Árnessýslu og nær yfir Biskupstungur, Laugardal og Þingvallasveit. Það er framsækið sveitarfélag í örum vexti þar sem búa tæplega 1000 íbúar. Þrír þéttbýliskjarnar eru í sveitarfélaginu, þ.e. Laugarás, Laugarvatn og Reykholt. Leikskólinn Álfaborg er staðsettur í Reykholti, sem er í 100 km fjarlægð frá Reykjavík.

ÞG-VERK

Þ.G. Verktakar ehf var stofnað árið 1998 og hefur mikla reynslu af framkvæmdum fyrir opinbera aðila, stórfyrirtæki og einstaklinga ásamt því að byggja atvinnu- og íbúðarhúsnæði á eigin vegum. Fyrirtækið er á meðal stærstu verktakafyrirtækja landsins og hefur áunnið sér traust opinberra aðila og stórfyrirtækja.

Þ.G. Verktakar og tengd fyrirtæki eru með fjölbreytta og umfangsmikla starfsemi tengda mannvirkjagerð á Íslandi og í Færeyjum.

# Þ.G. Verktakar ehf. leita að metnaðarfullum einstaklingum til að taka að sér ábyrgðarmikil og fjölbreytt störf

## Aðalbókari

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Umsjón, eftirlit og ábyrgð með bókhaldi fyrirtækisins og systurfélaga
- Uppgjör og ársreikningagerð ásamt samskiptum við endurskoðanda
- Uppgjör og afstemming milli félaga, samstæðuuppgjör
- Eftirlit með launabókhaldi og skilum á tengdum gjöldum
- Ábyrgð á skilagreinum og VSK uppgjörum
- Greining fjárhagsupplýsinga
- Þátttaka í áætlanagerð
- Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði

**Menntun og hæfniskröfur**
- Viðskiptafræðimenntun eða sambærileg menntun
- A.m.k. 3 ára reynsla af endurskoðunarskrifstofu
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Lipurð í samskiptum og jákvætt hugarfar

## Bókari

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Færsla og afstemmingar í almennu bókhaldi
- Eftirlit með uppáskriftum og flokkun reikninga
- Innheimta
- Önnur tilfallandi störf

**Menntun og hæfniskröfur**
- Góð þekking og reynsla af bókhaldi er skilyrði
- Viðurkenndur bókari er kostur
- Þekking á DK bókhaldskerfi er kostur
- Vandvirkni, sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og rík þjónustulund

**Upplýsingar veitir:**

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. maí.**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

GARÐUR

Í sveitarfélaginu Garði búa rúmlega 1.400 íbúar. Sveitarfélagið er á nyrsta odda Reykjaness. Í Garði er blómlegt tómstunda-, íþrótta- og menningarlíf. Lögð er áhersla á að allir aldurshópar íbúanna fái notið sín í fjölbreyttu félagslífi. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar í vel búinni íþróttamiðstöð. Nánari upplýsingar um Garð er að finna á vefsíðunni **www.svgardur.is**

Um 200 nemendur stunda nám við Gerðaskóla og býr skólinn við mjög góðan aðbúnað og aðstöðu. Einkunnarorð skólasamfélagsins í Garði eru: **Árangur, virðing, gleði, leikur, sköpun og ábyrgð.**

# Skólastjóri

Staða skólastjóra við Gerðaskóla í Garði er laus til umsóknar.
Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2015.

Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn til að viðhalda og byggja upp öflugt skólasamfélag af metnaði og dugnaði með virðingu og ánægju að leiðarljósi.

**Markmið og verkefni**
- Stjórnun og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjárhagsáætlunum og rekstri skólans
- Fagleg forysta
- Stuðla að framþróun skólastarfsins
- Ráðningar og mannauðsstjórnun
- Þekking og góður vilji til að leiða samstarf skólasamfélagsins út frá skólastefnu sveitarfélagsins og gagnvart samstarfs-verkefnum/samningum sem skólinn á við aðrar stofnanir

**Menntun, færni og eiginleikar**
- Grunnskólakennaramenntun og önnur reynsla skv. lögum nr. 87/2008, 12. gr.
- Menntun í stjórnun menntastofnana eða annað sambærilegt framhaldsnám er kostur
- Reynsla af skipulagi og stjórnun er kostur
- Mjög góð færni í samskiptum og góð meðmæli þar um
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og styrkur í ákvarðanatöku
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

# Aðstoðarskólastjóri

Staða aðstoðarskólastjóra við Gerðaskóla í Garði er laus til umsóknar.
Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2015.

Leitað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn til að viðhalda og byggja upp öflugt skólasamfélag af metnaði og dugnaði með virðingu og ánægju að leiðarljósi.

**Markmið og verkefni**
- Fagleg forysta
- Stjórnun, ábyrgð á daglegri starfsemi sem staðgengill skólastjóra í forföllum hans
- Stuðla að framþróun skólastarfsins
- Aðkoma að ráðningum, mannauðsstjórnun og vinnutilhögun
- Þekking og góður vilji til að leiða samstarf skólasamfélagsins út frá skólastefnu sveitarfélagsins og gagnvart samstarfs-verkefnum/samningum sem skólinn á við aðrar stofnanir

**Menntun, færni og eiginleikar**
- Grunnskólakennaramenntun og önnur reynsla skv. lögum nr. 87/2008, 12. gr.
- Framhaldsmenntun í stjórnun æskileg
- Reynsla af skipulagi og stjórnun er kostur
- Mjög góð færni í samskiptum og góð meðmæli þar um
- Hvetjandi og góð fyrirmynd

**Upplýsingar veita:**

Sigurjón Þórðarson
sigurjon@hagvangur.is

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 11. maí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

## Vilt þú auka tekjur þínar?

Viltu starfa sjálfstætt, ráða þínum eigin vinnutíma?
Erum að leita eftir heiðalegu, ábyggilegu, framsæknu og duglegu fólki til að starfa með.
Miklir framtíðarmöguleikar hérlendis og erlendis.
Alþjóðlegt fyrirtæki, eitt stærsta og farsælasta fyrirtæki á sínu sviði í heiminum í dag, starfar í yfir 150 löndum.
Árangurstengdar tekjur auk mögulegra bónusa.
Tekjumöguleikar
70.000 - 300.000 kr. á mán.
300.000 - 600.000 kr. á mán.

**Áhugasamir hafið samband:**
820-4122 eða moguleiki@gmail.com

---

**Hálsafell ehf, jarðvinnuverktaki, vantar til starfa vélamenn, bílstjóra (trailer), lagnamenn og verkamenn**

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið vinna@halsafell.is

---

# Hefur þú það sem þarf?

Bandalag íslenskra skáta óskar eftir því að ráða framkvæmdastjóra Grænna skáta.

Um framtíðarstarf er að ræða.

### Tilgangur starfs

- Afla fjár fyrir Bandalag íslenskra skáta.
- Rekstur Þjóðþrifa ehf. og Skátabúðarinnar ehf.
- Stjórna starfseminni og vera málsvari stofnunarinnar út á við.

### Ábyrgðar- og stjórnunarsvið

- Daglegur rekstur beggja eininga.
- Sjá til þess að rekstur gangi eðlilega fyrir sig, áætlanir séu gerðar, bera ábyrgð á markaðsmálum, fjármálum og starfsmannahaldi, sjá um nauðsynlega skýrslugerð og fyllstu hagkvæmni sé ávallt gætt.
- Samskipti við birgja, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður, virkur og ábyrgur í starfi. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, eiga auðvelt með samskipti og sýna frumkvæði í starfi.
- Leitað er að einstaklingi sem getur tekið þátt í almennum störfum fyrirtækisins ef á þarf að halda.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til 4. maí. Umsóknum skal skilað til framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra skáta á netfangið: hermann@skatar.is

Grænir skátar
– við elskum dósir!

---



## Sunnulækjarskóli

**Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru lausar stöður umsjónarkennara á yngsta- og miðstigi og staða kennara í hönnun og smíði. Þá vantar íþróttakennara til afleysinga frá hausti til ársloka 2015.**

Umsækjandi þarf að hafa kennsluréttindi, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans:
**http://www.sunnulaekjarskoli.is**

**Umsóknarfrestur er til 5. maí 2015.**

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, **birgir@sunnulaek.is** eða Sunnulækjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

***Skólastjóri***

---

# Skaftárhreppur

### Staða íþróttakennara við Kirkjubæjarskóla

Okkur í Kirkjubæjarskóla vantar íþróttakennara næsta vetur.
Um er að ræða íþrótta- og sundkennslu í 1. – 10. bekk.
Við leitum að hugmyndaríkum, og metnaðarfullum kennara sem tilbúinn er að takast á við ný og fjölbreytt verkefni.
Öll aðstaða til íþróttakennslu er hin glæsilegasta.

**Umsóknarfrestur er til 15. maí.**

### Staða íþrótta- og tómstundafulltrúa

Skaftárhreppur er að leita að metnaðarfullum og dugmiklum einstaklingi sem getur tekið til starfa hjá okkur 1. ágúst 2015. Starfið felst í umsjón með rekstri félagsmiðstöðvar, forvarnarmálum og uppbyggingu á íþrótta- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu.

**Umsóknarfrestur er til 15.maí.**

Nánari upplýsingar gefur Kjartan Kjartansson í síma 487 4633/865 7440, skolastjori@klaustur.is

**http://www.kbs.is/**
**http://www.klaustur.is**

---

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# STARFSMAÐUR Í MÖTUNEYTI ÓSKAST

Leitað er að þjónustulunduðum, snyrtilegum, drífandi og jákvæðum einstaklingi í starf í mötuneyti RÚV, Efstaleiti 1, Reykjavík.

**Ábyrgð og helstu verkefni**
- Þjónusta, afgreiðsla og matreiðsla.
- Aðstoð við viðburði og fundi.
- Þrif, uppvask og frágangur.

**Hæfniskröfur**
- Þjónustulund og jákvætt viðmót.
- Snyrtimennska og stundvísi.
- Sjálfstæði í starfi.

Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2015.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax.
Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.
Unnið er á vöktum.

Umsóknarform á **www.RUV.is/laus-storf**

Guðleifur Kristinn Stefánsson veitir frekari upplýsingar í síma 515 3165 milli 13.30 og 15.00 alla virka daga.



RÚV

HJÚKRUNARHEIMILI

SKJÓL



## Hjúkrunarfræðingar

**Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa sem fyrst**
**Starfshlutfall samkomulag**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Skipulagning hjúkrunar samkvæmt stefnu heimilisins
- Taka þátt í leiðandi starfi og framþróun
- Stjórna almennum hjúkrunarstörfum á vakt og bera ábyrgð á þeim

**Hæfniskröfur:**
- Hjúkrunarfræðingur með íslenskt starfsleyfi
- Góð samskiptahæfni
- Jákvæðni og sveigjanleiki

**Upplýsingar veitir:**
**Guðný H. Guðmundsdóttir**
**Framkvæmdarstjóri hjúkrunar**
**Sími 522 5600 netfang gudny@skjol.is**
**Hjúkrunarheimili**
**Kleppsvegi 64 104 Reykjavík**
**Sími. 522 5600**

IÐNVÉLAR Beta

## Sölumaður og vörustjóri

Iðnvélar tóku nýverið við umboði fyrir hin heimsþekktu Beta verkfæri á Íslandi.
Við óskum eftir öflugum sölumanni sem hefði það hlutverk að skipuleggja sölu, dreifingu og þjónustu á Beta verkfærum um allt land, samhliða sölu á öðrum vörum fyrirtækisins.
Í starfinu felst m.a. sala og ráðgjöf á verkfærum, rekstrarvörum, vélum og tækjum tengdum iðnaði til viðskiptavina fyrirtækisins.
Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur gaman af mannlegum samskiptum og er reyklaus.

**Hæfniskröfur:**
- **Reynsla af sölumennsku**
- **Góð reynsla úr iðnaði og þekking á verkfærum**
- **Góðir skipulagshæfileikar**
- **Góð enskukunnátta**

Umsóknir sendist til Margrétar Hansen eigi síðar en 30 apríl á netfangið: **margret@idnvelar.is**
Ekki er tekið á móti umsóknum í síma.

## Starf organista og kórstjóra/ tónlistarstjóra við Hjallasöfnuð

Starf organista og kórstjóra við Hjallasöfnuð í Kópavogi er laust til umsóknar. Um fullt starf er að ræða og verður ráðið í starfið frá og með 1. september 2015. Organisti hefur forystu um allt tónlistarstarf safnaðarins.

Gerð er krafa um að umsækjandi hafi lokið kantorsprófi frá Tónskólanum eða sambærilegri menntun, hafi víðtæka reynslu og þekkingu á sviði tónlistar og mikla reynslu af kórstjórn. Í Hjallasöfnuði er öflugur og reynslumikill kór.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er góður í mannlegum samskiptum, hefur brennandi áhuga á öllu kirkjustarfi, kórastarfi og fjölbreyttri tónlist.

Starfskjör, réttindi og skyldur er samkvæmt kjarasamningi Launanefndar Þjóðkirkjunnar og FÍO/organistadeildar FÍH.

**Umsóknarfrestur er til 12.maí 2015** og skulu umsóknir berast til formanns sóknarnefndar, Guðrúnar Huldu Birgis, Fífuhjalla 15, 200 Kópavogi.

Starfslýsingu er að finna á Hjallakirkja.is.
Frekari upplýsingar um starfið veitir Sr. Sigfús Kristjánsson sóknarprestur í síma 5546716 eða á netfangið sigfus@hjallakirkja.is

Auðarskóli
Ábyrgð - Ánægja - Árangur

## Auðarskóli í Dölum

Við Auðarskóla eru lausar stöður grunnskólakennara fyrir skólaárið 2015 -2016. Um er að ræða almenna kennslu og kennslu í smíði ásamt umsjón með nemendahópum. Auðarskóli er samrekinn grunn-, leik- og tónlistarskóli staðsettur í Búðardal. Í starfinu er lögð áhersla á leiðsagnarmat, ábyrgð í námi og kennslu í blönduðum nemendahópum. Aðstaða nemenda og starfsmanna til leiks og starfs er með ágætum.

Nánari upplýsingar umskólann má finn á **www.audarskoli.is**

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Leyfisbréf til að starfa sem grunnskólakennari
- Farsælt starf í kennslu eða vinnu með börnum
- Áhugi á kennslu og skólastarfi
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í störfum.

Upplýsingar um stöðurnar veitir Eyjólfur Sturlaugsson skólastjóri í síma 899 7037 eða á netfanginu eyjolfur@audarskoli.is

Áhugasamir sendi umsókir ásamt ferilskrá rafrænt á sama netfang. **Umsóknarfrestur er til 04. maí 2015.**

ORKUSTOFNUN

# Sérfræðingur
## í verkfræði raforkumála

Orkustofnun auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings við eftirlit með framkvæmd raforkulaga.

*Hlutverk Orkustofnunar er að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um orku og auðlindamál, standa fyrir rannsóknum á orkubúskap og orkulindum þjóðarinnar, safna og miðla gögnum um orkumál, vinna áætlanir til lengri tíma og stuðla að samvinnu á sviði orkumála og rannsókna innan lands og utan.*

*Á Orkustofnun starfa sérfræðingar með umfangsmikla reynslu og byggir stofnunin á víðtækri færni og menntun þeirra.*

### Helstu verkefni:
- Eftirlit með því að fyrirtæki sem starfa samkvæmt raforkulögum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemi þeirra gilda, reglugerðum og öðrum heimildum.
- Eftirlit með gæðum raforku og afhendingaröryggi.
- Þátttaka í starfi raforkuhóps orkuspárnefndar.
- Fagleg aðstoð við stjórnvöld vegna umsagna, eftirfylgni og þróunar lagaumhverfis.
- Samskipti við erlendar eftirlitsstofnanir og samtök á sviði raforkueftirlits.
- Þjónusta og upplýsingagjöf á sviði raforkueftirlits.
- Umsjón með öflun og miðlun gagna á sviði raforkumála.

### Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, helst á sviði rafmagnsverkfræði.
- Þekking á orkumálum, sérstaklega á sviði raforku.
- Reynsla af samskiptum opinberrar stjórnsýslu og orkuiðnaðarins.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku og ensku er skilyrði og þekking á einu norðurlandamáli æskileg.
- Hæfileiki til að koma frá sér efni í töluðu og rituðu máli.
- Þekking á rekstrarumhverfi orkuiðnaðarins æskileg.
- Raforkueftirlitið er samstarfsverkefni teymis starfsmanna við Orkustofnun og gerir kröfu um hæfni til ríkra samskipta og sveigjanleika í starfi.

Laun greiðast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar veitir Guðni A Jóhannesson orkumálastjóri, sími 5696000, netfang gudni.a.johannesson@os.is.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf berist til Guðnýjar Þórsdóttur starfsmannastjóra Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík eða á netfang gd@os.is eigi síðar en 11. maí 2015.

Öllum umsóknum verður svarað.

Orkugarður
Grensásvegi 9
108 Reykjavík
www.os.is

Orkumálastjóri



## Mountaineers of Iceland leita eftir starfsmönnum á verkstæði fyrirtækisins í Skútuvogi, Reykjavík

**VERKSVIÐ**
- VIÐGERÐIR OG VIÐHALD Á BREYTTUM JEPPUM
- VIÐGERÐIR OG VIÐHALD Á VÉLSLEÐUM
- ÁSTANDSSKOÐANIR BÍLA OG VÉLSLEÐA

**HÆFNISKRÖFUR**
- SVEINSPRÓF Í VÉLVIRKJUN / BIFVÉLAVIRKJUN OG EÐA ÚRRÆÐAGÓÐUR AÐILI MEÐ REYNSLU AF VIÐGERÐUM
- ÞJÓNUSTULUND OG HÆFNI Í MANNLEGUM SAMSKIPTUM AUKIN ÖKURÉTTINDI ER KOSTUR

Í BOÐI ER SPENNANDI STARF HJÁ FRAMSÆKNU OG TRAUSTU FYRIRTÆKI SEM STARFAR Í ÆVINTÝRAFERÐA-MENNSKU.

**UMSÓKNIR OG FREKARI UPPLÝSINGAR:**
ATVINNA@MOUNTAINEERS.IS EÐA Í SÍMA 580 9900.

Mountaineers of Iceland er ferðaþjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í ævintýraferðum fyrir einstaklinga og hópa. Fyrirtækið býður upp á dagsferðir frá Reykjavík ásamt vélsleða- og trukkaferðum á Langjökul.

2014 Framúrskarandi fyrirtæki
tripadvisor 2014 Winner Certificate of Excellence
Mountaineers of Iceland ADVENTURE TOURS

## Ertu að leita að vinnu erlendis?

Við erum að leita að reyndum auglýsingasölumanni til að starfa í Kaupmannahöfn og Osló.
Starfið felst í að heimsækja fyrirtæki sem tengjast ferðaiðnaði og auglýsingasölu því tengdu.
Viðkomandi þarf að tala ensku og kostur er að tala dönsku eða norsku. Þarf að geta unnið mjög sjálfstætt og hafa húsnæði.
Um er að ræða árangurstengd laun.
Erum að ráða í skemmri eða lengri tíma.
Sagaz hefur sérhæft sig í útgáfu ferðarita sl. 25 ár þar af 10 ár erlendis.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á
**umsokn@sagaz.is fyrir 1. maí nk.**

## Sölustjóri

Útgáfufyrirtækið Sagaz ehf. óskar eftir að ráða sölustjóra í fullt starf.
Um er að ræða krefjandi starf sem m.a. felur í sér að hafa yfirumsjón með ákveðnum verkefnum fyrirtækisins ásamt því að taka virkan þátt í sölu.
Eingöngu kemur til greina vanur aðili sem hefur reynslu af sölustjórnun og sölustörfum. Kostur er ef að viðkomandi hefur þekkingu á rafrænum útgáfum, s.s. app forritum, þar sem öll útgáfa tengd ferðaiðnaði á okkar vegum er jafnframt að fara inn í rafrænt umhverfi.
Sagaz gefur út fjölda rita á Íslandi og erlendis tengd ferðaþjónustu, sjá upplýsingar á heimasíðu okkar **www.sagaz.is.**
Umsóknir sendist á **umsokn@sagaz.is fyrir 1. maí nk.**

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- **Leikskólakennari í leikskólann Austurkór**
- **Deildarstjóri í leikskólann Austurkór**
- **Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi í leikskólann Austurkór**
- **Deildarstjóri í leikskólann Urðarhól**

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

## Sólar Gluggatjöld

### UPPSETNINGAMAÐUR (SÖLUMAÐUR)

**Helstu verksvið:**
- Uppsetningar, viðgerðir og sala.
- Ýmis tölvu- og skrifstofuvinna.
- Heimsóknir til viðskiptavina, ráðgjöf og tilboðsgerð.

**Hæfniskröfur:**
- Smiður eða handlaginn einstaklingur
- Góðir söluhæfileikar.
- Tölvuþekking og þá sæmileg kunnátta í Office-hugbúnaði.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Geta unnið undir álagi.
- Heiðarleiki, stundvísi og helgun að starfi.

**Um er að ræða 100% starf.**

**Ráðið verður í starfið sem fyrst.**

Umsóknir og óskir um frekari upplýsingar sendast á: hjortur@solar.is fyrir 2.maí n.k.

## STRÁ



**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

**Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.**

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

AviJet

## Starfsmaður í Flugrekstrardeild.

Avijet leitar að öflugum starfsmanni í flugrekstrardeild félagsins. Starfið felst m.a í gerð flugplana, öflun yfirflugsheimilda, skipuleggja flugafgreiðslu og eldsneyti. Einnig skipulag fyrir áhafnir, m.a þjálfun og vinnuskrá, flugmiðar, hótel ofl.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Sveigjanleiki og samstarfsvilji
- Hafa getu til að vinna undir álagi
- Góð enskukunnátta bæði í máli og riti nauðsynleg

**Umsóknarfrestur er til og með 1. maí.**

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið **jobs@avijet.is** merkt „Starfsmaður í OPS“.



# Arctic Adventures leitar að öflugum sölustjóra

Arctic Adventures er íslenskt ævintýra- og afþreyingarfyrirtæki sem leggur áherslu á vistvæna ferðamennsku í einstakri náttúru íslands. Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti undanfarin ár og er um að ræða opinn, skemmtilegan og ævintýralegan vinnustað með metnaðarfullu starfsfólki. Nú leitar fyrirtækið að nýjum og öflugum sölustjóra sem getur leitt sölu fyrirtækisins með krafti og metnaði. Við hvetjum konur jafnt sem karla með reynslu af sölustjórnun og drífandi áhuga á sölu, til þess að sækja um starfið.

**Starfssvið:**

- Dagleg sölustjórnun og verkefnastýring nýsölu
- Skipulagning og eftirfylgni söluherferða
- Gerð söluáætlana og árangursmælingar
- Greining sölutækifæra
- Öflun nýrra viðskiptasambanda og viðhalda núverandi viðskiptasamböndum
- Samskipti við viðskiptavini
- Stýring tvískiptrar söludeildar bæði almennri og sértækri sölu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og/eða haldgóð reynsla af teymisstjórnun
- Reynsla af sölustörfum og/eða þjónustu við fyrirtæki eða einstaklinga er skilyrði
- Sérlega góð færni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund og færni í myndun viðskiptatengsla
- Árangursdrifni og framkvæmdagleði
- Söluhæfileikar og sannfæringarkraftur
- Mjög góð enskukunnátta er nauðsynleg

Umsjónaraðili ráðningar er Jóhanna Ella Jónsdóttir. Umsóknir ásamt kynningarbréfi þar sem færð eru rök fyrir hæfni í starfið skulu berast til johanna@adventures.is fyrir **4.maí** næstkomandi.

arctic adventures

REYKJAFELL

## Sölumaður og markaðsfulltrúi

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða sölumann í verslun okkar. Einnig óskum við eftir að ráða markaðsfulltrúa. Leitum að stundvísum, áreiðanlegum og þjónustulunduðum einstaklingum sem vilja vinna með góðri liðsheild. Vinnutími sölumanns er frá 08.00-17.00, en markaðsfulltrúa frá 09.00-16.00. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

### Sölumaður

**Helstu verkefni:**

- Sala á rafbúnaði o.fl. til rafverktaka, rafvirkja og fyrirtækja.
- Ráðgjöf til rafverktaka, rafvirkja, verkfræðistofa, o.fl. varðandi val á búnaði.
- Tilboðsgerð

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Rafiðnfræðingur, rafvirki eða sambærileg menntun
- Góðir samskiptahæfileikar
- Framúrskarandi þjónustulund.
- Góð ensku kunnátta
- Metnaður til að takast á við krefjandi verkefni í spennandi umhverfi.

### Markaðsfulltrúi

**Helstu verkefni:**

- Yfirumsjón með ásýnd félagsins
- Samskipti við viðskiptavini og erlenda birgja
- Sölu-, þjónustu- og markhópagreiningar
- Umsjón með heimasíðu félagsins
- Umsjón með markaðsvarning, merkingum og útstillingum
- Umsjón með viðburðum og heimsóknum
- Umsjón með auglýsingum og kynningum
- Frumkvæði í að móta og þróa markaðsmál félagsins til framtíðar

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Viðskiptafræðimenntun með áherslu á markaðsfræði
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Þjónustulipurð og mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð tölvukunnátta
- Söluhæfileikar og frumkvæði
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði

Reykjafell hf er einn af stærstu innflutningsaðilum á sviði rafbúnaðar á Íslandi. Við erum framsækið fyrirtæki og leitum að starfsmönnum til að starfa með skemmtilegum hópi í krefjandi umhverfi. Hjá okkur eru 35 starfsmenn við sölu- lager-, skrifstofu- og framleiðslustörf.
Nánari upplýsingar veita Þórður í síma 5756617 og Hannes í síma 575 6631.

Umsóknir sendist á hannes@reykjafell.is

**Umsóknarfrestur er til og með miðvikudeginum 29. apríl**

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérfræðingur á skrifstofu fjármála | Forsætisráðuneytið | Reykjavík | 201504/446 |
| Starfsmaður í vörustj. og innk. | ÁTVR, Vínbúðin | Reykjavík | 201504/445 |
| Tölvuþjónusta | Rekstrarfélag Stjórnarráðsins | Reykjavík | 201504/444 |
| Lögfræðingur | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Reykjavík | 201504/443 |
| Sérfræðingur | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201504/442 |
| Verkefnisstjóri | HÍ, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201504/441 |
| Sálfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201504/440 |
| Framhaldsskólakennarar | Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ | Mosfellsbær | 201504/439 |
| Tollvörður | Tollstjóri | Rvík/Kef.flugv. | 201504/438 |
| Sérfræðingur | Tollstjóri, tollasvið | Reykjavík | 201504/437 |
| Sjúkraliði | Landspítali, skilunardeild | Reykjavík | 201504/436 |
| Sérfræðingur | Orkustofnun | Reykjavík | 201504/435 |
| Sjúkraliðar, sumarafleysingar | Landspítali, lyflækningasvið | Reykjavík | 201504/434 |
| Hjúkrunarfræðingar, sumarafl. | Landspítali, lyflækningasvið | Reykjavík | 201504/433 |
| Bókasafns- og uppl.fræðingur | HÍ, Menntavísindasvið | Reykjavík | 201504/432 |
| Meistaranemi í jarðeðlis-, jarðfr. | Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR | Reykjavík | 201504/431 |
| Hagfræðingur | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201504/430 |
| Framhaldsskólakennari | Menntaskólinn við Sund | Reykjavík | 201504/429 |
| Sérfræðingur | Háskólinn á Hólum/Selasetur Íslands | Hvammstangi | 201504/428 |
| Starf við ræstingar | Þjóðminjasafn Íslands | Reykjavík | 201504/427 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Hvammstangi | 201504/426 |
| Sérfræðingur | Ferðamálastofa | Rvík/Akureyri | 201504/425 |
| Fulltrúi á fjárhagsdeild | Vegagerðin | Akureyri | 201504/424 |

# Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

## Gluggasmiðjan ehf auglýsir

**eftir vélamanni á tölvustýrða gluggavinnsluvél.**

Reynsla af notkun CNC stýrðra véla er kostur. Um framtíðarstarf er að ræða. Næg verkefni framundan og góð laun í boði. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir sendist á gg@gluggasmidjan.is**

## Hótelstjóra vantar á nýtt 68 herbergja hótel í Hafnafirði

**Starfssvið**

- Umsjón með daglegri stjórnun og rekstri.
- Stjórnun starfsmanna ráðning og þjálfun.
- Öflun nýrra viðskiptavina.
- Almenn verkefni sem kemur að stjórnun hótelsins.

**Menntunar og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun á sviði reksturs eða hótelstjórnunar eða önnur reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnunarstarfi.
- Góð íslensku- og ensku kunnátta auk fleiri tungumála.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á **hotelvellir@gmail.com.**

## Starfsmenn óskast í löndun

Um er að ræða löndun á sjófrystum afurðum á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.
Mikil vinna framundan.

Nánari upplýsingar í síma 892 2533

## Sölufulltrúi fasteigna

**Meðalstór fasteignasala óskar eftir löggiltum fasteignasala eða sölufulltrúa.**

**Alfarið árangurstengd laun. Hátt skiptihlutfall.**
**Áhugasamnir sendi póst á ilgur@simnet.is.**

NORÐURORKA

## Útboð á borun vinnsluholu fyrir Norðurorku hf.

Verkið felst í borun allt að 400 m djúprar vinnsluholu á Skeggjabrekkudal fyrir hitaveituna á Ólafsfirði. Útboðsgögn á rafrænu formi fást frá Bjarna Gautasyni (**bg@isor.is**) hjá Íslenskum orkurannsóknum.

**Tilboðum skal skilað á skrifstofur Norðurorku að Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri fyrir kl. 12:00 þann 22. maí 2015. Tilboðin verða opnuð sama dag kl. 15:00.**

*Fyrir hönd Norðurorku hf.*
*Bjarni Gautason, ÍSOR - Akureyri*

## Starfsmaður á skrifstofu

Myllusetur óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu fyrirtækisins. Starfið felur í sér almenn skrifstofustörf og reikningagerð. Við leitum að skipulögðum, töluglöggum og metnaðarfullum einstaklingi.

**Helstu verkefni:**

- Reikningagerð
- Innheimta
- Almenn skrifstofustörf

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af reikningagerð æskileg
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Kunnátta á Word og Excel
- Reynsla af DK-hugbúnaðarkerfi er kostur
- Áreiðanleiki, frumkvæði og lipurð í samskiptum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Umsóknarfrestur er til og með 7. maí nk. Starfsferilskrá og kynningarbréf þarf að fylgja umsókn.

Umsóknir sendist á starfsumsokn@vb.is.

Viðskiptablaðið



## **Grímsbær,** skrifstofur á 2. hæð

Um 695 m² skrifstofuhæð til leigu við Efstaland 26, með inngang við Bústaðaveg, í lengri eða skemmri tíma. Hæðin er björt með nokkrum skrifstofum, fundarherbergjum og opnu vinnurými. Ágætis eldhús og stórar suðursvalir.

Í Grímsbæ er fjölbreytt þjónusta við höndina, næg bílastæði eru við húsið og góð aðkoma er að skrifstofuhæðinni bakatil.

# TIL LEIGU

Nánari upplýsingar á **www.reitir.is**
og hjá Halldóri Jenssyni, forstöðumanni sölusviðs, í **840 2100** eða **halldor@reitir.is**

Reitir fasteignafélag   Kringlan 4–12   103 Reykjavík   www.reitir.is   575 9000

: REITIR
*Velkomin til starfa*

GRINDAVÍKURBÆR

## Íþróttamiðstöðin í Grindavík
### - frágangur lóðar

**Grindavíkurbær óskar eftir tilboðum í ofangreint verk.**

Helstu verkþættir eru: Hellulagnir 1.900 m2, Malbik 330 m2, Snjóbræðsla 960 m2 og staðsteyptir setstallar 210 m.

Verkinu skal að fullu lokið 20. ágúst 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar Víkurbraut 62, 240 Grindavík og hjá Landslagi ehf. Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum til Bæjarskrifstofa Grindavíkurbæjar **fyrir kl. 13:45 mánudaginn 11. maí 2015** og verða þau opnuð þar kl. 14:00 þann dag.

# Jarðir til sölu
## Tilboð óskast í jarðirnar Litla Kamb í Snæfellsbæ og Hlíðarberg í Hornarfirði



**15684** - Litli Kambur í Snæfellsbæ í hinni fögru sveit Breiðuvík. Jörðin er talin vera uþb. 190 ha.



**15471** - Hlíðarberg í Hornarfirði. Jörðin er talin vera uþb. 17 ha.

Nánari upplýsingar og gögn fyrir ofangreindar jarðir eru aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is eða í síma 530 1400.

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, Reykjavík fyrir kl. 10:00 þann 19. maí 2015 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Borgartúni 7c,
105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

## Auglýsing um sveinspróf
### Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin sem hér segir ef næg þátttaka fæst:

Í snyrtifræði í maí. Umsóknarfrestur er til **1. maí.**

Í málmiðngreinum, rennismíði, blikksmíði og stálsmíði í maí - júní. Umsóknarfrestur til **1. maí.**

Í netagerð í maí - júní. Umsóknarfrestur til **1. maí.**

Í vélvirkjun í **september.** Umsóknarfrestur til **1. júní.**

Í hársnyrtiiðn í september. Umsóknarfrestur til **1. júlí.**

Í ljósmyndun í **september – október.** Umsóknarfrestur til **1. júlí.**

**Dagsetningar prófanna verða birtar á heimasíðu okkar um leið og þær liggja fyrir.**

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2015.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður er mismunandi eftir iðngreinum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, veffang: www.idan.is og á skrifstofunni.

IÐAN - fræðslusetur,
Vatnagörðum 20, 104 Reykjavík,
sími: 590 6400, bréfsími: 590 6401,
netfang: idan@idan.is

IÐAN fræðslusetur

## Aðalskipulag Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 á vinnslustigi

Bæjarstjórn hefur samþykkt tillögu á vinnslustigi að nýju aðalskipulagi sem kynnt var íbúum á íbúafundi 22. apríl s.l. tillagan er nú að aðgengileg í þjónustuveri bæjarins Austurströnd 2, og á heimasíðu bæjarins, þar sem hún er sett fram með uppdráttum og greinargerð.

Óskað er eftir ábendingum um innihald tillögunnar meðan hún er enn á vinnslustigi og mun skipulagsnefnd vinna úr þeim áður en tillagan verður fullgerð og samþykkt til formlegrar auglýsingar.

**Óskað er eftir því að ábendingar berist í síðasta lagi 5. maí á netfang bæjarins postur@seltjarnarnes.is**

**Skipulags- og umferðarnefnd**

Seltjarnarnesbær seltjarnarnes.is

# Aðalfundur
## Fjáreigendafélags Reykjavíkur

Verður haldinn miðvikudaginn 6. maí í Baðhúsinu í Fjárborg kl. 20:00. Reikningar félagsins liggja frammi til skoðunar á sama stað þriðjudaginn 28. apríl.

Fundarefni venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn Fjáreigendafélags Reykjavíkur.

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Dúklagning í ýmsum mannvirkjum Reykjavíkurborgar 2015** – útboð nr. 13495.

Nánari upplýsingar er að finna á **www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## Starfsmaður á skrifstofu

Myllusetur óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu fyrirtækisins. Starfið felur í sér almenn skrifstofustörf og reikningagerð. Við leitum að skipulögðum, töluglöggum og metnaðarfullum einstaklingi.

**Helstu verkefni:**
- Reikningagerð
- Innheimta
- Almenn skrifstofustörf

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af reikningagerð æskileg
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Kunnátta á Word og Excel
- Reynsla af DK-hugbúnaðarkerfi er kostur
- Áreiðanleiki, frumkvæði og lipurð í samskiptum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Umsóknarfrestur er til og með 7. maí nk. Starfsferilskrá og kynningarbréf þarf að fylgja umsókn.

Umsóknir sendist á starfsumsokn@vb.is.

Viðskiptablaðið

## Ferðaþjónustuaðilar
### veitingamenn - bændur



Erum með til sölu allskyns búnað í veitingarekstur/ferðaþjónustu.

T.d rennibraut og boltaland sem hentar vel að setja í útihús fyrir börnin.

**Sendu okkur tölvupóstfang og við sendum ykkur lista.**
**s. 892-0807 • hitti@internet.is**

# ÚTBOÐ

## Nýr Landspítali við Hringbraut, meðferðarkjarni fyrir fullnaðarhönnun meðferðarkjarna
### ÚTBOÐ NR. 15804

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR), fyrir hönd verkkaupa sem er Nýr Landspítali ohf. (NLSH) óskar eftir tilboðum í fullnaðarhönnun á meðferðarkjarna, um 58.500 m2, sem verður hluti af nýjum Landspítala við Hringbraut. Verkefnið flokkast undir opinberar framkvæmdir samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda. Hér er um að ræða opið útboð, auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Fyrirkomulag útboðs er svokallað tveggja umslaga kerfi. Bjóðendur skulu skila annars vegar inn upplýsingum um hæfni og reynslu og hins vegar tilboði í þóknun fyrir ráðgjafarstörf.

Sjá nánar um verkefnið, gerð og frágang tilboðs, skil meðferð og mat o.fl. í útboðs- og samningsskilmálum verkefnisins.

Ekki verður greitt fyrir tilboðsgerð.

Tungumál útboðs þessa og alls verkefnisins er íslenska að undanskildum samskiptum við nauðsynlega birgja, vottunaraðila o.fl. sem mega vera á ensku.

Útboðsgögn verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa **www.rikiskaup.is frá og með miðvikudeginum 29. apríl nk.**

Tilboðum skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík, eigi síðar en fimmtudaginn 25. júní fyrir kl: 11:00. Á þeim fundi verða fyrri umslög tilboða opnuð.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

MOSFELLSBÆR

# AUGLÝSING UM ÚTBOÐ
## Mosfellsbær óskar eftir tilboðum í verkið:
## Vogatunga, gatnagerð og lagnir

Um er að ræða íbúðasvæði í Vogatungu sem staðsett er í Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Helstu verkþættir eru að ljúka vinnu við gatnagerð og veitukerfi á svæðinu. Verkið skiptist í 3. áfanga á árunum 2015-2016.

**Helstu magntölur eru:**

| | | |
|---|---|---|
| Gröftur | 500 | m3 |
| Hreinsa lífrænt efni úr yfirborði | 4.600 | m2 |
| Fylling | 3.450 | m3 |
| Holræsi | 200 | m |
| Hitaveitulagnir | 550 | m |
| Vatnsveitulagnir | 335 | m |
| Heildarskurðlengd | 500 | m |
| Ídráttarrör | 500 | m |
| Strengir | 1.800 | m |

**Verkinu er skipt í 3. hluta. Verkhluta 1. skal að fullu lokið 29. júní 2015. Verkhluta . skal að fullu lokið 15. september 2015. Verkhluta 3. skal að fullu lokið 1. Júlí 2016**

Útboðsgögn á geisladiski verða afhent í Þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 2. hæð frá og með þriðjudegi 28. apríl 2015.

**Tilboðum skal skilað á sama stað eigi síðar en þriðjudaginn 12. maí 2015 kl. 14.00** og þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## OPIN HÚS SUNNUDAGINN 26. APRÍL

### Furuás 23 -27 - Hafnarfjörður - Raðhús
Opið hús sunnudaginn 26.apríl milli kl. 13.30 - 14.




Nýkomin glæsileg ný raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr samtals ca. 240 fm. Frábær staðsetning innst í botnlanga. Mjög fallegt útsýni. Húsin afhendist fullbúin að innan án gólfefna. Fullbúið að utan, lóð grófjöfnuð. Afhending fljótlega. Verð 58 millj. miðjuhús.
**Verð 59 millj. endahús.**
**Helgi Jón sölustjóri s. 893 2233 verður á staðnum.**

### Vesturgata 18-20 - Hafnarfjörður - Nýjar íbúðir
Opið hús sunnudaginn 26.apríl milli k. 14.30 - 15.




**Glæsilegar nýjar íbúðir við miðbæinn**
Nýtt glæsilegt fjölbýlishús á frábærum stað við miðbæ Hafnarfjarðar. Um er að ræða tvö hús, annað er lyftuhús með 8 íbúðum. Íbúðirnar afhendast fullbúnar á vandaðan hátt með öllum gólfefnum eða fullbúnar án gólfefna. Stæði í lokaðri bílageymslu fylgir öllum íbúðum og íbúðum í húsi 20 fylgir síðan opið stæði undir húsinu. Hús nr. 20 er hefðbundið stigahús með þremur íbúðum ( ein íbúð á hæð). Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja. **Verð frá 37,9 -52,9 millj. Helgi Jón sölustjóri s. 893 2233 verður á staðnum.**

### Norðurbakki 5a íbúð 202 - Hafnarfjörður - 3ja herb.
Opið hús sunnudaginn 26.apríl milli kl. 15 - 15.30.




Hraunhamar kynnir 3ja herbergja 113,9 fm enda íbúð á 2. hæð með tvennum svölum og bílastæði í upphitaðri bílageymslu. Tvö góð svefnherbergi. Glæsileg hellulögð þakverönd með óheftu útsýni til allra átta. **Verð 36,9 millj.**
**Hilmar Bryde sölumaður s. 893 2233 verður á staðnum.**

### Langeyrarvegur 9 - Hafnarfjörður - Einbýli
Opið hús sunnudaginn 26. apríl milli kl. 15. 30 - 16.




Hraunhamar kynnir glæsilegt hús á frábærum stað, 5 rúmgóð svefnherbergi. Aðgengi að húsinu er frá Langeyrarvegi og Krosseyrarvegi. Húsið er úr timbri, hæð og ris, en á steyptum kjallara, alls 194,7 fm. Róleg og góð staðsetning í Vesturbæ Hafnarfjarðar. Hraunlóð. Útsýni m.a. út á sjó. **Verð 55,9 millj.**
**Helgi Jón Sölustjóri s. 893 2233 verður á staðnum.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

# SÖLUFERLI LÓÐAR VIÐ EFSTALEITI

## MIÐSVÆÐIS Í NÁLÆGÐ VIÐ ÚTIVISTARPARADÍS

Ríkisútvarpið (RÚV ohf.) óskar eftir kauptilboðum í byggingarrétt á hluta lóðar að Efstaleiti 1.

Í janúar 2015 samþykktu Reykjavíkurborg og RÚV að hefja vinnu við breytingar á aðal- og deiliskipulagi og efna til hugmyndasamkeppni um svæðið. Stefnt er að blandaðri, vistvænni byggð með spennandi almenningsrýmum og heildstæðum götumyndum. Niðurstöðu má vænta um mitt ár.

Nánari lýsing:
- Hluti af 44.000 fermetra lóð á miðlægu svæði
- Rótgróin byggð þar sem öll lykilþjónusta er til staðar
- Stórbrotið útsýni til allra átta
- Skjólgott gróið umhverfi í návist við Fossvogsdal

### Einstakt tækifæri til uppbyggingar

Nánari upplýsingar og gögn er að finna á www.ruv.is/lodin.
Sölulýsing (útboðsskilmálar) verður aðgengileg frá 29. apríl kl. 12.00.
Lögmannsstofan Juris slf., Borgartúni 26, hefur umsjón með söluferlinu f.h. RÚV.



RÚV
-okkar allra

ráðum
atvinnustofa

Er verið að leita að þér?

radum.is

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**
**landmark.is**



**Magnús Einarsson** Löggiltur fasteignasali Sími 897 8266
**Sigurður Samúelsson** Löggiltur fasteignasali Sími 896 2312
**Sveinn Eyland** Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820
**Íris Hall** Löggiltur fasteignasali
**Þórarinn Thorarensen** Sölustjóri Sími 770 0309
**Rúnar Óskarsson** MBA viðskiptafr. / sölufulltrúi Sími 895 0033
**Eggert Maríuson** Sölufulltrúi Sími 690 1472
**Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir** skjalagerð
**Benedikt Ólafsson** sölufulltrúi Sími 661 7788
**Nadia Katrín** sölufulltrúi Sími 692 5002

Landmark leiðir þig heim!

## 100% þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!




### AUSTURKÓR 121-125 – 203 KÓP
**OPIÐ HÚS SUNNUDAG 26.APRÍL KL.15:30-16:00**

- Um er að ræða ca.150 fm raðhús á einni hæð
- Afhent fullbúin að öllu leiti án gólfefna
- Íbúð er ca.125 fm / bílskúr 25 fm
- Vandaðar innréttingar og frágangur.

**V. 48,5 – 49 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






### ÞRASTARHÓLAR – 111 RVÍK
**BÓKIÐ SKOÐUN**

- Rúmgóð 5.herb endaíbúð
- Fjögur herb. / tvennar svalir / rúmgott eldhús
- Bílskúr í lengju með íbúð
- Getur verið laus miðjan júlí

**V. 35,5 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






### RAUÐAVAÐ – 110 RVK
**BÓKIÐ SKOÐUN**

- Rúmgóð 2ja herb 94 fm íbúð
- Sérinngangur í íbúð
- Ca. 40 fm afgirt sérverönd til suðurs
- Stæði í lokaðri bílgeymslu
- Vönduð og vel með farin íbúð

**V. 29,9 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820






### VINDAKÓR 2-8 – 203 KÓP
**BÓKIÐ SKOÐUN**

- Nýjar 3ja – 5.herb íbúð
- Stærðir 119-166 fm
- Afhentar fullbúnar án gólfefna
- Stæði í bílgeymslu með öllum íbúðum
- **LAUSAR TIL AFHENDINGAR**

**V. 34,3 – 44,9 millj.**

Hafðu samband
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820







**365.is**
**Sími 1817**

**365**

# LIFÐU Í NÚLLINU!

**0 kr.** 4 GSM áskriftir
**60 mín.** og **60 SMS***
60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift

**0 kr.** Internet
**20 GB**

**0 kr.** Heimasími
**100 mín.***
*Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma

Viðskiptavinir 365 geta talað í 60 mínútur og sent 60 SMS fyrir 0 krónur með völdum sjónvarpspökkum 365. Viðskiptavinir fá einnig 20 GB í interneti og 100 mín. í heimasíma á 0 kr. Allt þetta ásamt frábærri sjónvarpsdagskrá!




## SKEMMTIPAKKINN

Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar, GSM, internet, heimasími, Stöð 2 Maraþon og aðild að Vild.

HBO 3 Krakka Stöðin BRAVO MARAÞON Vild

**9.290 kr.**
Aðeins 310 kr. á dag

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

PIPAR\TBWA · SÍA

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144



**GERÐAKOT 5 - 225 GARÐABÆR**

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 26. APRÍL KL.16.00**

- Skemmtilegt einbýlishús með mikla möguleika
- Þriggja herbergja leigueining með sér inngangi
- Fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi

**V. 49,8 milj.**



Hafðu samband
**NADIA KATRÍN BANINE**
Sölufulltrúi. Sími 692 5002

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
ÍRIS HALL - Löggiltur fasteignasali
**SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS**

---

ÁS FASTEIGNASALA

*Stofnað 1988*

**Kári Halldórsson**
lögg. fasteignasali.
Fjarðargötu 17, Hafnarfirði
Opið virka daga kl. 9-17
Sími: 520 2600
Netfang: as@as.is
Heimasíða: www.as.is



Eiríkur Svanur Sigfússon
lögg. fasteignasali.
s: 862-3377

## HÓTEL BEST - STAPAVEGUR 7 - VOGAR VATNSLEYSTUSTRÖND




**ATVINNUTÆKIFÆRI - FJÁRFESTAR.** Eignin er alls 1.311,8 fm að stærð á einni hæð. 28 2ja manna herbergi með sér snyrtingu, öll með sjónvarpi og interneti, dúkur, teppi og korkflísar á gólfum. Sjö herbergi með sameiginlega snyrtingu, þ.e. eitt 2ja manna og sex herbergi með aðstöðu fyrir fjóra, internet aðgangur. Þrjár íbúðir (ca 40 fm hver) með gistiaðstöðu fyrir allt að fimm manns. Að auki er gestamóttaka, tvö þvottahús, rúmgóður matsalur, eldhús, herbergi fyrir næturvörð, setustofa fyrir gesti, tölvuherbergi, snyrting og líkamræktarherbergi, aðallega flísar á gólfum.

**Sjá nánar uppl. www.hotelvogar.is**

**Allar nánari upplýsingar hjá Eiríki Svani Sigfússyni löggiltum fasteignasala í síma 862-3377**

**Við erum í snjallsímum á m.as.is og á facebook.com/asfasteignasala**

---

ÁS FASTEIGNASALA

*Stofnað 1988*

**Kári Halldórsson**
lögg. fasteignasali.
Fjarðargötu 17, Hafnarfirði
Opið virka daga kl. 9-17
Sími: 520 2600
Netfang: as@as.is
Heimasíða: www.as.is



Eiríkur Svanur Sigfússon
lögg. fasteignasali.
s: 862-3377

## Leirdalur 18 - Vogar Vatnsleysuströnd

**OPIÐ HÚS sunnudaginn 26. apríl frá kl. 17:00 – 18:00**




Eignin er alls 257 fm að stærð með sjö herbergi, stórt eldhús og 52 fm bílskúr með góðri lofthæð. **Sanngjarnt verð, 37,5 millj.** Afhending getur verið fljótlega eftir kaupsamning.
**Guðmundur tekur á móti gestum.**

**Allar nánari upplýsingar hjá Eiríki Svani Sigfússyni löggiltum fasteignasala í síma 862-3377.**

**Við erum í snjallsímum á m.as.is og á facebook.com/asfasteignasala**

---

# Búrfell í Reykholtsdal—Borgarfirði

# 140 ha. Jörð—einbýlishús og hesthús

## Tækifæri fyrir hesta– eða trjáræktarunnendur!









Borg Fasteignasala kynnir bújörðina Búrfell í Reykholtsdal til sölu.

Um er að ræða sölu einbýlishúss sem gert hefur verið upp frá grunni á sl. 10 árum.

Þar eru 3 svefnherbergi, rúmgott eldhús, borðstofa og stofa í opnu alrými, stórt baðherbergi og þvottahús/geymsla með sér inngang.

10 hestahús með vinnuaðstöðu og möguleika á stúdíó-íbúð

Refahús— þarfnast endurbóta.

Landið er 140 hektara að hluta til gróin tún, beitarland og órækt.

Þetta er frábært tækifæri fyrir aðila í hestarækt eða trjárækt.





Verð Kr. 49.800.000

**Einbýlishús; 1 08 fm.**
**Fjöldi Herb. 4**
**Byggingaár; 1973—endurnýjað s.l. 10 ár**
**Hesthús; 10 hestahús**
**Refahús: 737 fm. þarfnast endurbóta**
**Land: 140 hektarar**



**Þóra**
Lögg. Fasteignasali
777-2882
thora@fastborg.is

BORG
FASTEIGNASALA



# EINSTAKT TÆKIFÆRI

til að tryggja sér nýjar vandaðar íbúðir í 101 Reykjavík við

# Lindargötu 28



Íbúðirnar eru hannaðar og skipulagðar með þarfir nútímafólks í huga og eru á bilinu 47 til 91 fermetrar að stærð. Þessar íbúðir henta vel fyrir þá sem kjósa að búa í miðborg Reykjavíkur í nálægð við verslun, þjónustu og afþreyingu. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með gólfefnum og eldhústækjum. Auk íbúðanna eru fjórar vel búnar vinnustofur á jarðhæð í bakgarði hússins.



**Böðvar Sigurbjörnsson**
Lögfræðingur, sölumaður
bodvar@stakfell.is
Sími: 660 4777



**Aðalheiður Karlsdóttir**
B.Ed., löggiltur fasteignasali
adalheidur@stakfell.is
Sími: 893 2495



**Einar S. Valdimarsson**
Löggiltur fasteignasali, M.Sc.
einar@stakfell.is
Sími: 840 0314



**Óskar H. Bjarnasen**
Lögfræðingur LL.M., sölumaður
oskar@stakfell.is
Sími: 691 1931

Hafðu samband við starfsfólk okkar og fáðu allar upplýsingar.

**535 1000**
stakfell@stakfell.is

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984
GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

# RÝMI TIL LEIGU.

## Kistumelar 16
## 116 Reykjavík







**165 - 280 fm** bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.

**AÐEINS kr. 950 m²**



## Auðbrekka 4 - 200 Kóp.

**160 fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð með iðnaðarhurð.**

Húsnæðið skiptist í opið rými sem er að hluta til skipt niður, skrifstofu, geymslu og salerni. Hægt er að nota húsnæðið sem verslunarrými enda er það vel staðsett í Auðbrekkunni.



## Auðbrekka 14 - 200 Kóp.

**487 fm iðnaðarhúsnæði á 3.hæð.**

Húsnæðið hefur verið rýmt og er tilbúið undir nýtt hlutverk. Áður var húsnæðið nýtt sem dansskóli, yogasetur, og líkamsrækt.

Afar sanngjörn leiga fyrir góða leigutaka.



## Auðbrekka 23 - 200 Kóp.

**Gistiheimili til leigu - frábært tækifæri fyrir aðila í ferðaþjónustu**

- 15 herbergi / 3 baðherbergi
- Sameiginlegt eldhús/setustofa /matsalur
- Sér þvottahús
- Afar sanngjörn leiga fyrir góða leigutaka.

LUNDUR FASTEIGNAFÉLAG
NÝBÝLAVEGI 8
200 KÓPAVOGUR
LUNDURFASTEIGNIR.IS

NÁNARI UPPLÝSINGAR:
HAFSTEINN Í SÍMA 690-3031
HAFSTEINN@LUNDURFASTEIGNIR.IS

LUNDUR
FASTEIGNAFÉLAG




## Það er logandi brjálað að gera hjá okkur
og við leitum að góðu fólki til starfa í þjónustuveri

**365 vill ráða tæknisinnað og þjónustulundað fólk**

**Helstu kröfur:**
- Þjónustulund
- Hæfileiki til að vinna í hópi
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi
- Þekking á Salesforce og/eða áhugi á tæknimálum kostur

**Helstu verkefni eru:**
- Almenn notendaþjónusta og hjálp við viðskiptavini
- Grunntæknileg aðstoð
- Sala á þjónustu og vörum
- Úrvinnsla fyrirspurna og eftirfylgni
- Önnur tilfallandi verkefni

**Vinnutími er vaktavinna.** Við erum einungis að leita eftir fólki í framtíðarstarf en ekki sumarstarf.

Nánari umsóknir og ferilskrá skal senda á **hrafnhildura@365.is**

Umsóknarfrestur er til **30. apríl 2015**

**365** er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. Fyrirtækið starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; að sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og síma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa rúmlega 400 manns.

365

# ALVEG UNDRANDI Á HVAÐ FEMARELLE VIRKAR VEL

**ICECARE KYNNIR** *Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaraldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að öðlast betri líðan.*

Gerður Guðjónsdóttir er betri af verkjum í liðamótum og melting hennar hefur lagast eftir að hún fór að taka Femarelle.

„Mér bauðst að prófa Femarelle fyrir tveimur mánuðum og ákvað að slá til. Ég hafði verið með verki í liðamótum og í vöðvum í töluverðan tíma, hélt ég væri komin með liða- og vefjagigt. Einnig hafði ég verið slæm í meltingunni en ég var orðin mjög vön því eftir mörg ár, þannig að það var ekki að angra mig sérstaklega.

Eftir um það bil eina viku fann ég fljótlega mun á liðamótunum og var ekki lengur með verki. Þá fór ég að hugsa hvað ég hefði gert öðruvísi en áður, og þá rann upp fyrir mér að það væri inntakan á Femarelle sem var eina breytingin hjá mér. Ég var mjög ánægð að uppgötva að ég fyndi svo fljótt mun á mér, og ákvað að halda áfram að taka það.

Núna get ég setið lengi við og heklað og prjónað, sem ég gat varla gert lengur. Ég á erfitt með að gleypa hylki, þess vegna tek ég innihaldið úr hylkjunum og blanda með matnum. Eftir um það bil mánuð þá fann ég líka mjög góða breytingu á meltingunni en þar sem ég hafði verið í mörg ár með slæma meltingu, þá kom þetta mér sérstaklega á óvart og er ég alveg undrandi og mjög glöð að Femarelle skuli virka svona vel á mig.“







**FEMARELLE ER ÖRUGGUR KOSTUR FYRIR KONUR**

- Vinnur á einkennum tíðahvarfa.
- Slær á óþægindi eins og hitakóf, höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur og óþægindi í liðum og vöðvum.
- Þéttir beinin.
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef.
- Náttúruleg vara, unnin úr soja og inniheldur tofu-extract og hörfræjaduft.
- Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða.
- Staðfest með rannsóknum sem fram hafa farið síðustu þrettán ár.



**MIKILL MUNUR** Gerður var ánægð að uppgötva að hún fyndi svo mikinn mun á sér eftir að hún hóf að taka inn Femarelle.

# VAKNA ÚTSOFINN OG VEL HVÍLDUR

*Brizo er fæðubótarefni sem er ætlað að létta á óþægilegum einkennum frá neðri þvagfærum vegna stækkunar á blöðruhálskirtli, sem er algengur fylgikvilli þegar karlmenn eldast og kallast góðkynja stækkun á blöðruhálskirtli. Þeir Finnur Eiríksson og Skúli Sigurðsson mæla með Brizo.*



**FINNUR**

- Ég náði ekki að hvílast á nóttunni vegna þess að undanfarin ár hef ég þurft að hafa þvaglát allt að þrisvar á nóttu og vandamálið var að ágerast.
- Eftir að ég fór að taka inn Brizo-hylkin hefur líðan mín gjörbreyst. Ég þarf miklu sjaldnar að vakna á nóttunni og er því úthvíldur að morgni.
- Sviðinn sem angraði mig er nánast horfinn.



**SKÚLI**

- Ég var farinn að finna fyrir því að ég þurfti að kasta oft af mér þvagi og náði sjaldnast að tæma blöðruna. Mér fannst það mjög óþægilegt.
- Ég hef notað Brizo í nokkra mánuði og er ánægður með hversu vel það virkar á mig.
- Þegar ég prófaði Brizo fann ég strax að það létti á þrýstingi á þvagrásina.
- Ég hef fulla trú á svona náttúrulegum lausnum í staðinn fyrir lyf.
- Eftir nokkurra mánaða notkun Brizo er ég mjög ánægður með hvernig mér líður.




**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, **www.icecare.is.**

IceCare
Þín heilsa

# HLJÓÐRÆN OG SJÓNRÆN VEISLA

**DÚNDURFRÉTTIR Í ELDBORG** *Meistarastykki hljómsveitarinnar Pink Floyd, Wish You Were Here, er fjörutíu ára í ár. Í tilefni af tímamótunum mun hljómsveitin Dúndurfréttir taka verkið eins og henni einni er lagið í Hörpu í kvöld.*

Níunda plata hljómsveitarinnar Pink Floyd, Wish You Were Here, er talin ein besta plata rokksögunnar og hefur selst í yfir fimmtán milljónum eintaka. Platan kom út á því herrans ári 1975 og er því fjörutíu ára í ár. Af því tilefni mun hljómsveitin Dúndurfréttir halda veglega tónlistarveislu í Eldborgarsal Hörpu í kvöld klukkan níu og flytja verkið í heild sinni ásamt mörgum bestu lögum Pink Floyd.

„Þegar við stofnuðum Dúndurfréttir árið 1995 þá var fyrsta lagið sem fluttum á tónleikum einmitt fyrsta lag Wish You Were Here, Shine on You Crazy Diamond, þannig að við erum búnir að spila hluta af þessu verki í tuttugu ár og því kominn tími á að taka það í heild sinni," segir Matthías Matthíasson, söngvari Dúndurfrétta.

Hann segir Wish You Were Here vera persónulega og flotta plötu sem fjalli að mörgu leyti um Syd Barret, aðalsprautu hljómsveitarinnar, en hann hafði hætt í hljómsveitinni nokkrum árum áður vegna andlegra veikinda. „Lagið Shine on You Crazy Diamond er lag annarra hljómsveitarmeðlima Pink Floyd til Syd Barrets. Wish You Were Here er með vinsælli lögum rokksögunnar og platan er talin með allra bestu plötum rokksögunnar. Pink Floyd voru einstakir í því að gera plötur sem eru heildstæð verk og þess vegna er svo gaman að flytja verkin þeirra í heild."

**EFTIRMINNILEGIR OG EPÍSKIR**

Wish You Were Here hefur hlotið ýmsar viðurkenningar og er til dæmis á lista Rolling Stone yfir 500 bestu plötur allra tíma. Bæði Richard Wright, hljómborðsleikari Pink Floyd, og David Gilmour gítarleikari hafa sagt að Wish You Were Here sé uppáhalds Pink Floyd-platan þeirra.

Matti segir tónleikagesti í kvöld geta búist við að eftirminnilegum og epískum tónleikum. „Við héldum þessa tónleika í Hofi fyrst fyrir tveimur vikum. Við vorum smá stressaðir yfir því að þetta væri ekki allra því við erum svolítið að brynna nördunum. Fyrsta lagið er til dæmis 23 mínútur," segir hann og hlær.



**WISH YOU WERE HERE** Plötuumslag meistarastykkis Pink Floyd, Wish You Were Here, sem er fjörutíu ára í ár.



**EFTIRMINNILEGT KVÖLD MEÐ MATTA** Matti segir alla eiga að geta hrifist með á tónleikunum í kvöld, þeir verði algjör veisla. Þeir sem vilja sjá og upplifa Pink Floyd í flutningi Dúndurfrétta í öllu sínu veldi geta keypt miða á harpa.is og í síma 528 50 50.

Dúndurfréttir hafa með sér í kvöld þrjár frábærar bakraddasöngkonur, þær Ölmu Rut, Írisi Hólm og Guðrúnu Árnýju. Eins verða þeir Haraldur V. Sveinbjörnsson og Steinar Sigurðarson saxófónleikari með í för til að gera þessa tónleika sem flottasta. Þar sem Wish You Were Here er aðeins um 45 mínútur mun þessi stórgóði tónlistarhópur taka ýmis vel valin lög og tónverk eftir snillingana í Pink Floyd fyrir hlé. Því má ætla að lög af The Wall, Dark Side of the Moon og fleiri plötum Pink Floyd muni hljóma í Eldborg í kvöld.

Matti segir að eftir hlé verði allt verkið Wish You Were Here flutt í heild og svo verði endað á flugeldasýningu í lokin. „Fólk má búast við að verða vitni að bæði tónlistarlegri og sjónrænni veislu. Við munum sýna myndbönd allan tímann sem eru búin til í kringum tónlistina og skapar það aukin hughrif. Pink Floyd voru þekktir fyrir mikil ljósasjó, leisera og vídjósýningar á tónleikum sínum og við ætlum að halda í það. Fólk á að geta komið og gjörsamlega gleymt sér í tvo og hálfan klukkutíma í kvöld. Þetta verða ekki beint stuðtónleikar en allir ættu að geta hrifist með, þetta snýst ekki um hvort fólk elskar Pink Floyd heldur erum við að búa til heim geðshræringar, hláturs og gráts," segir Matti.






## SUMARLEGT OG SÆTT UNDIR TÖNN

*Ristaðar gulrætur eru úrvals meðlæti og passa vel með hvers kyns grillkjöti. Við baksturinn verða þær sætar en sjávarsaltið og fersku kryddjurtirnar vega skemmtilega upp á móti.*

**12 vænar gulrætur**
**handfylli ferskt timjan, dill eða ferskt krydd að eigin vali**
**¼ bolli ólífuolía**
**sjávarsalt**

*Kljúfið hverja gulrót í tvennt eða fernt (fer eftir þykkt). Ef gulræturnar eru nýuppteknar og lífrænar er fallegt að halda þeim heilum.*

*Dreifið úr gulrótunum á pappírsklæðda ofnplötu. Dreypið ólífuolíu yfir og stráið ferskum kryddjurtum og salti jafnt yfir. Bakið við 220 gráður í 20-25 mínútur eða þar til gulræturnar eru orðnar gullinbrúnar.*








## KARLAKÓR KJALNESINGA SYNGUR LÖG TODMOBILE

**● TÓNLEIKAR**
**Karlakór Kjalnesinga heldur vortónleika í Norðurljósasal Hörpu í dag klukkan 16. Á efnisskránni eru sígild karlakóralög í bland við léttara efni.**
**Andrea Gylfadóttir mun syngja nokkur lög með kórnum við undirleik hljómsveitar. Rúsínan í pylsuendanum verður flutningur á Todmobile-lögum ásamt kórnum. Lögin voru útsett sérstaklega fyrir kórinn af Kjartani Valdemarssyni. Kórstjóri er Örlygur Atli Guðmundsson.**



PLANIÐ bílasala 5170000



NISSAN Patrol gr 35". Árgerð 1999, ekinn 252 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 790.000. Rnr.262172. Á staðnum.



MERCEDES BENZ Sprinter 313 cdi. Árgerð 2005, ekinn 203 Þ.KM, dísel, 5 gírar.Markísa, sólarsella o.fl. Verð 2.600.000. Rnr.301482. Á staðnum.



HENGIVAGN Kleinuhringir & pullur. Atvinnutækifæri- Verð 1.090.000. Rnr.262103. Á staðnum. 100% vísarað



FIAT Dethleffs globes-t 570. Árgerð 2012, ekinn 80 Þ.KM, dísel, 6 gírar. markísa o.fl. Verð 7.650.000. Rnr.301447. Á staðnum.



DETHLEFFS Dc5 camper 700 mk. Árgerð 2013,markísa, mover o.fl.. Verð 6.200.000. Rnr.300997. Á staðnum.



DETHLEFFS 510 db lifestyle. Árgerð 2008, markísa, sólarsella o.fl.. Verð 2.890.000. Rnr.301484. Á staðnum.



HOBBY 540 excellent easy 5,40. Árgerð 2004, fortjald o.fl. Verð 1.990.000. Rnr.106187. Á staðnum.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2012, ekinn 91 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Rnr.990896. 4 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MMC Pajero. Árgerð 2007, ekinn 126 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.141192.



MERCEDES-BENZ B 220 CDI. Árgerð 2014, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.390.000. Rnr.161332.



FORD Mondeo trend wagon. Árgerð 2011, ekinn 120 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.991305.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Cherokee Laredo árg. 1999. vél 4.0L Ekinn 82 þús í toppstandi. Tilboð. S. 896-1931.



Toyota Hilux árg 2007. Vel með farinn, góður bíll. Góð dekk, þjónustubók. Verð 3390 þús. Uppl. í s. 897 3327



Til sölu mjög rúmgóður Citroen C5 árg 2005 ek. 195þús. Upplýsingar í síma: 6994329

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA**
**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



Mazda 6 WAGON WISION árg 2013, keyrður 34.000 km. Verð 4.090 þús. Uppl. í s. 8221970



VW Tiguan track & style dísel, sjálsk ekinn 37 þ.km. Einn með öllu, verð 4.990 þús. uppl. 861-1267

## 250-499 þús.



**BÍLL Í TOPPSTANDI Á 299ÞÚS**

Ford Focus Wagon árg ,99, ek. 140 þús, sko ,16, lítur vel út. Verð 490 þús, tilboð 299 þús Möguleiki á 100% visaláni. S. 841 8955



VW Passat árg ,98, ek. 180 þús. Ný tímareim. Moli. Verð 340 þús eða tilboð. Uppl. í s. 8988031

## 500-999 þús.



**DÍSEL - ATH SKIPTI !**

Ford Focus C-max DÍSEL nýskráður 15.12.04 ekinn 174 þús, Ný skoðaður 2016, ný tímareim, ný vetrardekk og kúlutengi. Verð 990 þús, skoða skipti á ódýrari. Möguleiki á 100% vísa/euro láni í allt að 36 mánuði. Uppl. í síma 693-0053

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Húsbílar

rotor.is



Dótabúð húsvagnaeigenda
Rótor ehf, s. 5554900
Helluhrauni 4, H.f.

## Mótorhjól



Suzuki RM-Z 250 2007 til sölu. Aðeins notað í 40 tíma. Verð 350 þús. staðgreitt. Engin skipti. Uppl. í síma 615-0808 eða 660-2827.

## Reiðhjól



Til sölu BMX Miraco hjól mjög lítið notað verð: 60.000 Uppl. í síma 6641029

RAFHJOL.IS
Loksins eru hinir vinsælu rafmótorar komnir aftur. Tilboðsverð á fyrstu eintökunum.



Rafhjól ehf • Ármúla 7



RAFMAGNS-REIÐHJÓL
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ELDRI ÁRGERÐ.
VERÐ NÚ FRÁ 75.000,-
TAKMARKAÐ MAGN.
EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Vélsleðar



Skidoo Summit X 154" árg.' 12 Ek. 1530 km. Hlaðinn aukabúnaði. Verð 1.890 þús. S. 898-8773

## Vinnuvélar



Hitachi ZX160W
Árgerð 2005 - 7.202 klst.
Rótortilt + djúptarmaskr
7.700.000 án vsk.



Caterpillar 302.5
Árgerð 2008 - 3.176 klst.
Hraðtengi + 3 skóflur
2.890.000 án vsk.



Scania R560
Árgerð 2010 - 450.000 km
11.990.000 án vsk.



Man 41.440
Árgerð 2007 - 210.000 km
6.900.000 án vsk.

JÖTUNN
Sími 480 0444 / www.vinnuvelar.is
baldur@jotunn.is / Gsm 893 3348
Miðhrauni 2 - 210 Garðabær

## Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á www.vikurverk.is



VÍKUR VERK
Víkurhvarf 6 • 203 Kópavogur
Sími 557 7720 • vikurverk.is

## Bílaþjónusta

B.S.VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

VAKA



**FELGUR**

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## til sölu

**Til sölu dráttarbátur Herkúles RE.**



Lengd: 18,65 m. Breidd: 5,2 m
Dýpt: 2,25 m Nettótonn: 14,49
Smíðaár 1960. Vél Detroit diesel 2000
**Áhugasamir sendi póst á skipa@skipa.is**

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi gluggin í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is



**HJÁLPARSVEIT SKÁTA KÓPAVOGI AUGLÝSIR FLATVAGN TIL SÖLU.**

Flatvagn 2002 árgerð til sölu. Burðargeta: 7880 kg. Breidd: 2,55m Lengd: 8,3m. Var nýttur til flutninga á 7m löngum snjóbíl. Lítur mjög vel út og í góðu standi. Verð 1millljón + VSK Upplýsingar 694-1870 eða elvarst@ gmail.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug



**EINKAFLUGMANNSNÁM HEFST 1. JÚNÍ, SKELLTU ÞÉR Á NÁMSKEIÐ!**

Láttu drauminn rætast!. Skráðu þig í nám. Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni (hefst í sept). Kvöldskóli - nám með vinnu. Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir fluginu. Einnig helgarnámskeið fyrir 14 - 16 ára. Kannaðu málið! Skráning á www.flugskoli.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald




**VOFF.IS - NÝ HVOLPASÍÐA**

www.voff.is er hvolpasíða Hundaræktarfélags Íslands, þar geturðu fengið upplýsingar um got, ræktendur, tegundir ásamt greinum um hvolpauppeldi, allt á einum stað. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að góðri meðferð, aðbúnaði, uppeldi og heilsufari hvolpa. Leitaðu þér nánari upplýsingar á www.hrfi.is og www.voff.is



**GRINDARBÚR Á GÓÐU VERÐI**

Stærð 61 cm verð 6.990,-
Stærð 76 cm verð 8.990,-
Stærð 91 cm verð 10.990,-
Stærð 107 cm verð 12.990,-
Stærð 122 cm verð 14.990,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-0744



Ein yndisleg Weimaraner tík til sölu. Afhendist um miðjan maí. Ættbók frá HRFÍ. Uppl. í s. 6602843, 5672021 eða atlibrendan@gmail.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herbergi til leigu v. Hótel Sögu. Uppl. í s. 8600360

## Húsnæði óskast

Reglusamur maður óskar eftir litilli íbúð í Árbæ, breiðholti eða fossvogi. Uppl: 897-3136.

## Atvinnuhúsnæði

**AUÐBREKKA - LEIGA**

Herbergi og skrifstofur til leigu í Auðbrekku, 13-350 fermetrar. Hentar bæði sem skrifstofur og fyrir ýmiskonar aðra starfssemi, t.d. hönnuði og skapandi greinar. s 897 9743

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**

Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Vantar vanan mann á gröfu. Áhugasamir hafið samband í síma: 849-0171

**K-BAR, ÞJÓNN, AÐSTOÐARKOKKUR**

óskum eftir þjónum í hlutastörf og aðstoðar kokk í eldhúsi kvöld og helgarvinnu.

**Sendið umsókn á: kbar@kbar.is**

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Getum bætt við okkur húsasmiðum, múrurum og byggingaverkamönn-um í byggingavinnu.
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.
Uppl. í síma 8211994, umsóknir sendist á hreidar@vidhald.is
Sími 567 6699
vidhald@vidhald.is
www.vidhald.is

**TIL LEIGU FYRIR NUDDARA/ SVÆÐANUDDARA OFL.**

hlýlegt herbergi með rafdrifnum nuddbekk. Sameiginleg biðstofa og eldhús, salerni með sturtu. Góð aðkoma.

**Upplýsingar hjá Fætur og fegurð - Hólagarði s. 557-5959 eða á studioglodis14@gmail.com**

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**FÉLAG HESTHÚSEIGENDA Í VÍÐIDAL**

Aðalfundur félagsins verður haldinn í C-tröð 4 reiðhöllinni hjá Sigurbirni þriðjudaginn 12. maí n.k kl 19.30.
Dagskrá: venjuleg aðalfundarstörf.

**Stjórnin**

## Einkamál

**ÍSLENDINGAR.EU**

Nýr fjálslyndur íslenskur samskiptavefur. Stefnumót, blogg, 1+1 live spjall, o.fl. Líttu við. www.islendingar.eu

Skyndikynni, tilbreyting, ævintýri. www.RaudaTorgid.is (Stefnumót)

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið






## skemmtanir







30.000
FBL
fréttaþyrstir notendur
Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu. Sláðu inn Fréttablaðið á Google Play, Windows store eða í App store og náðu í appið.
FRÉTTABLAÐIÐ
45.000 fleiri í hvalas
FRÉTTABLAÐIÐ

# KEISARINN SEM VILDI EKKI VERA KEISARI

FLÆKJUSAGA



**Illugi Jökulsson** er vanur keisurum sem gera hvaðeina til að halda í völd sín. En keisarinn í Brasilíu var öðruvísi.

Ég skal viðurkenna að mér finnst fátt furðulegra og tilgangslausara en kóngafólk nútíldags. Eiginlega er það hugmyndafræðileg ósvinna að einhverjir skuli á vorum dögum vera „fæddir til valda“ og gildir þá einu þótt þau völd sem kóngar og drottningar hafa nú séu í fæstum tilfellum mikil, og oft ekki nema nafnið eitt. En á fyrri öldum voru arfakóngar hvarvetna, og því hlýtur eitthvað að hafa verið nýtilegt við þetta stjórnarfar, ella hefði það varla viðgengist svo lengi og svo víða. Í Evrópu var sautjánda öldin líklega blómatími kónga á seinni öldum; þá var einveldi þeirra einna öflugast og fram á átjándu öld en á þeirri nítjándu fóru menn fyrir alvöru að sjá hve fáránlegt var að veita einhverjum öll völd í heilu ríki á grundvelli ætternis, nema þá helst í Rússlandi, þar sáu menn ekki neitt og voru afleiðingarnar skelfilegar og Rússar súpa enn af því seyðið að hafa ekki afskaffað sína gagnslausu Romanov-keisara löngu fyrr en þeir gerðu.

Hér segir frá einum keisara sem var afskaffaður þegar leið að lokum nítjándu aldar og svo undarlega og óvenjulega brá við að hann var eiginlega hjartanlega sammála því sjálfur að vera settur af og lyfti ekki litlafingri til að sporna gegn því – enda er mála sannast að honum fannst bæði leiðinlegt og erfitt að vera keisari og lýsti því oft yfir að hann hefði miklu frekar viljað vera kennari.

Hann var af evrópskum háaðli eins og hann þótti fínastur, þessi keisari; í ættbókinni hans mátti finna spænska kónga, germanska keisara og franska Loðvíka. Afi hans var Jóhann VI Portúgalskóngur sem flúði undan Napóleon til Brasilíu 1808, þegar franskir herir lögðu undir sig Portúgal. Brasilía hafði þá í tæpar þrjár aldir verið nýlenda Portúgalsmanna. Jóhann taldi ekki óhætt að snúa aftur heim til Portúgals fyrr en 1821 og skildi þá Pétur son sinn eftir í Brasilíu til að stýra þar málum. Ári seinna lýsti Pétur yfir sjálfstæði Brasilíu og tók sér keisaratign: Pétur I hét hann eftirleiðis.

Ekki var Brasilía mjög burðugt ríki um þær mundir, íbúar kannski fjórar milljónir og stór hluti landsins óbyggður, en menn þóttust þó sjá í hendi sér að auðlindir væru miklar og möguleikar á vexti ótæpilegir í öllu þessu flæmi; því taldi Pétur I réttast að kalla sig keisara en ekki réttan og sléttan kóng. Pétur þessi var kvæntur Maríu Leópoldínu keisaradóttur frá Austurríki, systir hennar var María Lovísa síðari eiginkona Napóleons, og sonur þeirra var Pétur II. Hann varð svo keisari yfir Brasilíu aðeins fimm ára gamall árið 1831 þegar faðir hans sagði af sér og hélt aftur til Portúgals að skipta sér af málum sem ekki koma efni þessarar greinar við. En Pétur I hafði verið að mörgu leyti merkur maður, hann var óróleg sál en sem keisari var hann afar frjálslyndur miðað við kóngadót þess tíma, og af dánarbeði sínum í Portúgal 1834 skrifaði hann til dæmis fyrrverandi þegnum sínum í Brasilíu og hvatti þá eindregið til að leggja af þrælahald og hann þvertók fyrir að fæðing hans í kóngshöll þýddi að hann væri öðru fólki æðri: „Ég veit að blóð mitt er eins á litinn og blóð sérhvers svertingja.“ Var slíkt róttæk hugsun í þá daga, ekki síst úr keisaramunni.

### Pungur kross

Sonurinn Pétur II átti frekar einmanalega æsku og var hinum barnunga keisara mjög haldið að þungum bókum til að undirbúa hann sem best fyrir starfið, en fyrsta áratuginn fóru ríkisstjórar með eiginleg völd. Það tókst ekki betur en svo að þegar Pétur II var ekki nema 14 ára gamall árið 1840 stefndi í óefni í Brasilíu vegna innbyrðis sundurþykkis og óstjórnar, og var þá piltur spurður hvort hann vildi kannski taka strax við óskiptu embætti sínu en ekki bíða þar til hann yrði formlega myndugur 18 ára. Og Pétur II var til í það, uppfullur af skyldurækni, og raunin varð sú að táningskeisarinn hafði góð áhrif, heilmikil völd og áhrif söfnuðust á hans hendur sem áður höfðu farið um víðan völl, og tók nú Brasilía öll að eflast og styrkjast.

Pétur II hafði erft frjálslyndar skoðanir föður síns og varð með tímanum jafnvel enn frjálslyndari. Hann hélt áfram að lesa reiðinnar býsn og varð mjög vel að sér á fjölmörgum sviðum og ekki einungis á sviðum stjórnsýslu og stjórnvisku, heldur grúskaði hann líka í vísindum margvíslegum. Hann varð einhver menntaðasti og víðsýnasti einvaldur sögunnar bæði fyrr og síðar og á meðal vina hans og pennavina voru menn eins og Charles Darwin, Richard Wagner, Louis Pasteur, Victor Hugo og sá þýski heimspekiskálkur Friedrich Nietzsche. Sjálfur skrifaði hann að hann væri fæddur til að helga sig menningu og vísindum, en stjórnarstörfin leit hann á sem þungan kross sem hann hugðist þó rogast með eftir bestu getu.

> **Hann var einhver menntaðasti og víðsýnasti einvaldur sögunnar bæði fyrr og síðar og á meðal vina hans og pennavina voru menn eins og Charles Darwin, Richard Wagner, Louis Pasteur, Victor Hugo og sá þýski heimspekiskálkur Friedrich Nietzsche.**

### Ekkert bruðl

Á keisarastóli þótti Pétur II stálheiðarlegur og hafði skömm á öllu bruðli, og hann gerði ýmislegt gagn, það er ljóst. Upp úr miðri nítjándu öld rann upp mikið blómaskeið í Brasilíu, fólki fjölgaði stórlega, atvinnuástand og efnahagur tóku kipp og sumir vildu að Íslendingar flyttust í stórhópum þangað suður eftir. Ekki fengu frumbyggjar Brasilíu mikinn þátt í því góðæri, en fyrir aðra var blómatími. Einhvern þátt í þessari velgengni átti Pétur II með því að viðhalda stöðugleika. En hins vegar gekk illa að banna þrælahaldið. Keisarinn í Brasilíu var ekki einvaldur þótt hann hefði umtalsverð völd og þrælahald var mjög útbreitt og forríkir plantekrueigendur úti um allt þetta víðáttumikla land streittust svo gegn afnámi þrælahalds að það var ekki fyrr en 1888 sem það var að fullu bannað, og varð Brasilía síðast ríkja til þess í Evrópu og Ameríku. Aldrei hafði farið milli mála að Pétur keisari vildi afnema þessa ósvinnu og lét sig einu gilda þó hann væri sakaður um að stefna að „þjóðarsjálfsmorði“ með afnámi þrælahalds, svo mikilvægir sem þrælarnir væru fyrir efnahag landsins.

Og þótt Pétur væri fyrst og fremst bókhneigður gat hann líka sýnt röggsemi og jafnvel hörku. Árið 1864 lýstu Paragvæjar yfir stríði gegn Brasilíu, þeir vildu koma sér í hóp stórvelda álfunnar og eignast umdeild héröð á landamærum ríkjanna. Í fyrstu vegnaði Brasilíumönnum illa, en Pétur keisari átti svo sinn þátt í að snúa stríðsgæfu þeirra við. Hann sýndi óvænta ákveðni og fór sjálfur á vígstöðvarnar til að hvetja dáta sína áfram af mikilli festu og ekki leið á löngu þar til yfirburðir Brasilíumanna og bandamanna þeirra sögðu til sín.

### Steypt af stóli

Pétur varð með tímanum æ lúnari og þreyttari á keisaratigninni. Og hann tók að efast stórlega um að keisaraembættið ætti nokkra framtíð fyrir sér. Hann hafði eignast tvo syni sem dóu ungir og það fannst honum að hluta til merki þess að keisaraembættið hlyti að deyja út með sér. Hann átti að vísu mjög gáfaða dóttur, sem mátti lögum samkvæmt erfa keisaratignina, en þrátt fyrir alla hans víðsýni á mörgum sviðum leit hann svo á að kona gæti með engu móti setið í slíku starfi. Og ríkti þó Viktoría nokkur yfir breska heimsveldinu einmitt um þær mundir. Þegar Pétri var steypt alveg óvænt af stóli árið 1889 eftir 58 ár í hásætinu, þá gerði hann hvorki tilraun til að halda sjálfur í völdin né koma þeim í hendur Ísabellu dóttur sinnar, heldur fór umyrðalaust í útlegð til Evrópu, og þar bjó hann við lítil efni á hótelum í Frakklandi þar til hann dó tveimur árum seinna. Hann hafði náttúrlega alls ekki látið sér til hugar koma að lauma peningum undan á leynireikninga í Evrópu, slíkt hefði verið andstætt öllu hans eðli.

Valdaránið kom talsvert á óvart, enda stóð einungis lítil klíka lýðveldissinna á bak við það. Pétur hafði að vísu sætt vaxandi gagnrýni síðustu árin af því mörgum fannst hann þá orðinn helstil afskiptasamur um stjórn landsins – þótt í rauninni hefði hann í engu breytt háttum sínum – það voru bara runnir upp nýir tímar og þótt Brasilíumönnum þætti vænt um Pétur fannst þeim ekki lengur sjálfsagt að arfakóngur hefði eiginleg völd. Því var honum steypt en á næstu áratugum þegar landið rambaði oft á barmi stjórnleysis, þá sáu menn stundum eftir þessum hægláta kurteisa keisara. Hann var að mati Machado de Assis, eins fremsta rithöfundar Brasilíu bæði þá og síðar, „auðmjúkur, heiðarlegur og menntaður föðurlandsvinur sem kunni að gera úr hásæti keisarans [hógværlegan] stól án þess að draga úr mikilfengleik þess eða virðuleik“.



**HINIR FÁTÆKUSTU** Kabóklóar, afkomendur frumbyggja og innflytjenda.



**KEISARINN** Gjarnan heldur þreytulegur á myndum.



**ÍSABELLA** Fékk ekki að spreyta sig; hún var jú kona!




# THOMSON

## FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON




ClearMotionIndex
100Hz

DVB T2/C

### Flott og vel búið sjónvarp á frábæru tilboði.

**Örþunnt og öflugt**
Háskerpu myndgæði með öflugum PureImage3 örgjörva, 1920x1080 Full HD upplausn, MegaContrast og 100Hz Clear motion index.

**Notendavænt snjallsjónvarp**
Tækið er með þráðlausu neti, styður gagnvirka HbbTV möguleika og er með innbyggðum netvafra.

**Fullt af möguleikum**
Tækið getur tengst netkerfi hússins, er með stafrænum móttakara, tveim USB tengjum, þrem HDMI tengjum auk tengis fyrir heyrnartól.

**Thomson 40FZ5534**

**79.990**

VERÐ ÁÐUR **99.990**

CI+ · HD TV 1080p · Smart TV · MEGA contrast · HbbTV · COLOR extender · Pure image3 Intelligent HD Engine · dlna · A++ · USB multimedia browser · DIGITAL pure sound · eco mode

***Fleiri sjónvarpstilboð á sm.is***

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

THOMSON

## Konráð og félagar á ferð og flugi 145

Bragi Halldórsson

„Jæja Konráð,“ sagði Kata. „Þú sem allt veist, hvað á að gera hér?“ „Við eigum að klippa út þessi fjögur form og litla tígulinn líka“ sagði Konráð. „Og raða þeim öllum þannig saman að þau myndi nýjan tening.“ „Er ekki einfaldast að setja litla teninginn bara ofan á,“ sagði Kata og virtist áhugalaus um að glíma við þessa þraut. Róbert klóraði sér í kollinum. Hann gat ekki séð hvernig þetta væri hægt. „Það má snúa formunum á alla kanta og líka snúa þeim á hvolf,“ bætti Konráð við. „En þau meiga ekki leggjast ofan á hvort annað.“ „Þar fór sá möguleiki,“ sagði Kata en áhugi hennar hafði samt vaknað og hún náði sér í skæri. „Klippi, klipp, leysum þetta.“

Getur þú raðað saman öllum fimm formunum upp á nýtt svo úr verði einn nýr teningur?





## Brandarar

**Hafið þið heyrt um maraþonhlauparann sem hljóp í spik?**

**Eða hafið þið heyrt um bakarann sem bakaði bara vandræði?**

**Þið hljótið að hafa heyrt um trommarann sem sló í gegn?**

**Og rafvirkjann sem var í stuði?**

**Svo ég tali nú ekki um rakarana tvo sem fóru í hár saman?**

**Hafið þið heyrt um minkabúið sem minnkaði og minnkaði þangað til það var búið?**

## TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

## Uppskrift

# Kókoskúlur sem bragð er að

Meðal þess sem gaman er að gera í eldhúsinu er kókoskúlur. Þær eru líka góðar.

**2 dl kókosmjöl**
**2½ dl haframjöl**
**1½ dl flórsykur**
**2 msk. kakó**
**2 msk. vatn**
**100 g smjör**
**1 tsk. vanilla**

Blandið saman þurrefnunum, bræðið smjör og hellið út í ásamt vatni. Hrærið vel.

Geymið deigið í ísskáp og látið það kólna í minnst hálftíma. Búið þá til kúlur og veltið þeim upp úr kókosmjöli.



**KÓKOSKÚLUR** Ef þessar klárast ekki strax er betra að geyma þær í ísskáp. MYND/GETTY



**SYSTKININ** Þeim finnst gott að hafa alltaf einhvern að leika við, spila við og fara með í sund. MYND/AUÐUNN

# Hvolpar, kettlingar og kind eru í uppáhaldi

Systkinin Ellen Klara Ívarsdóttir, átta ára, og Krister Máni Ívarsson, tíu ára, eiga heima á Akureyri. Í sumar ætla þau í sveitina og að ferðast til Frakklands.

**Hvað er skemmtilegast við að eiga heima á Akureyri?**

**Ellen Klara:** Hér á ég svo marga vini og það er líka svo góður skóli sem ég er í.

**Krister Máni:** Það er fótboltavöllur nálægt húsinu mínu, góðir vinir allt í kringum mig og stutt að fara allt sem mig langar.

**Hvað er best við að vera systkin og hvað er skemmtilegast að gera saman?**

**Krister Máni:** Það er gott að hafa alltaf einhvern að leika við og mér finnst skemmtilegast þegar við förum í sund og út að borða.

**Ellen Klara:** Þá er ég ekki alltaf ein og skemmtilegast finnst mér þegar við spilum og leikum saman.

**Hvað langar ykkur að verða þegar þið verðið stór?**

**Ellen Klara:** Ískona og vinna í stórri ísbúð.

**Krister Máni:** Ég ætla að verða fótboltamaður eða bóndi, kannski bara bæði.

**Hvað ætlið þið að gera í sumar?**

**Krister Máni:** Æfa fótbolta, fara í Arsenalskólann, keppa á mótum, fara í sveitina og fara í ferðalög.

**Ellen Klara:** Ég ætla að fara í sumarbúðir á Hólavatn og í útilegur, kannski á ættarmót. Svo ætlum við til Frakklands að heimsækja vini okkar í lok sumarsins.

**Hvert er uppáhaldsdýrið ykkar?**

**Ellen Klara:** Mér finnst hvolpar og kettlingar mjög sætir.

**Krister Máni:** Það er kind.




HIÐ BLÓMLEGA BÚ

# KRÆSINGAR **OG SVEITASÆLA**

Árni Ólafur kokkur og örbóndi í Árdal í Borgarfirðinum er mættur á ný í vandaðri og fróðlegri þáttaröð um lífið í sveitinni. Árni stækkar bústofninn og leitar um allt Vesturland að spennandi hráefni til sjávar og sveita.

365.is | Sími 1817

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
1. Gæta þess er gerðist skurður (9)
8. Skotsár eða bara skot? (6)
11. Möguleg blæbrigði ef mála skal fallna (7)
12. Ber brigður á það sem sagt er um grunsemdir (6)
13. Hæð krónureglu ræðst af stoðtæki (9)
14. Spjót lögðum með karlmannsskrækjum (9)
15. Ætli Sóley laumi landnorðri í uppsprettu auðæfanna? (9)
16. Norrænn skyrframleiðandi ruglar Rannsóknastofnun landbúnaðarins (4)
17. Stjórnarsöngur um breytni (7)
19. Amstur má egna til sperrtra (8)
24. Bakteríumenguð mjólk frá Balkanlöndum þykir ljúffeng (6)
27. Selja siðleysi fyrir dónalega (8)
29. Það er rófa karls sem ræður í brúnni (10)
31. Legg ég tré við tæmdan svo upp rís Yggdrasill (11)
33. Hrekkjalómur bregður á leik ef togað er í réttan spotta (11)
34. Það er svell hvar sver dvelja við jökulinn (10)
35. Froðuþvengur snýr hjólum atvinnutækisins (8)
36. Blæs á þau sem ég laða til mín (6)
39. Afturhluti hinna römmu tauga sem hryggir geyma (11)
45. Þokkaleg drolla hefur nef fyrir aur (10)
46. Það er eðli syfjulegra andfugla að sýna af sér sinnuleysi (11)
47. En ef þau borðuðu af borða sníkjudýrabrunna? (10)
48. Rímið við tímatalið (9)

**LÓÐRÉTT**
1. Upphafinn andi okkar skynjar bjartari tíð (8)
2. Stúkustaða kemur upp með jöfnu millibili (8)
3. Hjá ljóði liggur stef (8)
4. Ákveðinn verksmiðjubúskap er best að sækja að utan (8)
5. Þar sem er bára er bátur, slík er venja allra tíma (7)
6. Legg streng í sveit svo stautið skiljist (7)
7. Held aftur af hópi og aftur, því staðan leyfir aðeins tvo kosti (9)
8. Hrafn gisti þarna eina hreggsvala gógrímu (9)
9. Hitti fjölda manna sem sögðu fátt (9)
10. Setur rafgular í rétta röð (8)
18. Sé kind kærleiksblóms ef endar móðu leyfa (6)
20. Hygg þá gaura æsta í mjólkurmat sem eta svona snakk (9)
21. Hinir öskrandi ættingjar Andrésar (9)
22. Tökugröf opnast ef lestrarflökur sækir að (9)
23. Svona gamaldags flutningstæki er bara fyrir bjána (9)
25. Ætli hann klikki ekki öðru hvoru megin við lágnættið (8)
26. Hæðist að bandi og bræðir (13)
28. Hnoðrönd er leðjulína (7)
30. Ögn munnsár (6)
32. Slepjulegir náungar losna úr leggöngum rétt fyrir fæðingu (10)
37. Jafn klikkaður og hann er sjálfsagður (6)
38. Þessi fjölskylda hefur þor, en skrýtin er hún (6)
39. Gráða í reggískotinni tónlist og Xabi Alonso (5)
40. Með ungum í skúrum (5)
41. Pönnurnar geyma samhljóðana (5)
42. Dund fyrir dreng (5)
43. Óvarið afkvæmi af Langanesinu (5)
44. Bilið er byrjað (5)





Lausnarorð síðustu viku var
**L A K K R Í S R Ú L L A**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**
Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni **Ömmumatur Nönnu** eftir Nönnu Rögnvaldsdóttur frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Gunnar Gíslason, Akureyri.**



**LAUSNARORÐ**
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist umbun. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 29. apríl næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „25. apríl“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.


# ÚTHLUTUN ATVINNULEYFA TIL AKSTURS LEIGUBIFREIÐA.

**Samgöngustofa auglýsir laus til umsóknar 1 leyfi til leiguaksturs á Akureyri.**

Þeir einir geta sótt um leyfi sem hyggjast stunda akstur leigubifreiðar að aðalatvinnu og hafa lokið námskeiði fyrir leigubifreiðastjóra. Til að öðlast leyfi þurfa umsækjendur að uppfylla leyfisskilyrði, skv. 5. gr. laga nr. 134/2001, sbr.reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar, með síðari breytingum.
Úthlutun leyfis fer fram á grundvelli starfsreynslu við akstur leigubifreiðar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 397/2003.

**Umsóknareyðublöð má nálgast hjá Samgöngustofu, Ármúla 2 í Reykjavík eða á samgöngustofa.is/eyðublöð.**

**Umsóknarfrestur er til og með 4. maí 2015.**

Samgöngustofa
Sími: 480 6000 • www.samgongustofa.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




SAFT


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | | | | 1 | 8 | | |
| | | 5 | | | | 4 | | 6 |
| | | 7 | | 8 | 3 | | 1 | |
| 5 | 1 | | 7 | 9 | | | | |
| | | 8 | | 3 | | 2 | | 9 |
| 9 | | | 5 | | | | 8 | 1 |
| 8 | | | 2 | 7 | | | 6 | |
| | | 9 | | | 6 | 5 | 7 | |
| 2 | | | | | 5 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | 6 | 8 | | | | 1 |
| 9 | 3 | | | | 2 | 4 | | |
| 6 | | | | 3 | | | | 7 |
| | 5 | | | | | 3 | | |
| 1 | 9 | 4 | | | | | 8 | |
| 2 | | | | | | 5 | | 9 |
| 4 | 7 | | | | 3 | 1 | | |
| | | 8 | | 2 | 5 | | | 4 |
| | | | | 4 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | | 7 | | | |
| | | 7 | | | | | 3 | |
| 3 | 4 | | 8 | 5 | | 7 | | |
| | 9 | | | | | 6 | 2 | |
| | | 3 | 2 | | | 4 | 7 | |
| | | | | | 5 | | 1 | 3 |
| | 6 | | 3 | 8 | | | 5 | |
| | | 1 | 6 | | | | | 7 |
| | 8 | | | | | | | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 3 | 4 | 2 | 7 | 8 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 7 |
| 7 | 8 | 9 | 6 | 1 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 8 | 1 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 5 | 6 |
| 6 | 3 | 2 | 1 | 5 | 9 | 7 | 8 | 4 |
| 4 | 9 | 5 | 7 | 8 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 5 | 7 | 1 | 9 | 6 | 8 | 4 | 2 | 3 |
| 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 3 | 4 | 8 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 6 | 8 | 3 | 9 | 7 | 5 | 2 |
| 7 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 2 | 6 | 3 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 2 | 7 | 3 | 5 | 1 | 6 |
| 6 | 5 | 7 | 4 | 8 | 1 | 9 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 9 | 5 | 4 | 7 | 8 |
| 3 | 6 | 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 |
| 4 | 7 | 5 | 1 | 2 | 6 | 3 | 8 | 9 |
| 9 | 1 | 8 | 3 | 4 | 7 | 2 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 1 | 8 | 9 | 6 | 3 | 7 | 4 |
| 6 | 3 | 8 | 2 | 7 | 4 | 1 | 5 | 9 |
| 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 3 | 6 | 2 | 4 | 1 | 7 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 7 | 5 | 3 | 2 | 9 | 4 | 1 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 8 | 7 | 2 | 3 |
| 5 | 8 | 7 | 6 | 4 | 1 | 9 | 3 | 2 |
| 4 | 9 | 3 | 7 | 5 | 2 | 6 | 8 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 8 | 3 | 5 | 4 | 7 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Bergþóra hét kona hans. Hún var Skarphéðinsdóttir, kvenskörungur mikill og drengur góður og nokkuð skaphörð.“**
*Lýsing á Bergþóru, konu Njáls Þorgeirssonar á Bergþórshvoli í Brennu-Njáls sögu.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** land í Asíu, **6.** frá, **8.** kraftur, **9.** farfa, **11.** voði, **12.** þreparöð, **14.** gleði, **16.** í röð, **17.** frjó, **18.** eyrir, **20.** hreyfing, **21.** snjóföl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** dans, **3.** samtök, **4.** stormur, **5.** rá, **7.** grútarlegur, **10.** málmur, **13.** útdeildi, **15.** fræ, **16.** starfsgrein, **19.** slá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** Laos, **6.** af, **8.** afl, **9.** lit, **11.** vá, **12.** stigi, **14.** unaðs, **16.** fg, **17.** fræ, **18.** aur, **20.** ið, **21.** gráð.
**LÓÐRÉTT: 1.** vals, **3.** aa, **4.** ofviðri, **5.** slá, **7.** fitugur, **10.** tin, **13.** gaf, **15.** sæði, **16.** fag, **19.** rá.

## SKÁK
**Gunnar Björnsson**

**Aron Þór Mai (1320) hafði byggt upp unnið tafl gegn Tinnu Kristínu Finnbogadóttur (1950) landsliðskonu í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.**

**Hvítur á leik**



Aron lék hér **24. Hc5?** og fékk tapað tafl eftir **24...Hxd4.** Hins vegar hefði 25. Hxh6! Dxh6 26. Dxb4 tryggt Aroni hartnær unnið tafl.
**www.skak.is** Íslandsmót barnaskólasveita um helgina.




habitat SÍÐAN 1964

TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | Kauptúni | Sími 564 4400 | Opið MÁNUDAGA TIL LAUGARDAGA KL. 11-18 / SUNNUDAGA KL. 13-18 | Vefverslun á www.tekk.is

## MERKISATBURÐIR

**1719** Róbinson Krúsó eftir Daniel Defoe kemur út.

**1915** Eldsvoði verður í Reykjavík er Hótel Reykjavík og ellefu önnur hús við Austurstræti, Pósthússtræti og Hafnarstræti brenna og tveir menn farast.

**1940 Færeyski fáninn, Merkið, er gerður að opinberum fána eyjanna.**



**1944** Fyrsta íslenska óperettan, Í álögum, er frumsýnd.

**1953** Grein birtist í vísindatímaritinu Nature um byggingu kjarnsýrunnar DNA. Höfundarnir eru Watson og Crick, sem síðar fengu Nóbelsverðlaun.

**1974** Nellikubyltingin hefst í Portúgal þar sem einræðisstjórn landsins er steypt af stóli.

**ÞETTA GERÐIST** 25. APRÍL 2007

## Jeltsín var kvaddur



Boris Jeltsín, forseti Rússlands, var jarðsunginn þennan mánaðardag árið 2007 að viðstöddum fjölmörgum þjóðarleiðtogum heims. Hann var kjörinn fyrsti forseti Rússlands 12. júní árið 1991. Efnahagsástandið í landinu hafði verið afar bágborið allan níunda áratuginn en nú var runninn upp nýr tími. Miklar breytingar fylgdu kjörinu á Jeltsín sem breytti efnahagnum og þá helst að þann veg að leyfa almenningi að njóta góðs af. Upp spruttu ný fyrirtæki og efnahagurinn varð stöðugri.

Jeltsín var litríkur persónuleiki og ólíkur þeim stjórnmálamönnum sem voru við völd á undan honum.

Hann var maður fólksins og oft birtust myndir af honum þar sem hann lék á als oddi, yfirleitt undir áhrifum áfengis.

Jeltsín lét af störfum árið 2000 vegna heilsubrests og Vladimír Pútin tók við völdum.

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**PÁLL SKÚLASON**
**prófessor í heimspeki,**

lést miðvikudaginn 22. apríl á Landspítalanum við Hringbraut. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Auður Birgisdóttir**
**Birgir Pálsson** **Regína Ásvaldsdóttir**
**Kolbrún Þ. Pálsdóttir** **Róbert H. Haraldsson**
**Andri Páll Pálsson** **Brynja Þóra Guðnadóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, tengdadóttir, amma og langamma,

**NANNA SIGRÍÐUR OTTÓSDÓTTIR**
**sjúkraliði,**
**Smyrlahrauni 44, Hafnarfirði,**

lést mánudaginn 20. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 29. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Bjarnar Ingimarsson**
**Jóhann Guðni Bjarnarsson** **Þórunn Huld Ægisdóttir**
**Guðný Bjarnarsdóttir** **Karl Óskar Magnússon**
**Ingibjörg Bjarnarsdóttir** **Sigurður Pétur Sigurðsson**
**Ottó Albert Bjarnarsson**
**Guðný Jóna Þorbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæri

**BOGI ÞÓRIR GUÐJÓNSSON**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þann 19. apríl sl. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 27. apríl kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarkort hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar.

**Sjöfn Sigurjónsdóttir**
**Guðjón Bogason**
**Heiða Bogadóttir** **Robert Ickes**
**Sólveig Bogadóttir** **Páll Einarsson**
**Þórunn Bogadóttir**
**Heba Bogadóttir** **Þórhallur I. Hrafnsson**
**Linda Lea Bogadóttir**
**og aðrir ástvinir.**

---


Útfararþjónusta í 20 ár
FYLGD
Þjónusta allan sólarhringinn



Hinrik Valsson Svanhildur Eiríksdóttir Gísli G. Guðmundsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og duftker
Hinrik: Sími 892 0748 / Gísli: Sími 482 4300
www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST
Áratuga reynsla



Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn
Sverrir Einarsson
Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahrauni 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242


---



**SKOTIN?** Tinna Jóhanna Magnusson og Jón Pétur Friðriksson leika Papagenu og Papageno.

# Börnin voru byrjuð að svara sögumanninum

**Töfraflautan eftir Mozart er ævintýrasýning á íslensku fyrir alla fjölskylduna og verður sýnd í Salnum í dag og á morgun á vegum Tónlistarskóla Kópavogs. Aðgangur er ókeypis.**

„Þetta verður mjög skemmtileg sýning, það er svo mikil gleði í henni,“ segir Anna Júlíana Sveinsdóttir söngkennari. Þar er hún líka að tala um Töfraflautuna eftir Mozart sem verður frumsýnd í Salnum síðdegis í dag, á vegum Tónlistarskóla Kópavogs, í íslenskri þýðingu. Flytjendur eru nemendur í skólanum.

Töfraflautan snýst um egypska prinsinn Tamino sem er villtur í ókunnu landi og verður ástfanginn af Paminu, dóttur næturdrottningarinnar. Papageno þarf að leggja ýmislegt á sig og hreppir loks sína eigin Papagenu.

Anna Júlíana segir um tilvalda fjölskylduskemmtun að ræða. „Þetta er ævintýri,“ segir hún. „Jón Pétur Friðriksson er í hlutverki hins gamansama Papagenos og milli söngatriða rekur hann söguþráðinn til að auðvelda börnum að átta sig á efninu. Hann Jón Pétur er svo skemmtilegur og leikrænn að á generalprufunni á sumardaginn fyrsta voru börnin farin að svara honum, þau lifðu sig svo inn í það sem hann var að segja.“

Næturdrottningin er í höndum Bryndísar Guðjónsdóttur og er æðisleg líka, að sögn Önnu Júlíönu. „Bryndís var að ljúka námi við skólann hér og stefnir á nám erlendis í framhaldinu. Það er gott fyrir hana að hafa þetta hlutverk í farteskinu þangað,“ segir hún.

Rík hefð er fyrir því að óperur séu settar á svið í Kópavogi á vegum tónlistarskóla bæjarins enda nýtur hann þess að hafa aðgang að Salnum. „Ég er búin að setja upp 25 óperur með nemendunum gegnum árin. Sumar þeirra hafa aldrei verið settar upp í annan tíma á Íslandi en við settum upp Töfraflautuna líka fyrir tíu árum,“ segir Anna Júlíana.

Frumsýningin er í dag klukkan 17 í Salnum og önnur sýning á morgun, sunnudag, klukkan 20.

Aðgangur er ókeypis fyrir alla.



**Á SVIÐINU** Hugrún Hanna Stefánsdóttir og Bryndís Guðjónsdóttir í hlutverkum Paminu og næturdrottningarinnar.


gun@frettabladid.is


---

✝



Þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar,

**SIGRÍÐAR EBENESARDÓTTUR**
**frá Tjaldtanga í Folafæti.**

**Randver Jónsson**
**Valgeir Ómar Jónsson** **Sólveig Þorvaldsdóttir**
**Ebeneser Aðalsteinn Jónsson** **Lára Viðarsdóttir**
**Guðmundur Páll Jónsson** **Ásta Ósk Þorvaldsdóttir**
**Elísabet María Jónsdóttir** **Jens Níelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**KRISTJANA JÓHANNA JÓNSDÓTTIR**

lést miðvikudaginn 15. apríl sl. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu þann 22. apríl sl.

**Jónína Björk Óskarsdóttir** **Jóhann Sigurður Sigurdórsson**
**Rósa Kristín Óskarsdóttir** **Ásbjörn Jónsson**
**Geir Óskarsson** **Ingunn Sigurbjörnsdóttir**
**Konráð Herner Óskarsson** **Olga Guðlaug Pálsdóttir**
**Guðlaug María Óskarsdóttir** **Jónas Jónsson**
**Sólrún Óskarsdóttir** **Drífa Guðrún Halldórsdóttir**
**og aðrir afkomendur.**

# Kaffi dagar

## Allar kaffivörur á allt að 50% afslætti. Aðeins í nokkra daga!

Kaffivélar, sjálfvirkar kaffivélar, espressovélar, kaffikvarnir, pressukönnur, espressokönnur, kaffibox, kaffikönnur, hitabrúsar, flóunarkönnur og margt fleira.

## LÝKUR UM HELGINA




emsa • Saeco • BRAUN • AEG • PHILIPS • SEVERIN • TRISTAR • DēLonghi • THERMOS • wilfa • illy

Sjáðu allt úrvalið á byggtogbuid.is

# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**MARÍA FRIÐRIKSDÓTTIR**
**Sólvöllum 13,**
**Selfossi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir að morgni þriðjudagsins 21. apríl. Útförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Hafþór Magnússon**
**Einar Baldvin Sveinsson**
**Kristín Fjóla Bergþórsdóttir**
**Sólveig Höskuldsdóttir**
**Jóna Sólmundsdóttir**
**Guðný María Hauksdóttir**
**Guðmundur Örn Böðvarsson**
**og barnabörnin öll.**

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGA SIGURJÓNSDÓTTIR**
**Stórahjalla 33, Kópavogi,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 21. apríl. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þann 30. apríl nk.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Eiríkur L. Ögmundsson**
**Alfreð Erlingsson**
**Sæunn Kalmann Erlingsdóttir**
**Birna Bragadóttir**
**Ragnar G.D. Hermannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær móðir okkar,

**RAGNA ÞORGERÐUR KRISTJÁNSDÓTTIR**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir sumardaginn fyrsta, þann 23. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Ragnheiður Ármannsdóttir**
**Sigríður Ármannsdóttir**
**Sigurður Ármannsson**
**Kristján Ármannsson**

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Þórðarsveig 3,**
**áður Borgarnesi,**

lést þriðjudaginn 21. apríl. Útför hennar fer fram frá Guðríðarkirkju miðvikudaginn 29. apríl kl. 13.

**Hallur Björnsson**
**Sigurbjörn, Mjöll,**
**Hafþór, Ágústa,**
**Ingþór, Louise,**
**Laufey, Betúel**
**og barnabörn.**

†



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STEINÞÓR BJARNI INGIMARSSON**
**bóndi og bifvélavirki,**
**Miðhúsum, Innri-Akraneshrepp,**

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness 18. apríl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 30. apríl kl. 14.

**Nína Ólafsdóttir**
**Ingimar Kristján, Guðný Jódís, Sólveig, Rannveig, Bóthildur og fjölskyldur.**

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞÓRHALLUR HALLDÓRSSON**
**Árskógum 6, Reykjavík,**

lést sumardaginn fyrsta 23. apríl.

**Sigrún Sturludóttir**
**Steinunn Þórhallsdóttir**
**Auður Þórhallsdóttir**
**Sóley Halla Þórhallsdóttir**
**Inga Lára Þórhallsdóttir**
**Björg Þórhallsdóttir**
**Bryndís Þórhallsdóttir**
**Siggeir Siggeirsson**
**Kristján Pálsson**
**Elvar Bæringsson**
**Gunnbjörn Ólafsson**
**Vilbergur Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Í ÚTREIÐARTÚR** „Félagarnir hittast, ríða út, grilla og hafa gaman," segir Úlfhildur Ída. MYNDIR AF HEIMASÍÐU FEYKIS

# Félagið Feykir fertugt

**Fjörutíu ár eru liðin frá stofnun Hestamannafélagsins Feykis í Norður-Þingeyjasýslu. Það fer í félagsferðir og heldur árlegt hestamannamót þar sem stemningin er góð.**

Fjörutíu ár eru liðin frá stofnun Hestamannafélagsins Feykis í Norður-Þingeyjasýslu. Starfssvæði þess er í Kelduhverfi, Öxarfirði, Núpasveit og Melrakkasléttu og meðlimir félagsins eru um 70 talsins og starfsemin nokkuð viðburðarík.

„Við gerum ýmislegt skemmtilegt," segir Úlfhildur Ída Helgadóttir, fráfarandi formaður félagsins, en skipt var um stjórn um síðastliðna helgi. „Ég var formaður í tvö ár og hef verið meðlimur nánast frá fæðingu. Pabbi minn var mjög öflugur í starfinu og ég smitaðist af honum."

Úlfhildur segir að félagið haldi nokkrar árlegar uppákomur. „Árið byrjar á folaldasýningu hjá okkur. Hún er yfirleitt haldin í janúar eða febrúar. Það er fín afsökun fyrir því að hittast, fá sér súpu og bjór. Við höldum einnig gjarnan námskeið fyrir félagsmenn og fáum þá kennara annars staðar frá og yfirleitt höldum við hestamannamót ár hvert í júní eða júlí."

> **„Árið byrjar á folaldasýningu hjá okkur. Hún er yfirleitt haldin í janúar eða febrúar. Það er fín afsökun fyrir því að hittast, fá sér súpu og bjór.**

Úlfhildur segir mótin skemmtileg og að fólk komi víða að. „Við fáum Akureyringa og Húsvíkinga til okkar. Stundum kemur fólk frá Þórshöfn á Langanesi."

Auk hestamannamótsins segir Úlfhildur að félagsferðirnar séu hvað vinsælastar. „Við förum í þær yfirleitt í ágúst. Þá hittast félagarnir, ríða út, grilla og hafa gaman."



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Hér hafa aktygi verið lögð á einn skjóttan til að ferðast í vagni.

Félagið sendir einnig keppendur á Landsmót hestamanna. „Við fáum að senda einn keppanda í hvern flokk. Við erum svo lítið félag," segir Úlfhildur kát í bragði.

# Í sparifötin á afmælistónleikum

**Kvennakór Hafnarfjarðar er tvítugur og á tónleikum á morgun ætla kórkonur að líta yfir farinn veg og rifja upp falleg lög sem öðlast hafa sess í hjörtum þeirra.**

„Á svona hátíðartónleikum finnst okkur við hæfi að fara í sparifötin og við ætlum að klæðast glæsilegum, nýjum kórkjólum sem hannaðir voru af Snædísi Guðmundsdóttur hjá Dís," segir Sigríður Þyrí Skúladóttir, formaður Kvennakórs Hafnarfjarðar. Kórinn heldur tvenna tónleika nú á vordögum og fagnar um leið tuttugu ára starfsafmæli á þessu ári.

Fyrri tónleikarnir verða í Hamarssal Flensborgarskólans í Hafnarfirði á morgun, 26. apríl, og hefjast klukkan 16 en þeir síðari verða í Fella- og Hólakirkju laugardaginn 2. maí og hefjast klukkan 15.

„Við ætlum að líta yfir farinn veg og rifja upp fjölmörg falleg lög frá liðnum árum, lög sem hafa öðlast sérstakan sess í hjörtum okkur kórkvenna á tuttugu ára starfsævi kórsins. Einnig ætlum við að frumflytja lag Þóru Marteinsdóttur við ljóð eftir Örn Árnason. Það var samið sérstaklega fyrir kórinn í tilefni afmælisins," upplýsir Sigríður Þyrí.

Tveir hafnfirskir listamenn, þau Margrét Eir og Páll Rósinkrans, syngja með kórnum á tónleikunum en hljóðfæraleikarar verða Antonía Hevesi á píanó, Jón Rafnsson á kontrabassa og Kristrún Helga Björnsdóttir á flautu.



**KVENNAKÓR HAFNARFJARÐAR** Þessi mynd er tekin á jólatónleikum og hér eru kórkonur ekki komnar í nýju kjólana.

Stjórnandi kórsins er Erna Guðmundsdóttir. Sigríður Þyrí tekur fram að tónleikagestum verði boðið að þiggja afmæliskaffi og konfekt í hléinu.

Miðar eru seldir í forsölu á 2.500 krónur hjá kórkonum. Miðaverð við innganginn er 3.000 krónur en frítt er fyrir börn yngri en 12 ára. gun@frettabladid.is

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# Lambaveisla á lægra verði



**1399 kr. kg**
Lambalæri, ókryddað

**Marinering**
Einnig getur þú valið ókryddað eða með kolagrillkryddi, New York, hvítlauk & rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja-& eplamarinerað
**1499 kr. kg**

**35% afsláttur**
**2598 kr. kg**
Verð áður ~~4044~~ kr. kg
Lamba innralæri



**Ferskt alla daga**

**599 kr. kg**
Græn vínber

**599 kr. kg**
Rauð vínber

**22% afsláttur**
**199 kr. kg**
Verð áður ~~258~~ kr. kg
Gul melóna





**3 fyrir 2**
**229 kr. pk.**
Grite eldhúsrúllur, 2 í pakka
Hámark 12 pakkar





**45% afsláttur**
**649 kr. pk.**
Verð áður ~~1189~~ kr. pk.
Lambi salernispappír,
12 rúllur í pk.
Hámark 6 pakkar á mann

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

**Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is**

# VEÐUR&MYNDASÖGUR

## Veðurspá




### Laugardagur

Í dag er útlit fyrir áframhaldandi vetrarveður og færð á norðanverðu landinu þar sem norðanátt og éljagangur ráða ríkjum, en sunnan til er áfram útlit fyrir bjartviðri þótt þar verði kalt og hálfgert gluggaveður. Hitastigið er víðast hvar undir frostmarki, nema helst yfir hádaginn allra syðst.

### Flóð og fjara

| REYKJAVÍK | | ÍSAFJÖRÐUR | | AKUREYRI | |
|---|---|---|---|---|---|
| FJARA | FLÓÐ | FJARA | FLÓÐ | FLÓÐ | FJARA |
| **5.05** | **11.24** | **7.28** | **13.38** | **15.04** | **9.14** |
| 1,2 m | 3,0 m | 0,5 m | 1,4 m | 1,3 m | 0,4 m |
| **17.23** | **23.52** | **19.34** | | **15.52** | **21.29** |
| 1,3 m | 3,1 m | 0,6 m | | 1,2 m | 0,6 m |

**Tunglstaða**
Vaxandi
Fylling: 38%

| Sólarupprás | Sólarlag |
|---|---|
| Kl. 5.21 | Kl. 21.31 |

| Kaupmannah. | Ósló | Stokkhólmur | Gautaborg | Helsinki | Þórshöfn | Nuuk |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 12° | 13° | 15° | 10° | 5° | 12° | -5° |
| **London** | **Amsterdam** | **París** | **Berlín** | **Madrid** | **Brussel** | **Róm** |
| 16° | 15° | 17° | 8° | 15° | 18° | 21° |
| **Boston** | **New York** | **Orlando** | **Moskva** | **Singapúr** | **Tókýó** | **Sydney** |
| 7° | 6° | 24° | 15° | 27° | 14° | 16° |

### Reykjavík



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| -2° | 1° | 1° | -1° | 1° |
| 11 | 10 | 13 | 5 | 5 |

### Ísafjörður



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| -6° | -4° | -5° | -5° | -3° |
| 12 | 15 | 13 | 7 | 1 |

### Akureyri



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| -3° | -2° | -3° | -6° | -5° |
| 12 | 14 | 13 | 6 | 4 |

### Egilsstaðir



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| -1° | -1° | -2° | -5° | -5° |
| 15 | 16 | 14 | 10 | 10 |

### Kirkjubæjarklaustur



| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim |
|---|---|---|---|---|
| -1° | 2° | 3° | 1° | 1° |
| 19 | 12 | 9 | 3 | 1 |


Már Sigurðsson, Geysi í Haukadal

70 ára

Í tilefni af 70 ára afmæli mínu býð ég ykkur að koma
og fagna með mér þessum merka áfanga.

Veislan verður haldin á Hótel Geysi þann 3. maí frá kl. 13:00 - 17:00

Í boði verða léttar veitingar og skemmtun.

Það væri mér mikill heiður ef þið sæjuð ykkur fært
að koma og gleðjast með mér.



Hótel Geysir ehf.
Email: geysir@geysircenter.is ~ Sími: 480 6800

Hótel GEYSIR






Barnaheill
Save the Children á Íslandi


## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





SKÓR Á FRÁBÆRU VERÐI
Í SMÁRALIND OG HOLTAGÖRÐUM
Sandalar
st. 36-41
vnr. 933200
2.990
Skór
st. 36-41
vnr. 931083
3.989
Sandalar
st. 36-41
vnr. 924797
2.990
Sandalar
st. 36-41
vnr. 927480
7.990
Sandalar
st. 36-41
vnr. 933195
8.989
Sandalar
st. 36-41
vnr. 927482
7.990
Skór
st. 36-41
vnr. 934347
5.989
Skór
st. 36-46
vnr. 927704, 927554
6.990
Skór
st. 36-41
vnr. 934346
5.989
Skór m/ ljósum
st. 24-31
vnr. 927526
4.990
Skór
st. 24-33
vnr. 927527
4.990
Skór
st. 28-35
vnr. 927529
4.990
Skór m/ ljósum
st. 24-31
vnr. 927525
4.990
Skór
st. 28-35
vnr. 927523
4.990
Skór
st. 24-33
vnr. 927528
4.990
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Ekkert sem ég vildi frekar gera

Stjarna Daníels Bjarnasonar hefur risið hratt á undanförnum árum í heimi sígildrar tónlistar. Verk hans eru flutt um víða veröld, hann er nýráðinn staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hann er gagnrýninn á ráðningarferli nýs óperustjóra.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





**STAÐARLISTAMAÐUR** Þau eru mörg og fjölbreytt, verkin sem Daníel Bjarnason tekst á við sem staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Daníel Bjarnason, tónskáld og hljómsveitarstjóri, er einn þeirra ungu íslensku listamanna sem hafa náð alþjóðlegri hylli á undanförnum árum. Starfsvettvangur Daníels er í raun um víða veröld og nú síðast frumflutti sinfóníuhljómsveit Cincinnati eftir hann verkið Collider, sem Daníel kennir við Large Hadron Collider, eindahraðalinn í Cern. Verkið hlaut lofsamlega dóma og verður það flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands á komandi hausti. Sá flutningur er reyndar hluti af þeim verkefnum sem Daníel tók nýverið að sér sem staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

„Það eru reyndar nokkur hlutverk sem felast í því að vera staðarlistamaður. Þetta er skemmtilegt og fjölbreytt verkefni og að semja nýja tónlist fyrir hljómsveitina er einungis eitt af þeim hlutverkum.

Annað er svo að koma að verkum sem stjórnandi og taka þátt í verkefnavali. Ég er í verkefnavalsnefnd og tek þátt í daglegu samtali um listræna stefnu hljómsveitarinnar og framtíðarmótun."

**Peter Grimes og YRKJA**

„En sem stjórnandi þá er Peter Grimes eftir Benjamin Britten stóra verkefnið á þessu starfsári og þarna verða gríðarlega flottir söngvarar. Það er mikið tilhlökkunarefni að fá að vinna með Stuart Skelton á toppi ferilsins en sumir hafa haft á orði að hann sé hinn eini sanni Peter Grimes um þessar mundir. Svo verða þarna líka toppsöngvarar á borð við Susan Gritton og Ólaf Kjartan Sigurðarson. Þetta er ein magnaðasta ópera allra tíma. Áhrifarík saga og stórkostleg tónlist sem stækkar þessa sögu. Það er það sem gerist svo oft í óperunni – tónlistin og sagan stækka hvort annað og það eykur á gildi allrar upplifunarinnar.

> **Ef við ætlum að viðhalda þessu þá verðum við líka að vera vakandi fyrir því í hvaða átt við þróumst og þroskumst. Það er ekkert gefið í þessu. Við verðum að gæta fagmennsku og gera miklar kröfur til okkar sjálfra.**

Þriðja hlutverk mitt sem staðarlistamanns er svo vinna með tónskáldum innan verkefnis sem kallast YRKJA. Þangað inn verða valin allt að þremur tónskáldum sem koma svo til með að taka þátt í níu mánaða ferli. Í þessu ferli skrifa þau tónverk sem verður svo flutt af hljómsveitinni vorið 2016. Við eigum ótrúlega mikið af flottum tónskáldum svo þetta verður skemmtilegt verkefni."

**Listalandið Ísland**

Velgengni íslenskra listamanna á erlendri grund er svo sannarlega umhugsunarefni. Daníel segir að hann fái oft þessa spurningu frá erlendum miðlum hvernig á þessu standi.

„Við þyrftum að eiga gott svar við þessu til þess að geta varðveitt og viðhaldið þessari íslensku velgengni. En svarið er eflaust flókið og margþætt. Í fyrsta lagi þá tókst okkur að byggja upp gott tónlistarmenntunarkerfi og við verðum að hafa í huga að það kemur enginn úr tómarúmi. Þetta er ekki eitthvert sjálfsprottið fyrirbæri. Svo eru líka aðrar samfélagslegar ástæður: Ákveðin nálægð og stemning fyrir því og áhugi hjá listamönnum fyrir að horfa út fyrir rammann og vinna þvert á listgreinar og í einhvers konar skapandi samlífi. Ég held að það skipti miklu máli að við erum þannig ekki bara föst í því sem við erum að gera heldur erum að vinna og kynnast þvert á listgreinar. Björk færði svo athyglina á Ísland og það veitti okkur eins konar heimssamhengi sem við höfðum ekki áður hvað varðar tónlistina en er hér enn."

**Fagmennska og hvatning**

„Það hefur líka haft sína kosti hvað við eigum okkur stutta tónlistarsögu. Það veitir okkur frelsi til þess að taka inn áhrif hvaðan sem er. Ég sem tónskáld hef t.d. alltaf borið mig saman við tónskáld úti í heimi. Ég hafði vissulega fyrirmyndir hér heima en það góða fólk var flestallt kennararnir mínir, fólk sem ég þekkti, og það er öðruvísi en að vera með stóra og þunga sögu á bakinu.

Ef við ætlum að viðhalda þessu þá verðum við líka að vera vakandi fyrir því í hvaða átt við þróumst og þroskumst. Það er ekkert gefið í þessu. Við verðum að gæta fagmennsku og gera miklar kröfur til okkar sjálfra. Ef við horfum til að mynda til þess hvernig nú nýverið var staðið að ráðningu nýs óperustjóra þá var það ekki vel gert. Að ég sé ósáttur við það hefur ekkert að gera með persónu þess sem hlaut starfið – alls ekki. Þetta er spurning um að við finnum að allir eigi jöfn tækifæri – að allir séu metnir að menntun, reynslu og verðleikum og að fólk geti treyst því að verkferlar í stærstu menningarstofnunum okkar séu faglegir á allan hátt. Þannig sköpum við hvetjandi umhverfi sem hæft fólk vill starfa í og telur eftirsóknarvert. Það er til dæmis ekki ásættanlegt að stjórn Óperunnar komi sér hjá því að ræða við hæfa umsækjendur og skjóti sér síðan á bak við frumúrvinnslu einhverrar ráðningarskrifstofu."

**Reyni að vanda mig**

Velgengni Daníels hefur verið hröð á síðustu árum en það er auðfinnanlegt að hann er með báða fætur á jörðinni. Eftir að fyrsta platan, Processions, kom út árið 2010 og gekk vel þá byrjaði snjóboltinn að rúlla. „Ég virðist einkum hafa náð í gegn í Bandaríkjunum en undanfarið hef ég einnig haft mikið að gera í Evrópu. Ég fór að fá pantanir frá hljómsveitum og myndaði tengsl við ákveðna aðila, m.a. L.A. Philharmonic sem hefur pantað hjá mér nokkur verk og ég er í góðu sambandi við. Það hefur reynst mér alveg ómetanlegt, ekki síst með tilliti til þess að þetta er hljómsveit sem byggir upp trúnaðarsambönd við tónskáld og er hvað mest í að flytja nýja tónlist.

Eins og staðan er núna þá er ég bókaður út 2017 og rúmlega það. Þetta er kannski ákveðin pressa en ég reyni að hugsa ekki um það. Hugsa frekar um hvað ég er heppinn að fá að gera það sem ég er að gera því vandi fylgir vegsemd hverri. Ég reyni einfaldlega að vanda mig og vera opinn fyrir umhverfinu."

**Mósaík og kokteill**

Daníel segir að það sé erfitt að negla niður einhvern einn áhrifavald umfram aðra. „Slíkt er einfaldlega síbreytilegt. Þetta er meira eins og mósaíkverk í stöðugri vinnslu, eitthvað sem stækkar og breytist frá degi til dags. Ég reyni að fylgjast með og halda mér áhugasömum en vissulega er þetta alltaf ákveðin glíma og sjálfsskoðun sem felst í því að semja nýja tónlist. Maður þarf líka að spyrja sig spurninga. Hvað á verkið að gera? Til hvers er það?

Hvert verk sem maður vinnur er kokteill af angist og efasemdum, sjálfstrausti og bjartsýni. Samt er ekkert sem ég vildi frekar vera að gera."

www.yummy.is
GÓÐUR
THAILENSKUR MATUR
BANTHAI
YAM
YUMMI YUMMI
na na thai
www.banthai.is www.yummy.is www.yam.is


HÁDEGISTÓNLEIKAR
Í NORÐURLJÓSUM, HÖRPU
ÞRIÐJUDAGINN 28. APRÍL KL.12:15
ÁST Í ÖLLUM LITUM
STRAVINSKY - RAVEL - VERDI
DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR
SÓPRAN
ANTONÍA HEVESI
PÍANÓ
ÍSLENSKA ÓPERAN ÓKEYPIS AÐGANGUR

GOTT FÓLK - VALUR GRETTISSON

# OFBELDIÐ Í ÁSTINNI

Sölvi og Sara kysstust fyrst á Austurvelli með lungun full af gasi. Tveimur árum síðar banka tveir vinir Sölva upp á og birta honum bréf, þar sem Sara ber hann þungum sökum.

Er hægt að beita ofbeldi án þess að átta sig á því?

**Gott fólk** er fyrsta skáldsaga Vals Grettissonar.






BLÁTT BLÓÐ - ODDNÝ EIR ÆVARSDÓTTIR

# ÆVINTÝRALEG VIÐUREIGN VIÐ DJÚPA ÞRÁ




Kona leitar að nógu kátu sæði til að frjóvga örvæntingarfull egg, sem fer óðum fækkandi. Oddný Eir segir hér ögrandi og persónulega sögu um ævintýralega viðureign við djúpa þrá.

„Undurfalleg ástarsaga, húmorísk, hispurslaus, heimspekileg!“ JÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR

„Merkileg bók. **Einlæg, heiðarleg** og **þorug** upp fyrir haus.“ HALLGRÍMUR HELGASON



BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK






# LAUGARDAGUR



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**25. APRÍL 2015**

### Gjörningar

**11.00** Í Expó skálanum í Hörpu er sýnd 15 mínútna íslensk kvikmynd framleidd af Sagafilm. Í myndinni er íslenskri náttúru varpað á fjórar hliðar og loft skálans og myndar hún þannig tening utan um gesti.Skálinn er opinn frá 11.00-18.00. Aðgangseyrir er 1.500 kr.

### Tónleikar

**14.00** Dimmalimm og Svanavatnið. Tónlist Atla Heimis Sveinssonar við verkið skipaði sér strax í flokk helstu djásna íslenskra tónverka og verður hún flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt kórstúlkum úr Graduale-kór Langholtskirkju. Sögumaður er Halldóra Geirharðsdóttir. Harpa, í Eldborg klukkan 14.00. Miðasala á midi.is.

**22.30** Groovað blues og fönk með léttu ívafi af öllu. Captain Syrup og Vestmannaeyska hljómsveitin Greyhound. Frederiksen Ale House, Hafnarstræti 5. Aðgangur ókeypis.

### Leiklist

**13.00** Misstir þú af sýningunum Útlenski drengurinn og Lífið í haust? Aðeins þrjár aukasýningar verða á verkunum í dag. Lífið er sýnd kl. 13.00 og Útlenski drengurinn kl. 16.00 og kl. 18.00. Tjarnarbíó. Aðgangur ókeypis.

### Fræðsla

**12.00** Vísindasmiðjan Hagatorgi 7 verður opin gestum og gangandi laugardaginn 25. apríl næstkomandi frá kl 12-16 í tilefni af Barnamenningarhátíð. Sýnitilraunir, óvæntar uppgötvanir, þrautir, hármæling, syngjandi skál og ótal margt fleira er þar að finna.

**13.30** Sveinbjörn Grétarsson (Bjössi Greifi) og Bjarni Baldvinsson (Bjarni töframaður) eru báðir gjörkunnugir VoiceLive3 frá TC-Helcon, sem þeir nota mikið. Þeir ætla að kíkja við og deila reynslu sinni af græjunni. Hljóðfærahúsið – Tónabúðin. Aðgangur ókeypis.

**14.00** Kínasafn Unnar, Njálsgötu 33A, opið til kl. 16.00.

### Sýningar




**14.00** Dimmalimm Hörpu, Eldborgarsal. Tónlist Atla Heimis Sveinssonar flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands, ásamt kórstúlkum úr Graduale-kór Langholtskirkju. Sögumaður er Halldóra Geirharðsdóttir. Að auki verða sýndir valdir þættir úr Svanavatninu eftir Tsjajkovskíj. Miðasala á midi.is.

**15.00** Sýning á lokaverkefnum nemenda hefur lengi verið fastur liður í starfsemi listnáms- og hönnunarbrautar Verkmenntaskólans á Akureyri. Listasafnið á Akureyri, Ketilhúsi. Aðgangur ókeypis.

### Hátíðir

**13.00** Reykjavíkurborg og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bjóða til dagskrár í tilefni þess að hundrað ár eru liðin frá brunanum mikla í miðbæ Reykjavíkur. Hátíðin verður formlega sett kl. 13.00 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Að því loknu munu slökkvibílar sprauta vatnsbogum út í Tjörnina. Gamlir slökkvibílar verða til sýnis við Austurvöll. Leikræn leiðsögn um svæðið sem brann hefst við Austurvöll kl.14.30 og aftur kl. 15.30.

**16.30** Barnamenningarhátíð stendur fyrir samkomu þjóðlagahóps Tónlistarskóla Kópavogs og barnahóps Þjóðdansafélags Reykjavíkur sem munu leiða áheyrendur í gleðskap með flutningi íslenskrar þjóðlagatónlistar og þjóðdans. Iðnó. Aðgangur ókeypis.

### Tónlist

**14.00** Tónleikar tónlistardeildar Listaháskólans í samvinnu við Listvinafélagið. Hallgrímskirkja. Aðgangur ókeypis.

**16.00** Vortónleikar Karlakórs Kjalnesinga eru í Norðurljósasal Hörpu. Andrea Gylfadóttir sérstakur gestasöngvari. Miðasala á miði.is.

**17.00** Söngdeild Tónlistarskóla Kópavogs setur upp Töfraflautuna eftir Mozart í styttri útgáfu. Salurinn Tónlistarhús. Aðgangur er ókeypis meðan húsrúm leyfir.

**17.00** Gítarleikarinn og bæjarlistamaður Hafnarfjarðar Andrés Þór leikur ásamt kvartett sínum vel valin lög úr eigin smiðju. Fríkirkjan í Hafnarfirði. Miðaverð 2.000 krónur.

**20.00** Útgáfutónleikar Bridges, nýjustu plötu Eivarar. Eivör mun flytja lögin af nýju plötunni auk þess sem áhorfendur munu fá að heyra helstu smelli frá ferlinum. Gamla Bíó. Miðaverð 6.990 krónur.

**21.00** Fyrirliðarnir Blaz Roca og Helgi í Úlfur Úlfur frumflytja lagið Fyrirliði. Splunkunýtt myndband verður einnig sýnt. Lavabar. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Það verður partí í boði Churchhouse Creepers, rokk og stemning. Aðgangur ókeypis.

**23.00** Muscleboy og Dj Óli Geir standa fyrir Stuðlagaballi. Heljarinnar dansveisla.

**23.00** Ingvar Grétarsson og félagar leika og syngja á Ob-La-Dí-Ob-La-Da.

# SUNNUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**26. APRÍL 2015**

### Gjörningar

**11.00** Í Expó skálanum er sýnd 15 mínútna íslensk kvikmynd framleidd af Sagafilm, þar sem íslenskri náttúru er varpað á fjórar hliðar og loft skálans og myndar þannig tening utan um gesti.Skálinn er opinn frá 11.00-18.00. Harpa. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** Húrra! Einföld uppsetning: Hátalari, autt svið og engar reglur. Þetta er hugsað fyrir fólk sem vill prófa eitthvað fyrir framan áhorfendur. Hvort sem það er upplestur, ljóð, smásögur, söngur, uppistand eða hvað sem er. Skráning á staðnum. Aðgangur ókeypis.

### Tónleikar

**17.00** Á lokatónleikum Kirkjulistaviku munu Kór Akureyrarkirkju, Kór Möðruvallaklausturskirkju, Hymnodia og félagar úr Kammerkór Norðurlands flytja íslenska og enska kórtónlist og frumflytja nýtt verk eftir Michael Jón Clarke. Einsöngvari á tónleikunum verður Helena G. Bjarnadóttir. Akureyrarkirkja. Aðgangur ókeypis.

**20.30** Útgáfutónleikar Huga. Tónleikarnir verða eins konar útgáfutónleikar þeirra fyrstu plötu sem kom út sumarið 2014 en þó verða leikin ný lög í bland við efni plötunnar. Kex Hostel. Aðgangur ókeypis. Eftir tónleikana verður boðið upp á fríar veigar á barnum á meðan birgðir endast.

### Fræðsla

**14.00** Kínasafn Unnar, Njálsgötu 33A, opið til kl 16.00.

### Opið hús

**18.00** Opið hús í hugleiðslu þar sem markmiðið er að fylla hugann af jákvæði orku. Allir velkomnir í Bolholt 4, 104 Reykjavík og aðgangur ókeypis.



### Tónlist

**16.00** Karlakórinn Mosfellsbræður, sönghópurinn Boudoir og Skólakór Varmárskóla ætla að syngja saman inn vorið. Samkomusalur Varmárskóla. Miðaverð er 1500 kr., en frítt fyrir börn yngri en 15 ára. Miðapantanir í síma 699 1967 eða 699 4686.

**21.00** Dúettinn Atómbræður heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da. Aðgangur ókeypis.

### Félagsstarf

**20.00** Þema messunnar í Breiðholtskirkju að þessu sinni er: „Hvar er Guð?“ Sr. Ragnar Gunnarsson kristniboði prédikar og Þorvaldur Halldórsson leiðir tónlistina ásamt sönghópi.

### Samkoma

**13.00** Maria Dalberg jógakennari stýrir jóga fyrir börn, mömmur, pabba, afa og ömmur á Kex Hostel. Fyrri tími er kl. 13.00 og seinni tími er kl. 13.30. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*


SECRET × SOLSTICE × 2015
DAGUR ALLA NÓTTINA × LAUGARDALUR × REYKJAVÍK × 19.-21. JÚNÍ
WU-TANG CLAN [US]
FKA TWIGS [UK] CHARLES BRADLEY [US]
KELIS [US] THE WAILERS [JM] HJÁLMAR [IS]
GUSGUS [IS] MØ [DK] FLIGHT FACILITIES [AU]
Í STAFRÓFSRÖÐ
FM BELFAST [IS] FOREIGN BEGGARS [UK] GREEN VELVET [US]
GUTI LIVE [AR] HAM [IS] HEIDI [UK] HELGI BJÖRNS [IS] KINK LIVE [BG]
MISS KITTIN [US] MOODYMANN [US] MUGISON [IS] NICK CURLY [DE]
NIGHTMARES ON WAX LIVE [UK] RETRO STEFSON [IS] ROUTE 94 [UK]
SKREAM [UK] SUBMOTION ORCHESTRA [UK] ZERO 7 DJ [UK]
TOTALLY ENORMOUS EXTINCT DINOSAURS DJ [UK] OG FLEIRI...
SECRET SOLSTICE Á LÆGRA
VERÐI MEÐ BLÁA KORTINU
Kortið Kredit
VISA
Arion banki
HANDHAFAR BLÁA KORTSINS FÁ 15% AFSLÁTT AF ÞRIGGJA
DAGA PASSA OG ÞRIGGJA DAGA VIP-PASSA Á HÁTÍÐINA!
TILBOÐIÐ GILDIR TIL 27. APRÍL
MIÐASALA Á TIX.IS,
Í LUCKY RECORDS OG MOHAWK
wow air
ICELANDIC GLACIAL
66° NORTH
VÍKING
Coca-Cola
last.fm
HRINGTORG
SECRETSOLSTICE.IS
#SECRETSOLSTICE

## TÍST VIKUNNAR GÍSLI PÁLMI, GAUI LITLI OG KALT TE


Halldór Armand
@HalldorArmand
21. apríl
Twitter gegndarlaus echo chamber. Það er verðmætt að búa í samfélagi þar sem fráleitar skoðanir þrífast og allir eru ekki alveg eins.


Saga Garðarsdóttir
@harmsaga
22. apríl
Munið þegar við vissum alltaf hvað Gaui litli var mörg kíló. Og Jóhannes Haukur. Nú lifum við í endalausri óvissu.


Árni Vilhjálmsson
@Cottontopp
23. apríl
Ein af ástæðunum fyrir því að ég elska Kringluna er að ég fæ menningarsjokk í hvert skipti sem ég fer þangað.


Þóra Tómasdóttir
@thoratomas
22. apríl
Mér finnst ég svo misþroska að hlusta á Gísla Pálma allan daginn.
Ég þoli ekki hvað þetta er gott.


Unnur Eggertsdóttir
@UnnurEggerts
20. apríl
1. Hella upp á te
2. Brenna sig á fyrsta sopanum, láta það standa aðeins
3. Gleyma að maður hafi hellt upp á te og finna það kalt klst seinna





TIMEOUT
Hægindastóll með skemli
Fáanlegur í mörgum útfærslum og litum.
Svart leður og hnota með skemli.
Fullt verð: 379.980 kr.
Tilboðsverð **299.990** kr.
Betra BAK
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík, Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16
Dalsbraut 1, Akureyri, Sími: 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði, Sími 456 4566



**MEÐ PLÖTUNA** Hér má sjá rapparann Gísla Pálma og Ásmund Jónsson, útgefanda hjá Smekkleysu, með plötuna á útgáfudag.

# Innbyggð þrá að skapa eitthvað einstakt

TÓNLIST ★★★★☆

**Gísli Pálmi**
**Smekkleysa**

„Ég snýst í hringi, flýjandi kvíðann minn. Svífandi í endalausri spilavídd. Vímuefna vítahring. […] Ég er svo fokking háður, þarf alltaf að vera undir einhverjum áhrifum. […] Átti lærdómsfulla æsku, handjárn, kærur. Inni í klefa læstur. […] Bara finn ekkert öryggi, án þess að finna á mér örlítið.“

Þetta eru textalínur úr laginu Spilavítið sem er persónulegasta lagið á frumraun rapparans Gísla Pálma sem kom út í síðustu viku. Rithöfundurinn Mikael Torfason lýsti plötunni sem „Ísbjarnarblús sinnar kynslóðar“ enda rauk platan út í bílförmum eftir að mikil eftirvænting skapaðist fyrir henni á samfélagsmiðlum eins og Twitter. Gísli Pálmi naut liðsinnis Jóhanns Bjarkasonar og Inga Más Úlfarssonar við lagasmíðar og útfærslu.

Þegar platan er spiluð fær hlustandinn fljótt á tilfinninguna að hér sé eitthvað alveg nýtt á ferðinni og Mikael gæti haft eitthvað til síns máls enda grípur fyrsta lagið, Efnið, hlustandann strax. Lagið Meðnóg er grípandi og sterkt. Einnig 5AM. Þrjú sterkustu lög plötunnar, Draumalandið, Háar hæðir og Spilavítið, koma öll í röð en þau hafa alla burði til að slá í gegn á útvarpsstöðvum landsins í sumar. Textagerð, framsetning og tímasetningar eru allar framúrskarandi. Spilavítið er langpersónulegasta lagið á plötunni. Textinn er á köflum óþægilegur („Kalt í mínum æðum. Útúr sveittar sængur, lyfjakassinn tæmdur, klósett fullt af ælu“) og hlustandinn vill helst senda Gísla Pálma í læknisskoðun. En þessi texti er einlægur og persónulegur og það er oft hreinasta form listsköpunar. Gísli Pálmi opnar sig alveg og stendur berskjaldaður gagnvart umhverfi sínu og áliti annarra. Aðrir rapparar koma við sögu á plötunni og hér er ástæða til að nefna framlag Helga Sæmundar í Háum hæðum. Þótt textinn sé ekki mjög djúpur er frammistaða Helga Sæmundar framúrskarandi og gerir mjög mikið fyrir lagið. Sá sem þetta ritar reyndi að staðsetja Helga Sæmund við hlið erlends listamanns sem hann tengdi við en áttaði sig á því að það væri óþarfi. Hér er á ferðinni íslenskt rapp sem þarf ekki speglun í erlendri fyrirmynd. Þá má hér nefna nefna framlag Tiny í laginu 5AM enda er það rímnaflæði Tinys sem gerir lagið.




Gísli Pálmi er ekki allra og hann er heldur ekki að reyna það. Hann var hér um árið óhræddur við að koma fram ber að ofan með Range Rover-bifreiðar í bakgrunni í tónlistarmyndbandi af því að efnishyggja er leiðarstef í listrænni tjáningu margra rappara vestanhafs. Listamanna sem Gísli Pálmi, sem var lengi búsettur í Los Angeles, samsamar sig. Einhverjum hefur ef til vill þótt einkennilegt að sjá ungan hvítan Íslending apa þetta eftir en Gísla Pálma er alveg sama. Hann er ekki að reyna að þóknast neinum. Og það er hluti af því sem gerir hann að svo áhugaverðum listamanni. Að þessu leyti er hann óhræddur og hreinasta listsköpunin er afrakstur óttaleysis. Sá sem þetta ritar hlustaði margsinnis á plötuna heima og í bílnum og leiddist aldrei enda hefur hún að geyma ótrúlega kröftugar lagasmíðar á köflum og hlýtur að koma til greina sem ein af plötum ársins.

Gísli Pálmi, rétt eins og margir aðrir hæfileikaríkir einstaklingar, er efasemdamaður um eigin hæfileika. („Hvernig get ég elskað ef ég elska ekki sjálfan mig?“) Þetta er oft ríkjandi einkenni framúrskarandi listamanna enda er í efanum innbyggð þrá til að skapa eitthvað frábært og einstakt og um leið ótti um að afrakstur sköpunarinnar sé ekki nógu góður. Gísli Pálmi er óhræddur við að lýsa samtíma sínum og reynslu á raunsæjan hátt. Hann segir söguna án þess að fegra hana. Í raun má segja að ríkt forvarnargildi sé í textunum því það skín svo í gegn að Gísli Pálmi er ekki stoltur af því sem hann hefur lent í.

Til þess að skilja list Gísla Pálma þarf samt að skilja hver hann er. Sá sem þetta ritar upplifir texta Gísla Pálma eins og hann sé meðvitaður um mistök sín og hvers sé ætlast til af honum („Búinn að finna sátt við sjálfan mig og allt sem ég þoldi.“) enda er hér á ferðinni skarpgreindur ungur maður sem lenti á glapstigum snemma á lífsleiðinni. En það er skært ljós við enda ganganna og frumraun Gísla Pálma er besti vitnisburðurinn um það. Ef Gísli Pálmi heldur rétt á spöðunum er þetta bara byrjunin á einhverju miklu stærra.

**Þorbjörn Þórðarson**

www.plusferdir.is

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

# SJÓÐHEITUR SÓLAR sprettur í sólarhring!

Vertu í viðbragðsstöðu því sólarsprettur Plúsferða
**hefst á mánudaginn kl. 12:00!**
Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri því þú hefur aðeins 24 klst. til að bóka sólarlandaferðina þína á einstöku verði!

## Tenerife



### Palm Beach ★★★
Playa de las Americas

27. maí – 3. júní – 7 nætur
FRÁ **78.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í stúdíóíbúð. Verð frá 91.690 kr. m.v. tvo fullorðna.

12.–19. ágúst – 7 nætur
FRÁ **83.400 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í stúdíóíbúð. Verð frá 100.900 kr. m.v. tvo fullorðna.



### The Suites at Beverly Hills ★★★
Los Cristianos

27. maí – 3. júní – 7 nætur
FRÁ **74.000 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í stúdíóíbúð. Verð frá 82.000 kr. m.v. tvo fullorðna.

12.–19. ágúst – 7 nætur
FRÁ **78.800 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í stúdíóíbúð. Verð frá 91.500 kr. m.v. tvo fullorðna.



### Hotel Marte ★★★
Puerto de la Cruz

27. maí – 3. júní – 7 nætur
FRÁ **78.500 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna í herbergi með morgunverði.

12.–19. ágúst – 7 nætur
FRÁ **79.700 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna í herbergi með morgunverði.

Takmarkað magn!

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

FERÐASKRIFSTOFA FERÐA MÁLA STOFA LEYFISHAFI

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og fararstjórn.
Verð miðast við að bókað sé á netinu.
Birt með fyrirvara um prentvillur.

**SÓLÓPLÖTUR BJARKAR** BJÖRK HEFUR AUK SÓLÓPLATNA SINNA GEFIÐ ÚT PLÖTUR MEÐ KUKLI OG SYKURMOLUNUM











1980 1985 1990 1995 2000 2005 2010 2015

**BJÖRK**
1977
Plötuna gaf Björk út ellefu ára gömul.

**DEBUT**
1993
NME: 9/10

**POST**
1995
Rolling Stone 4/5

**HOMOGENIC**
1997
Rolling Stone 4/5

**VESPERTINE**
2001
Pitchfork 7,2

**MEDÚLLA**
2004
Pitchfork 8,4

**VOLTA**
2007
Pitchfork 5,8

**BIOPHILIA**
2011
Pitchfork 6,2

**VULNICURA**
2015
Pitchfork 8,6

# Öll mín lög eru persónuleg fyrir mig

Björk Guðmundsdóttur þarf ekki að kynna fyrir neinum Íslendingi. Í janúar gaf hún út plötuna Vulnicura sem hefur fengið góðar viðtökur. Björk segir öll sín lög persónuleg, hún spilar á Airwaves í ár og segir tónleika á Íslandi vera langmikilvægasta.

**Gyða Lóa Ólafsdóttir**
gydaloa@frettabladid.is



ÁHRIFAMIKIL Líkt og vaninn er hjá Björk er mikið lagt í alla umgjörð í kringum plötuna.

**Alltaf langmikilvægustu tónleikarnir fyrir mig, þess vegna geri ég þá oftast seinna á túrnum svo allt sé orðið slípað.**

Platan Vulnicura með Björk Guðmundsdóttur kom út þann 20. janúar síðastliðinn. Vulnicura er áttunda sólóplata Bjarkar sem gefin er út af One Little Indian.

**Talaði ekki opinskátt**

Plötunni lýsti Björk á heimasíðu sinni Bjork.com sem ástarsorgarplötu og sagði að það kæmi sér á óvart hversu nákvæm skráning hún væri á ferlinu. Þrjú lög fyrir sambandsslit og þrjú eftir en sambandið sem um ræðir var langtíma ástarsamband Bjarkar við listamanninn Matthew Barney. En mætti þá segja að Vulnicura væri ein af hennar persónulegustu plötum til þessa? „Já, ef til vill, en mér finnst lög eins og til dæmis Dark Matter með engum texta af Biophilia mjög persónulegt. Það var samið um dauða ömmu minnar sem var mér mjög kær. Hún var frekar svona introvert þannig að það á vel við,“ segir Björk og bætir við að öll hennar lög séu frekar persónuleg fyrir sig.

Í kjölfar útgáfu Vulnicura fór Björk í röð viðtala á miðlum eins og til dæmis Pitchfork. Þar talaði hún um ferlið á bak við sköpun plötunnar en passaði sig jafnframt á að minnast ekki á persónulega hluti sem lutu að skilnaðnum. „En ég talaði því meira um heilun mína og einbeitti mér bara að ferlinu mínu,“ segir hún.

**Það er alltaf ferli**

„Mér finnst við allar plötur sem ég hef gert að ég hafi farið í gegnum ferli. Til dæmis Homogenic, þá var ég á Spáni að reyna að defínera hvað er íslensk tónlist en á sama tíma glóbal,“ segir hún en platan Homogenic kom út árið 1997 og fékk prýðisgóðar viðtökur. Rolling Stone gaf henni meðal annars fjórar stjörnur af fimm.

Síðasta plata Bjarkar á undan Vulnicura, Biophilia, kom út árið 2011 og segir Björk umfjöllunarefni hennar persónulegt. „Biophilia var kannski um hvar við stöndum í alheiminum og í samhenginu tækni og náttúra, sem mér finnst mjög persónulegt.“

Björk segir texta sína oft og tíðum fjalla á einhvern máta um ástina, enda hefur sú tilfinning verið mörgum listamönnum yrkisefni í gegnum tíðina. „Textarnir mínir eru nú svona oftast um ást,“ segir hún og bætir við: „Hvort sem það er verið að tala um kristalla eða sjálfstæðisbaráttu.“

**Vill að allt sé orðið slípað**

Björk hefur í mars og apríl haldið sex tónleika í New York. Tónleikahald heldur áfram í sumar og kemur hún tvisvar sinnum fram á Iceland Airwaves-hátíðinni. Aðdáendur Vulnicura og Bjarkar mega eiga von á að platan verði flutt í heild. „Mig langar rosalega að spila hana með sömu hljóðfæraleikurunum og eru á plötunni, Unu Sveinbjarnar og félögum, svo við munum líklegast spila plötuna frá A til Ö.“

Björk segir tónleikana á Íslandi sér mikilvæga. „Alltaf langmikilvægustu tónleikarnir fyrir mig, þess vegna geri ég þá oftast seinna á túrnum svo allt sé orðið slípað,“ segir hún og biður að lokum fyrir kveðju heim til Íslands.

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL
FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

Nettir sófar og stólar með hallandi baki, sem mega standa nánast upp við vegg.



ERMES hægindasófi
Alklæddur leðri eða í slitsterku tauáklæði. sófinn er fáanlegur í fjöldamörgum útfærslum svo sem tveggja, þriggja eða fjögura sæta. Öll sæti fáanleg með rafstýrðum skemlum.



DIVA tungusófi
Nettur og þægilegur tungusófi. Hann er einnig fáanlegur sem hvíldarstóll, tveggja eða þriggja sæta og öll sæti stillanleg.



Ezzy og MOBIUS hvíldarstólar
Góðir hvíldarstólar með háu baki og stillanlegum hnakkapúða fyrir auka stuðning. Margir litir í boði.



ISABELLA hægindasófi
Sófinn er í senn glæsilegur og þægilegur. Hann er með hand eða rafstýrðum hvíldarstólum í öllum sætum.

Komdu í heimsókn
– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD

# GLEÐILEGAR SÖGUR!




**Seiðfólkið 2: Flóttinn**
Vildarverð kr. 2.959
Verð áður kr. 3.699




**Útsmoginn Einar Áskell**
Vildarverð kr. 2.799
Verð áður kr. 3.111




**Í leik og litum með Kobba kanínu**
Vildarverð kr. 899
Verð áður kr. 999




**Rottuborgari**
Vildarverð kr. 3.699
Verð áður kr. 4.148




**Risasyrpa - Sjóræningjar**
Vildarverð kr. 2.599
Verð áður kr. 2.899




**501 Feluhlutur**
Vildarverð kr. 1.999
Verð áður kr. 2.399

# MIKIÐ ÚRVAL AF SUMARVÖRUM!



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er frá 25. apríl, til og með 27. apríl. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Ísland og hörmungar heimsins

BAKPANKAR
Hildar Sverrisdóttur



Í vikunni varð mér hugsað til senu úr sjónvarpsþáttunum West Wing þar sem forsetinn og starfslið hans stóðu frammi fyrir því að fundist höfðu í gámi flóttamenn frá Kína. Flóttamennirnir sögðust þurfa pólitískt hæli þar sem þeir væru kristnir og væru því ofsóttir í heimalandinu. Í umræðum forsetans og aðstoðarmanna hans voru uppi vangaveltur um hvort flóttafólkið segði satt. Þau urðu sammála um að þar sem það hefði kosið að kúldrast í þröngum gámi í margar vikur til að sækja sér frelsi, lægi beinast við að trúa því frekar en að halda að það hefði gert það að gamni sínu.

**ÞAÐ** er rétt. Maður getur enda rétt ímyndað sér þær aðstæður í raunheimum á okkar dögum sem hrekja fólk undir þil manndrápsdalla til að flýja yfir Miðjarðarhafið í leit að betra lífi, oft með skelfilegum afleiðingum. Það gerir enginn að gamni sínu.

**EINS** og endranær fylgist Ísland með úr fjarska. Lega landsins heldur okkur oftar en ekki í fjarlægð frá eymd heimsins og veldur því kannski að við sýnum henni ekki næga athygli. Stundum hefur lega landsins beinlínis verið hjálpleg; Ísland var til að mynda eitt fárra ríkja sem segja má að hafi grætt á seinni heimsstyrjöldinni. Stríðsárin voru uppgangstími. Það er ekki hægt að áfellast Ísland fyrir það, ekki bar það ábyrgð á þessu stríði og að hafa grætt á hentugri legu landsins. Við gátum svo sem ekki blandað okkur í þetta stríð; of langt í burtu, of fá, of fátæk, of vanmáttug.

**STUNDUM** hvarflar samt að manni að þessi reynsla okkar hafi haft þau áhrif á þjóðarsálina að finnast hörmungar umheimsins í raun ekki koma okkur við. Er í boði að við fylgjumst enn einungis með úr fjarska? Að hörmungar Miðjarðarhafsins komi okkur jafn lítið við og hörmungar seinni heimsstyrjaldar? Miðjarðarhafið er svo sem langt í burtu. En er það enn svo að séum of fá? Of fátæk? Of vanmáttug? Nei. Það erum við ekki. Það væri bragur að því að við hættum að láta sem svo sé.









# Reese Witherspoon í stjórnmálin

## Legally Blonde-leikkonan sagði á dögunum að hún útilokaði ekki stjórnmálaferil.

Leikkonan Reese Witherspoon sagði í viðtali á dögunum að hún útilokaði ekki feril í stjórnmálum.

Witherspoon sagði að hún vildi berjast fyrir jafnrétti kynjanna og til þess að sjá breytingar verða að veruleika þyrfti að láta þær gerast.

Leikkonan hefur leikið í fjölmörgum bíómyndum á síðustu árum en flestir muna sjálfsagt fyrst eftir henni í hlutverki Elle Woods í Legally Blonde. Hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta leikkonan í febrúar síðastliðnum fyrir hlutverk sitt í myndinni Wild en laut í lægra haldi fyrir Julianne Moore. Witherspoon hlaut þó Óskarsverðlaun sem besta leikkonan fyrir hlutverk sitt í myndinni Walk the Line árið 2006 þar sem hún fór með hlutverk June Carter.

Nýjasta mynd Witherspoon er Hot Pursuit þar sem hún leikur á móti Sofiu Vergara.



**WITHERSPOON** Reese Witherspoon hefur verið starfandi leikkona síðan árið 1991.
NORDICPHOTOS/GETTY





LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| AVENGERS 2 3D | 2, 5, 7, 8, 10(P), 11 | 12 |
| MALL COP 2 | 4, 6, 8 | L |
| ÁSTRÍKUR 2D | 2, 4 - ÍSL TAL | L |
| FAST & FURIOUS 7 | 10 | 12 |
| LOKSINS HEIM 2D | 1:50 - ÍSL TAL | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| AVENGERS 2 3D | KL. 1 - 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | |
| AVENGERS 2 VIP 2D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | |
| CHILD 44 | KL. 5 - 8 - 11 | |
| RUN ALL NIGHT | KL. 8 - 10:30 | |
| TÖFRARÍKIÐ ÍSLTAL | KL. 2 - 4 - 6 | L |
| FAST AND FURIOUS 7 | KL. 10:20 | |
| GET HARD | KL. 8 | |
| INSURGENT | KL. 5:30 | |
| CINDERELLA | KL. 3 | L |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| CAVALLERIA RUSTICANA/PAGLIACCI ÓPERA | KL. 4:30 (LAU) | L |
| AVENGERS 2 2D | KL. (2 - 4 - 5 - 7 - 8:20 - 10 - 11:20 (LAU)) | |
| AVENGERS 2 2D | KL. (2 - 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 11 (SUN)) | |
| CHILD 44 | KL. (8 - 10:55 (LAU)) (6 - 9 (SUN)) | |
| BLÓÐBERG | KL. 3:40 (SUN) | L |
| CINDERELLA | KL. 1 (SUN) | L |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. (2 (LAU)) (1 (SUN)) | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| AVENGERS 2 3D | KL. 1 - 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | |
| CHILD 44 | KL. 5:10 - 8 - 10:30 | |
| RUN ALL NIGHT | KL. 8 - 10:50 | |
| GET HARD | KL. 5:40 | |
| CINDERELLA | KL. 2:30 | L |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:30 (SUN) | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 8 - 11 | |
| PAUL BLART: MALL COP 2 | KL. 8 | L |
| ÁSTRÍKUR Á GOÐABAKKA ÍSLTAL | KL. 2 - 4 | L |
| FAST AND FURIOUS 7 | KL. 10:10 | |
| LOKSINS HEIM ÍSLTAL | KL. 3D: 1 - 3 2D: 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| AVENGERS 2 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | |
| AVENGERS 2 2D | KL. 2 - 10 | |
| CHILD 44 | KL. 7 | |
| TÖFRARÍKIÐ ÍSLTAL | KL. 5 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT













BÍÓ ★ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Antboy: rauða refsinornin ... 16.00
Stuttmyndir 3-7 ÁRA ... 16.00
What we do in the shadows 16.00
Wild tales ... 17.30
Citizenfour ... 18.00
Bolshoi ballettinn, Rómeó og Júlía ... 20.00
Blind ... 20.00
Black coal, thin ice ... 22.30
PÓLSKIR DAGAR:
The citizen ... 17.00
Warsaw 44 ... 19.00
Gods ... 21.30



# BAMM!

## Jack Reacher fór rakleitt í fyrsta sæti kiljulistans




„Þegar kemur að hetjum eru margir kallaðir en í hópi hetja spennusagna er aðeins einn útvalinn – Jack Reacher."

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

# SUMAR HÁTÍÐ

GLEÐILEGT SUMAR

## Öll reiðhjól

# 20% afsláttur

aðeins um helgina

## MIKIÐ ÚRVAL!

AUTHOR

VINSÆLU AUTHOR REIÐHJÓLIN ERU KOMIN - MIKIÐ ÚRVAL
EVRÓPSK GÆÐA REIÐHJÓL Á FRÁBÆRU VERÐI



Nilfisk



**20% afsláttur**
AF ÖLLUM HÁPRÝSTIDÆLUM

**18.396 kr**
FULLT VERÐ: 22.995

**Háþrýstidæla Nilfisk**
C110.4-5 PC X-TRA, 110 bör, 440L/klst. 6 m slanga, pallabursti og sápubrúsi
5254231



KJARA KLÚBBUR
**29.900 kr**
FULLT VERÐ: 39.900

**Gasgrill Solo Outback**
Grillsvæði 628x406 mm, 9,67 kW
Þrír ryðfríir brennarar
3000393
OUTBACK



KJARA KLÚBBUR
**52.990 kr**
FULLT VERÐ: 65.900

Broil King
**ROYAL 320**
3 ryðfríir brennarar: Dual Tube 8,8 kW/h
Grillgrind úr pottjárni.
3000604



**19.900 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Gasgrill Outback**
Omega 100, 2 brennarar
3000226
OUTBACK

IKRA mogatec



**6.495 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Hekkklippur Ikra HTMN 520**
520W, 50 cm blað, klippir allt að 16 mm, 3.3 kg
5083756



**4.995 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Hekkklippur GREEN-IT**
Lengjanlegt skaft 67-90 cm
5084774



**1.945 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Greinaklippur GREEN-IT**
5084771



**2.995 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Hekk- og greinaklippur GREEN-IT**
54 cm og 20 cm langar
5084773



**4.345 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Hjólbörur 80 ltr.**
5080086



**1.295 kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Laufhrífa GREEN-IT**
5084343

# SIRKUS ÍSLANDS VERÐUR Í SKÚTUVOGI

## KL. 13-15 Í DAG OG SKEMMTIR BÖRNUNUM



Vaffla og kaffi 475kr



Ís 160kr

KAFFI GARÐUR Skútuvogi á laugardag



Blöðrulistamenn gefa krökkunum blöðrur



Fjöllistamenn frá Sirkus Íslands skemmta í dag.

## Sumartilboð

**Túlípanar 10 stk.**

**999kr**

meðan birgðir endast



MIKIÐ ÚRVAL AF KRYDDPLÖNTUM MATLAUKUM OG FRÆJUM

Yfir 600 tegundir af matjurta- og blómafræjum



SÝPRIS STÓR OG FLOTTUR

KJARA KLÚBBUR %

**1.590 kr**

FULLT VERÐ: 2.490




**30% afsláttur**

AF VORLAUKUM

**1.399 kr**

ÚTSÆÐI 5 KG

blómaval

HÚSASMIÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

## Spá Fréttablaðsins

**PEPSI DEILDIN 2015**
Hefst 3. maí

1. SÆTI ?
2. SÆTI ?
3. SÆTI ?
4. SÆTI ?
5. SÆTI ?
6. SÆTI ?
7. Víkingur
8. Keflavík
9. Fjölnir
10. ÍA
11. ÍBV
12. Leiknir

## VÍKINGUR HAFNAR Í 7. SÆTI

Víkingi er spáð sjöunda sæti en það er þremur sætum lægra en liðið endaði síðustu leiktíð. Víkingar komu liða mest á óvart í fyrra og nældu sér í Evrópusæti í fyrsta sinn í 23 ár. Ólafur Þórðarson þjálfar Víking þriðja árið í röð, en nú hefur Serbinn Milos Milojevic fengið stöðuhækkun og er orðinn samþjálfari Ólafs. Samstarf þeirra hefur skilað Víkingum miklu síðustu ár.

### ➜ Lykilmaðurinn í sumar

Miðjumaðurinn **Igor Taskovic** tók Pepsi-deildina síðasta sumar með trukki og dýfu og var einn besti leikmaður deildarinnar.

Hann er algjör lykilmaður í Víkingsliðinu; fyrirliði þess og leiðtogi.

Taskovic les leikinn ótrúlega vel, brýtur niður sóknir andstæðinganna og ber upp boltann fyrir liðið. Igor er mikilvægasti leikmaður Víkingsliðsins.




### ➜ Binni bjartsýni

Það missa öll góð íslensk lið sína bestu menn. Það er ekkert nýtt. Þótt margir leikmenn séu komnir var hópurinn klár þokkalega snemma og hefur liðið getað spilað á sínu sterkasta lengi.

### ➜ Siggi svartsýni

Þetta er ekki sama liðið og náði í Evrópusæti í fyrra. Lið sem fá tólf leikmenn og missa tíu gera ekkert af viti eins og hefur sannast. Of mikil uppbygging í gangi.

### ➜ Nýju andlitin

